

**SKOÐUN** Ómar Ragnarsson skrifar um „túrbínutrix“ í Helguvík og á fleiri stöðum. 24



**MENNING** Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack vinnur að nýrri bók um hár fyrir Norðurlönd. 54



**SPORT** Vítanýtingin í Pepsi-deild karla það sem af er sumri hefur verið skelfileg. 48







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
23. maí 2013
119. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR




### Allt í háaloft í 101

Eigendur Loft Hostel telja sig eiga einkarétt á nafninu Loft. Þeir eru ósáttir við að Loftið og Harbour Loft noti einnig nafnið. 2

**Varað við hvíta litnum** Hundaræktendur eru varaðir við því að heyrnarleysi, blinda og önnur vandamál geti fylgt ríkjandi hvítum lit í hundum. 4

**Rétta yfir skipstjóranum** Skipstjóri Costa Concordia verður sóttur til saka fyrir manndráp. 8

**Kvarta yfir litlum bílaleigum** Neytendur kvarta yfir rukkunum bílaleiga eftir að heim er komið. 18




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | ASA | 5 |
| Akureyri | 10° | SA | 3 |
| Egilsstaðir | 8° | SSA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | S | 4 |
| Reykjavík | 7° | SA | 8 |

**Rigning** vestan- og sunnanlands en bjart austan til fram eftir degi. Heldur vaxandi vindur þegar líður á daginn. Hiti 4 til 11 stig. 4

### 2 SÉRBLÖÐ

Heilsa | Fólk






**NÝ SÓKN** „Nú hefst ný sókn í þágu lands og þjóðar,“ segir í upphafi stefnuyfirlýsingar nýrrar ríkisstjórnar. Þar segir að leiðarljós stjórnarinnar sé bættur hagur heimilanna og efling atvinnulífsins. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson kynntu stefnuskrá nýrrar ríkisstjórnar á Laugarvatni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allir nýliðar á ráðherrastóli

Enginn ráðherra í nýrri ríkisstjórn hefur áður setið á ráðherrastóli. Farið verður í lækkun tryggingargjalds á fyrirtæki á sumarþinginu. Nefndir verða skipaðar um skuldamál heimilanna og afnám verðtryggingar.

**STJÓRNMÁL** Enginn ráðherranna í ríkisstjórninni sem tekur formlega við völdum í dag hefur áður setið á ráðherrastóli. Það hefur ekki gerst síðan árið 1934.

Þingflokkar stjórnarflokkanna samþykktu tillögur formannanna um ráðherralista. Auk ráðherranna var samþykkt að Einar K. Guðfinnsson yrði forseti Alþingis.

Fljótlega verður boðað til sumarþings, líklega í byrjun júní. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ætlunin að samþykkja lækkun tryggingargjalds á fyrirtæki á sumarþinginu. Þá verður strax í sumar farið í að undirbúa aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna.

Þrjár konur og sex karlar eiga sæti í ríkisstjórninni. Hanna Birna Kristjánsdóttir, verðandi innanríkisráðherra, segir að alltaf af eigi að reyna að ná sem mestum árangri í að tryggja jafnrétti.

„Verkefnið er alltaf að auka hlut kvenna og jafna hlut kvenna og karla í stjórnmálum.“

- kóp, sv, þþ, þj, mlþ, shá / sjá síður 10, 12, 14

### Skipting ráðherra eftir flokkum

**FRAMSÓKNARFLOKKUR**

- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra
- Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra
- Eygló Harðardóttir, félagsmála- og húsnæðisráðherra
- Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra

**SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR**

- Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
- Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra
- Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra
- Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra
- Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Líðan stúlkunnar sem var numin á brott í Vesturbænum eftir atvikum:

# Framganga stúlkunnar hetjuleg

**LÖGREGLUMÁL** Framburður stúlkunnar sem var numin á brott með valdi í Vesturbæ Reykjavíkur í síðustu viku var afar skýr og greinargóður og hjálpaði mikið til við að skýra atburðarásina. Þetta segir Björgvin Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Réttargæslumaður stúlkunnar segir að framganga hennar sé einstök. Hún segir líðan stúlkunnar eftir atvikum en hún fái alla þá hjálp sem sé í boði.

Tekin var skýrsla af stúlkunni í Barnahúsi síðastliðinn föstudag. Dómari var viðstaddur skýrslutökuna í Barnahúsi og mun stúlkan ekki þurfa að mæta frekar í skýrslutöku vegna málsins.

Lögreglan rannsakar nú hvort maðurinn sem er í haldi tengist öðrum málum þar sem reynt var að lokka börn upp í bíl. Björgvin segir ekkert liggja fyrir um hvort sú sé raunin. Hann segir að tenging málanna sé byggð á lýsingu á bíl og geranda.

- hó, shá / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



Helgi, ertu þá orðinn lögsögumaður Íslendinga?

**„Það veit ég ekki, en ég get allavega „gædað“ menn um vegi réttvísinnar.“**

Helgi Jóhannesson er nú bæði leiðsögumaður og lögmaður á Lex eftir að hafa lokið námi við Leiðsöguskólann.

Sigurjón Þ. Árnason fullyrðir að stefna slitastjórnar Landsbankans hafi verið birt óviðkomandi manni:

# Stefndi kannast ekkert við þennan Gunnar

**DÓMSMÁL** „[S]tefna máls þessa er sögð hafa verið birt á heimili stefnda klukkan 21.18 að kvöldi föstudagsins 5. október 2012 fyrir einhverjum Gunnari Birkissyni, sem er sagður hafa verið staddur þar. Stefndi kannast ekkert við þennan Gunnar Birkisson.“

Svo segir í greinargerð Sigurjóns Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, í máli slitastjórnar bankans gegn honum og tveimur öðrum fyrrverandi starfsmönnum, Steinþóri Gunnarssyni og Yngva Erni Kristinssyni.

Í málinu, sem Fréttablaðið sagði frá í gær, er þremenningunum stefnt til að greiða þrotabúi Landsbankans 1,2 milljarða vegna kaupa bankans á bréfum í bankanum sjálfum, Eimskipum og Straumi frá nóvember 2007 og fram í júlí 2008.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Sigurjóns, byggir meðal annars á því í greinargerð sinni vegna málsins að krafan sé í



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON

raun fyrnd, enda hafi stefnan ekki verið birt Sigurjóni með lögmætum hætti síðasta haust.

Fram kemur á birtingarvottorði stefnunnar að áðurnefndur Gunnar Birkisson hafi tekið við stefnunni á heimili Sigurjóns að Granaskjóli.

Sigurjón kveðst sem áður segir ekki kannast við manninn, sem hafi aukinheldur ekki haft samband við hann til að koma á hann stefnunni.

Þá segir í greinargerðinni að Sigurjón hafi verið erlendis ásamt fjölskyldu sinni þegar stefnan eigi að hafa verið birt, húsið mannlaust og að af upptökum úr öryggismyndavélum að dæma hafi enginn komið að húsinu þennan dag.

- sh



**NÝTT ANDLIT** Maðurinn hefur ekki verið nafngreindur en spítalinn sendi fjölmiðlum þessa mynd í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pólverji fékk nýtt andlit og bein þremur vikum eftir slys:

# Aldrei sneggri við andlitságræðslu

**PÓLLAND, AP 33 ára gamall Pólverji fékk grætt á sig nýtt andlit aðeins þremur vikum eftir að hann lenti í alvarlegu vinnuslysi sem eyðilagði andlit hans. Aldrei mun hafa liðið svo skammur tími milli slyss og ágræðslu á andliti.**

**Venjulega tekur mánuði eða ár að undirbúa svo umfangsmiklar aðgerðir eins og andlitságræðslu. Læknar sögðu hins vegar að ástandi mannsins hefði hrakað svo hratt að ágræðsla hafi verið eina batavonin. Hann gat hvorki andað né nærst sjálfur vegna skemmda á munni og beinum.**

**Aðgerðin var gerð 15. maí og tók 27 klukkustundir. „Við gerum ráð fyrir því að aðgerðin geri sjúklingnum kleift að eiga eðlilegt líf á ný,“ sagði skurðlæknirinn Adam Maciejewski um batahorfurnar. Þó er enn mikil hætta á að hann fái sýkingar, og er hann því í einangrun.** - þeb

Maðurinn sem fannst látinn:

# Féll útbyrðis af Múlabergi SI-22

**LÖGREGLUMÁL** Kennslanefnd ríkislögreglustjóra lauk í gær störfum sínum við rannsókn mannabeina sem fundust við Kaldbaksvík á Ströndum.

Maðurinn hét Gunnar Gunnarsson og var fæddur árið 1962. Gunnar féll útbyrðis af Múlabergi SI-22, djúpt út af Húnaflóa þann 12. desember 2012.

Ættingjum Gunnars var tilkynnt um niðurstöðu rannsóknarinnar í gær. - mlþ

Ný tekjulind fyrir Köben:

# Borgarstarfsmenn selji hass

**DANMÖRK** Frank Jensen, yfirborgarstjóri Kaupmannahafnar, vill að borgin fái heimild til að selja hass. Hann telur að með þessu megi auka tekjur borgarinnar um mörg hundruð milljónir á hverju ári. Þetta kemur fram á vef dagblaðsins Jyllands Posten.

Peningana vill Jensen meðal annars nota til að efla forvarnarstarf gegn fíkniefnum. Minnihlutinn í borgarstjórn gagnrýnir tillöguna og telur að með því að lögleiða hass aukist fíkniefnavandinn. - hks




# Deila um Loft í 101

Eigendur Loft Hostel í Bankastræti segjast eiga einkarétt á nafninu Loft. Þeir eru ósáttir við að Loftið og menningarstofan Loft Harbour noti einnig nafnið. Þeir fara fram á breytingu hjá hinum stöðunum. „Fásinna“ segir lögfræðingur Loftsins.

**REYKJAVÍK** „Það liggur fyrir að við erum með einkaleyfi á vörumerkinu Loft og það stendur. Við erum ekki búin að ákveða hversu hart við göngum fram til að sækja rétt okkar en við viljum eðli málsins samkvæmt halda nafninu fyrir okkur,“ segir Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Farfugla í Reykjavík sem eiga Loft Hostel í Bankastræti.

Farfuglaheimilið opnaði fyrir skömmu og hefur að sögn Sigríðar einkarétt á nafninu „Loft“ innan veitingageirans. Í miðborg Reykjavíkur eru tveir aðrir staðir með „Loft“ í nafni sínu, það eru barinn Loftið við Austurstræti og menningarstofan Harbour Loft í Hafnarstræti, sem er í eigu Valgeirs Guðjónssonar tónlistarmanns og eiginkonu hans, Ástu Kristrúnar Ragnarsdóttur.

Þau vildu ekki tjá sig um málið að öðru leyti en að þeim þætti krafa farfuglaheimilisins fáránleg og ekki stæði til að breyta nafni staðarins.

Steinbergur Finnsson er lögmaður eigenda Loftsins. Hann segir einnig að krafan sé furðuleg og tæplega svaraverð. Loftið hyggist ekki skipta um nafn. „Það eru engin rök sem gætu réttlætt þessar hugmyndir þeirra. Þetta er væntanlega gert á grundvelli ruglingshættu en Loft og Loftið eru ekki einu sinni sama orðið. Hvað eru þau hrædd við, að fólk sem ætli að gista hjá þeim komi óvart og fái sér kokkteil hjá Loftinu í staðinn? Ég skil eiginlega ekkert í þessu,“ segir Steinbergur.

Einkaleyfi eru gerð til að vernda tæknilega útfærslu á hugmyndum, búnaði og afurðum en einnig aðferðum eða notkun þeirra. Með einkaleyfi frá Einkaleyfastofu er hægt að vernda uppfinningar í allt að 20 ár. Einkaleyfaréttur gefur eiganda rétt til þess að banna öðrum að framleiða, flytja inn og selja uppfinningu sem vernduð er með einkaleyfi.




**FARFUGLAHEIMILI** Loft Hostel var opnað fyrir skömmu og á rétt á nafninu Loft.




**HARBOUR LOFT** Menningarstofa í eigu hjónanna Valgeirs Guðjónssonar og Ástu Kristrúnar Ragnarsdóttur.

Sigríður segir það ekki ósanngjarna kröfu að Loftið og Harbour Loft breyti nafni sínu.

„Miðbærinn er lítill og við megum ekki rugla kúnnann. Það er ekki að ástæðulausu að við sóttum um þetta á sínum tíma og við höfum gert hlutaðeigandi grein fyrir málum. Því hefur ekki verið svarað svo nú könnum við stöðu okkar gagnvart þeim,“ segir Sigríður. maria@frettabladid.is




**LOFTIÐ** Barinn er í Austurstræti. Lögfræðingur Loftsins segir að ekki standi til að skipta um nafn.

Forsvarsmenn lífeyrissjóðanna telja ólíklegt að höftin verði losuð næstu ár:

# Svartsýnir á brátt afnám hafta

**EFNAHAGSMÁL** Forsvarsmenn stærstu lífeyrissjóða landsins eru svartsýnir á að það takist að afnema gjaldeyrishöftin á næstu árum. Einungis um tólf prósent forsvarsmanna lífeyrissjóða telja að þeir fái á ný heimild til erlendra fjárfestinga á næstu fimm árum.

Um þetta var fjallað í Markaðspunktum greiningardeildar Arion banka í gær. Sagði greiningardeildin þar frá niðurstöðum könnunar sem framkvæmd var meðal forsvarsmanna lífeyrissjóðanna í nóvember í tengslum við meistaraverkefni Elvars Inga Möller, starfsmanns greiningardeildarinnar, frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.



Leiddi könnunin í ljós að forsvarsmenn stærstu lífeyrissjóða landsins, sem samanlagt ráða yfir um 85% af hreinni eign sjóðanna, telja mjög ólíklegt að þeir fái að nýju heimild til erlendra fjárfestinga. Þóttu um 4% líkur á því að heimildin fengist á næstu þremur árum, um 12% líkur á því að heimildin fengist á næstu fimm árum og tæplega 45% líkur á því að heimildin fengist á næstu tíu árum.

Mikilvægt er fyrir lífeyrissjóði að geta fjárfest erlendis út frá áhættudreifingarsjónarmiðum en hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóðanna hefur lækkað jafnt og þétt eftir að gjaldeyrishöftin voru sett á. - mþl

„Starfsfólk bankans reyndist mér vel, það gaf sér tíma.“

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Markmið Landsbankans er að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustu. Bankaviðskipti eiga að vera ánægjuleg og byggjast á trausti og skilningi. Við erum stolt af því að vera með ánægðustu viðskiptavini meðal fjármálafyrirtækja.

**Kynntu þér þjónustu Landsbankans. Við tökum vel á móti þér.**



**GENGIÐ**
22.05.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,56 | 123,14 |
| Sterlingspund | 185,05 | 185,95 |
| Evra | 158,43 | 159,31 |
| Dönsk króna | 21,254 | 21,378 |
| Norsk króna | 21,174 | 21,298 |
| Sænsk króna | 18,519 | 18,627 |
| Japanskt jen | 1,1901 | 1,1971 |
| SDR | 182,78 | 183,86 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
216,3581

ESA telur bann við gengistryggðum krónulánum ekki standast EES-samning:

# Óheimilt að banna gengislán

**NEYTENDAMÁL** Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) telur að íslenskum stjórnvöldum hafi verið óheimilt að banna með öllu veitingu gengistryggðra lána í íslenskum krónum.

Telur ESA slíkt bann brjóta í bága við EES-samninginn og kallar eftir því að stjórnvöld bregðist við áliti sínu ella fari stofnunin með málið fyrir EFTA-dómstólinn. Í tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu kemur hins vegar fram að stjórnvöld telji ekki tímabært að rýmka heimildir til töku gengistryggðra lána. Fyrst þurfi að endurskoða reglur um fjármálastöðugleika.

Fram kemur í áliti ESA að lánasamningar með gengistryggingarákvæði kunni að hafa í för með sér áhættu fyrir neytendur. Þeir fái að öllu jöfnu allar sínar tekjur í íslenskum krónum og geti þar með ekki brugðist við gengissveiflum. Þar að auki hafi neytendur oft ekki nægilega þekkingu til að meta áhættuna við slíka samninga. Þrátt fyrir það telur ESA að algjört bann við veitingu gengistryggðra lána sé of harkaleg aðgerð og að hægt sé að ná fram sömu markmiðum um neytendavernd með vægari úrræðum.

Þá telur ESA að fyrirtæki hafi nauðsynlega burði til þess að meta áhættuna við gengistryggð lán og því sé vandséð af hverju banna eigi veitingu gengislána til lögaðila. **- mþl**



**KRÓNUR OG EVRUR** Gengistryggð lán eru veitt í krónum en höfuðstóll breytist þegar gengi krónu gagnvart öðrum myntum, sem samið er um, sveiflast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**WOW AIR** Wow Air var fyrri hluta maí stundvísasta flugfélagið sem sinnir millilandaflugi til og frá Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Útreikningar Túrista.is:

## Flugfélögin stundvís í maí

**SAMGÖNGUR Litlar raskanir urðu á millilandaflugi til og frá Keflavíkurflugvelli fyrri hluta þessa mánaðar. Þetta leiddi athugun Túrista.is í ljósi en meðal annars voru allar vélar Wow Air á réttum tíma.**

**Hjá Icelandair voru 89% 574 flugferða á tímabilinu á réttum tíma. Hjá Wow Air var hlutfallið 98% og hjá Easy Jet 97%. Meðalseinkun var tvær mínútur hjá Icelandair, 0,1 mínúta hjá Wow Air og 0,5 mínútur hjá Easy Jet.**

**Túristi.is reiknar daglega út muninn á áætluðum komu- og brottfarartímum og staðfestum tímum. Það sem seinkun um korter telst innan skekkjumarka í fluggeiranum eru 15 mínútur dregnar frá öllum seinkunum.** **- mþl**

**MENNTAMÁL**

### Doktorsnemar styrktir

Doktorsnemum og vísindamönnum við Háskóla Íslands voru veittir styrkir fyrir samtals 304 milljónir króna í hátíðarsal skólans í gær. Fimm doktorsnemar hlutu styrk úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og þá fengu 26, þar af sautján doktorsnemar, styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Danir gegn reiðhjólaþjófum:

## Gagnagrunnur um stolin hjól

**DANMÖRK** Danir íhuga nú að koma upp opnum gagnagrunni yfir stolin reiðhjól til að sporna við hjólastuldi, sem er landlægur þar.

Um 68.000 hjólastuldir voru tilkynntir til lögreglu í Danmörku í fyrra, en í heildina er talið að um kvartmilljón hjólum sé stolið þar árlega.

Að sögn fjölmiðla er meirihlutastuðningur á þingi við að koma upp slíkum gagnagrunni, enda þykir fullreynt að lögregla geti upplýst þjófnaðina.

Dómsmálaráðherra Danmerkur segist bíða skýrslu frá lögreglunni varðandi það hvort opinberun gagna frá lögreglu um reiðhjólaþjófnaði standist lög. **- þj**

Eimskip og Kiwanis gjafmild:

## Nemendur í 1. bekk fá hjálma

**SAMFÉLAGSMÁL** Kiwanishreyfingin og Eimskip hyggjast gefa öllum grunnskólabörnum sem ljúka 1. bekk í vor reiðhjólahjálm. Félögin hafa gefið yngstu grunnskólabörnum landsins hjálma á hverju ári síðasta áratuginn.

Á þessu ári eru nemendur í 1. bekk um 4.500 en samanlagt hafa ríflega 40 þúsund börn, eða um 13% af íslensku þjóðinni, fengið hjálm frá Kiwanishreyfingunni og Eimskip.

Í tilefni af gjöfinni eru foreldrar og forráðamenn barna í 1. bekk beðnir um að vera vakandi fyrir því þegar börn þeirra koma heim með hjálma og aðstoða þau við að stilla þá rétt. **- mþl**

# Ræktendur þurfa að passa sig á hvítum lit

Í blaði Hundaræktarfélagsins eru ræktendur íslenska fjárhundsins varaðir við því að heyrnarleysi, blinda og önnur vandamál geti fylgt ríkjandi hvítum lit í hundum. Hér voru áður þrjár ríkjandi tegundir íslenska hundsins. Ein er talin útdauð.



**ÍSLENSKIR HUNDAR** Stolt móðir með fimm pilta, suma snögga og aðra loðna. Í nýrri grein í Sámi eru ræktendur varaðir við því að hvítur litur á höfði eða yfirgnæfandi hvítur litur geti valdið vandamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNDÍS

**NÁTTÚRA** Hvítum lit á feld hunda geta fylgt alvarleg vandamál. Í grein um ræktun íslenska fjárhundsins í nýjasta tölublaði Sáms, blaðs Hundaræktarfélags Íslands, er sérstaklega varað við því að hvítur litur verði ríkjandi á hundi, að minnsta kosti helmingur hundsins ætti að hafa lit.

„Munið að hvítt er ekki litur heldur skortur á litarefni,“ segir í greininni, sem Wilma Roem, ritar. Bent er á að vandamál sem tengiast skorti á litarefni séu heyrnarleysi, blinda (blá augu) og viðkvæmni fyrir útfjólubláum geislum.

„Því þurfum við að fara varlega í ræktun þegar mikið hvítt er til staðar í ræktunardýrum, sérstaklega á höfði,“ segir í greininni.



**ÁGÚST ÁGÚSTSSON**

Ágúst Ágústsson, fyrrverandi formaður Deildar íslenska fjárhundsins, segir ljóst að ræktendur þurfi að gæta að litasamsetningu hunda sinna. Hann segir að jafnvel þó svo að hálfur hundurinn hafi lit, þá geti hvítur haus valdið vandamálum á borð við heyrnarleysi. „Og við viljum ekki rækta það. Ef svoleiðis hundur fer á sýningu þá er það galli,“ segir Ágúst, en bætir um leið við að slíkir hundar hafi hér lengi þekkst. „Bændur vildu oft hafa hvítt í þeim þannig að þeir sæju þá vel í brekkunum, í stað einlits hundar sem hyrfi inn í landslagið.“ Þeir hafi þá ekki vitað að hvíti liturinn, eða litleysið, gæti valdið heyrnarleysi.

Ágúst segir að þótt íslenski fjárhundastofninn kunni að hafa verið hætt kominn hér á árum áður þá sé ekki svo lengur, svo fremi sem ræktendur sýni aðgát. „Hann er náttúrulega frekar sjaldgæfur. Við erum með um 5.000 hunda í öllum heiminum,“ segir hann. Um leið sé íslenski fjárhundurinn fjölbreytilegur og hægt að rækta af honum nokkrar týpur. Hér hafi Bretinn Mark Watson snemma á síðustu öld fundið þrjár ríkjandi tegundir af íslenska hundinum. „Það voru snöggur hundur, loðinn hundur og svo minni hundur sem er talið að hafi dáið út. Þannig að núna tölum við bara um snöggan og loðinn, eða lubba og snöggan.“ **olikr@frettabladid.is**

### Uppruni íslenska fjárhundsins

Á vef Deildar íslenska fjárhundsins (www.dif.is) kemur fram að hundurinn hafi borist hingað til lands með landnámsmönnum og aðstoðað við gæslu og smölun fjár, nautgripa og hesta. „Vorið 1983 var blóð úr 56 íslenskum fjárhundum kannað til að rannsaka uppruna kynsins. Niðurstöðurnar sýndu greinilegan skyldleika milli íslenska fjárhundsins og finnsks hundakyns, karelísks bjarnarhunds,“ segir á vefnum og bent á að karelíski bjarnarhundurinn sé upprunninn í Rússlandi og einn svokallaðra Laikahunda, sem hafi upprétt eyru og hringað skott.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VÆTA SUNNAN- OG VESTANLANDS** næstu daga en úrkomulítið og nokkuð bjart á Austurlandi. Á morgun má búast við nokkrum hlýindum norðaustan til og gæti hitinn þar náð 16 stigum.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur.




**Laugardagur**
Fremur hægur vindur víðast hvar.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Berlín | 15° | Friedrichshafen | 15° | Las Palmas | 22° | New York | 23° | París | 11° |
| Aþena | 27° | Billund | 13° | Gautaborg | 14° | London | 12° | Orlando | 31° | San Francisco | 17° |
| Basel | 22° | Frankfurt | 11° | Kaupmannahöfn | 14° | Mallorca | 21° | Ósló | 13° | Stokkhólmur | 17° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# FRÆÐSLUFUNDUR
# UM ÍBÚÐALÁN

**Verðtryggð og óverðtryggð lán**

Á fundinum mun Breki Karlsson , forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, fara yfir það sem vert er að hafa í huga við fjármögnun fasteigna ásamt því að bera saman óverðtryggð og verðtryggð íbúðalán.

Sveinn Gíslason, svæðisstjóri Arion banka á höfuðborgarsvæðinu, mun kynna lánakosti bankans. Auk þess munu fjármálaráðgjafar svara spurningum gesta að fundi loknum.

Ef þú ert að hugleiða fasteignakaup eða vilt kynna þér möguleika á endurfjármögnun þá hvetjum við þig til þess að nýta þér þetta tækifæri.

**Fundurinn verður haldinn í Arion banka í Borgartúni 19**
**í dag, 23. maí, kl. 17.30. Léttar veitingar í boði.**

Allir velkomnir.
Skráning á arionbanki.is.

Arion banki

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað verða ráðherrar Framsóknarflokksins margir í nýrri ríkisstjórn?
**2.** Hvað heitir nýtt lag frá hljómsveitinni FM Belfast?
**3.** Um hversu háa upphæð krefur slitastjórn Landsbankans þrjá starfsmenn bankans vegna hlutabréfakaupa?

**SVÖR**

**1.** Fjórir **2.** We are faster than you **3.** 1,2 milljarða króna

Gagnrýndi lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra í Frakklandi:

# Svipti sig lífi í Notre Dame

**FRAKKLAND, AP** Notre Dame-kirkjan í París var rýmd á þriðjudag eftir að karlmaður á áttræðisaldri svipti sig lífi við altari kirkjunnar. Maðurinn, Dominique Venner, skaut sig í höfuðið fyrir framan fimmtán hundruð ferðamenn sem voru að skoða kirkjuna.

Venner, sem var 78 ára, skildi eftir bréf á altarinu en franska lögreglan hefur ekki viljað upplýsa hvað stendur í því. Venner hélt úti vefsíðu þar sem hann barðist gegn lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra og gagnrýndi enn fremur stefnu franskra stjórnvalda í innflytjendamálum.

Lög sem heimila hjónaband samkynhneigðra taka formlega gildi í Frakklandi í næstu viku. Andstæðingar þeirra hafa mótmælt þeim harðlega.

Ekki er vitað til þess að menn hafi áður svipt sig lífi við altari kirkjunnar.

Sérstök bænastund var haldin í krikjunni til minningar um þá sem hafa fallið fyrir eigin hendi. - hks



**NOTRE DAME** Lögreglan rýmdi kirkjuna eftir að maðurinn svipti sig lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stórtækur tannlæknir:

# Dró ellefu tennur úr sjúklingi

**ÞÝSKALAND** Tannlæknir í Saxlandi í Þýskalandi var í gær dæmdur í 14 mánaða fangelsi fyrir að draga allt of margar tennur úr sjúklingi. Maðurinn var einnig dæmdur í tveggja ára starfsbann.

Tannlæknirinn átti að draga fjórar tennur úr sjúklingnum en þær urðu ellefu þegar upp var staðið. Maðurinn hefur áður verið dæmdur fyrir svipað athæfi. Þá dró hann tuttugu tennur úr grunlausum sjúklingi. - hks

Barnaheill í samstarf:

# Efni úr munnskoli nýtt í lyf

**HEILBRIGÐISMÁL Hægt er að umbreyta sýklaeyðandi efni í munnskoli í lyf fyrir nýbura.**

**Barnaheill – Save the Children hefur ráðist í samstarf við lyfjarisann GlaxoSmithKline um framleiðslu lyfsins með það að markmiði að koma í veg fyrir dauða milljóna barna undir fimm ára aldri á næstu fimm árum.**

**Þetta kemur fram í tilkynningu frá Barnaheillum. Þar segir að samstarfið feli í sér að aðgengi að tveimur tegundum barnalyfja verði aukið til að ráðast gegn nýbura- og ungbarnadauða.**

**Annars vegar er um áðurnefnt lyf að ræða og hins vegar annað sýklalyf í duftformi sem hentar vel börnum með lungnabólgu.**

- sh

Réttarhöld yfir einræðisherra:

# Sakfelling Rios Mont ógilt

**GVATEMALA, AP** Æðsti dómstóll Gvatemala ógilti í gær sakfellingu í dómsmáli gegn Efrain Rios Montt, einræðisherra Gvatemala á árunum 1982 til 1983. Rios Montt er gefið að sök að hafa staðið fyrir þjóðarmorði gegn hluta þjóðar sinnar og ýmsum mannréttindabrotum.



**RIOS MONTT**

Rios Montt var fyrr í mánuðinum sakfelldur í málinu og dæmdur í 80 ára fangelsi. Nú hefur stjórnarskrárdómstóll landsins hins vegar ógilt þá niðurstöðu þar sem ekki hafi verið brugðist á réttan hátt við áfrýjunum verjenda. Málinu er þó ekki lokið heldur verður hluti réttarhaldanna að fara fram að nýju. - mþl

# Brottnumda telpan sögð einstök hetja

Stúlkan sem numin var á brott gat greint skilmerkilega frá atburðum í skýrslutöku. Fulltrúi réttargæslumanns segir líðan hennar eftir atvikum. Lýsing á bíl hins grunaða og útliti svipar til annarra mála segir yfirmaður kynferðisbrotadeildar.

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er algjör hetja. Það verður bara að segjast að þetta er einstök stúlka," segir María Júlía Rúnarsdóttir, fulltrúi réttargæslumanns stúlkunnar sem numin var á brott með valdi í Vesturbænum í síðustu viku og beitt kynferðislegu ofbeldi.

Aðspurð um líðan stúlkunnar segir María hana vera eftir atvikum. „Maður getur bara ímyndað sér hvernig það er. Það er held ég aðalatriðið að lifa sem eðlilegustu lífi eins og hægt er eftir svona atburð. En hún fær alla þá hjálp sem í boði er." Tekin var skýrsla af stúlkunni í Barnahúsi síðastliðinn föstudag. „Hún stóð sig alveg ótrúlega vel eftir atvikum. Þetta er auðvitað erfitt en hún stóð sig bara prýðilega og gat sagt skilmerkilega frá," segir Helga.

Dómari var viðstaddur skýrslutökuna í Barnahúsi og mun stúlkan ekki þurfa að mæta frekar í skýrslutöku vegna málsins.

„Þegar um barn er að ræða er bara gefin skýrsla einu sinni. Ef málið fer fyrir dóm er dómari sem fer með málið viðstaddur skýrslutöku í Barnahúsi."

Aðkomu stúlkunnar að málinu er því lokið en lögð verður fram bótakrafa fyrir hennar hönd sem verður þá hluti af aðalmeðferð málsins fari það fyrir dóm.

Björgvin Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir rannsókn málsins miða vel og að framburður stúlkunnar í Barnahúsi hafa varpað skýrara ljósi á þá atburðarás sem átti sér stað. „Framburður hennar var mjög skýr og greinargóður og hjálpaði til við að skýra atburðarásina."



**BARNAHÚS** Tekin var skýrsla af stúlkunni í Barnahúsi á föstudag að viðstöddum dómara. Stúlkan mun ekki þurfa að hafa frekari aðkomu að málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkvæmt heimildum verður maðurinn yfirheyrður af lögreglu í dag.

Lögreglan rannsakar nú hvort maðurinn sem er í haldi tengist öðrum málum þar sem reynt var að lokka börn upp í bíl. Björgvin segir ekkert liggja fyrir um hvort sú sé raunin. Hann segir að tenging málanna sé byggð á lýsingu á bíl og geranda.

„Það hefur ekkert komið fram en það er verið athuga tiltölulega mörg mál og rannsókn á þeim er ekki lokið."

Aðspurður segir hann að ekki hafi verið talin ástæða til að fara fram á að gert yrði geðmat á manninum. hanna@frettabladid.is




**RANNSÓKN MIÐAR VEL** Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar, segir rannsóknina miða vel og að atburðarás sé að skýrast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON










Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir **30 ár** fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is


Könnun norskrar ferðasíðu á verði á gistingu í evrópskum borgum:

# Mesta hækkunin í Reykjavík

**FERÐAÞJÓNUSTA** Meðalverð á gistingu í tveggja manna hótelherbergi í Reykjavík hefur hækkað um 19 prósent frá því í maí í fyrra. Meðalverðið hefur hækkað um 35 prósent frá því í apríl. Meðalverðið er sagt vera 1.139 norskar krónur, eða jafngildi tæpra 24 þúsunda íslenskra króna. Þetta kemur fram á ferðavefnum boarding.no þar sem vitnað er í leitarþjónustuna trivago.no sem ber saman verð á hótelgistingu.

Bent er á að meðalverð á gistingu í tveggja manna hótelherbergi í Malmö, þar sem Evrópusöngvakeppnin er haldin, hafi hækkað um 18 prósent frá því í maí í fyrra og um 14 prósent frá því í apríl. Í Stokkhólmi hefur verðið hækkað um 25 prósent frá því í apríl en um 5 prósent frá því í apríl í fyrra.

Hvorki Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, né Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri vildu tjá sig um könnunina og hækkunina á gistingu í Reykjavík. Þær kváðust ekki geta það þar sem þær þekktu ekki forsendur útreikninganna. - ibs

## Verð á gistingu

| Borg | Verð í maí | Hækkun frá apríl | Hækkun frá maí 2012 |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 23.919 | 35% | 19% |
| Ósló | 27.741 | 0% | 0% |
| Kaupmannahöfn | 27.090 | 23% | 22% |
| Stokkhólmur | 31.878 | 25% | 5% |
| Malmö | 25.494 | 14% | 18% |

## 23,5% gjaldeyristekna frá ferðaþjónustu

Gjaldeyristekjur í ferðaþjónustu voru árið 2012 alls 238 milljarðar króna skv. Hagstofu Íslands en það gerir 23,5% af heildargjaldeyristekjum þjóðarbúsins.

Sjávarútvegur aflar stærsta hlutans, 269 milljarða sem er 26,58%, ferðaþjónustan er í öðru sæti og álvinnsla í þriðja sæti með 225 milljarða sem er 22,29%.

Ferðaþjónustan hefur verið í þriðja sæti í mörg ár þangað til árið 2012 en þá fjölgaði erlendum ferðamönnum um 19% og gjaldeyristekjum um 21%.

Heimild: Samtök ferðaþjónustunnar



## C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu

STILLANLEG HEILSURÚM ÓTRÚLEGT VERÐ

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 2x80x200 | kr. 375.800 |
| 2x90x200 | kr. 399.800 |
| 2x90x210 | kr. 405.800 |
| 2x100x20 | kr. 423.800 |
| 120x200 | kr. 230.900 |
| 140x200 | kr. 257.900 |

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

## NATURE'S LUXURY heilsurúm



DÝNA BOTN OG LAPPIR

Nature's Bedding

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 120x200 | kr. 119.900 |
| 140x200 | kr. 140.900 |
| 160x200 | kr. 164.900 |
| 180x200 | kr. 183.900 |

- Mjúkt og slitsterkt áklæði með flauelsáferð
- 7cm Shape þrýstijöfnunarefni í yfirdýnu
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm$^2$

12 MÁNAÐA AFBORGANIR VAXTALAUST
3,5% lántökugjald

## SILO svefnsófi með tungu





NÚ MEÐ 20.000 kr. AFSLÆTTI

Nú aðeins kr. 109.900
Fullt verð kr. 129.900



Stærð: 228 x 162 cm
H. 83 cm. Dökkgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna.

FRÁBÆR TILBOÐ Á SÓFUM

## ATLANTA 2ja og 3ja sæta



3+2 SÓFASETT MEÐ 70.000 kr. AFSLÆTTI

2ja sæta kr
99.900
3ja sæta kr
149.900
Sófasett 3+2 kr
179.800

Ljóst áklæði. Stærð: 2ja sæta 170 x 68 cm H. 89 cm
Stærð: 3ja sæta 216 x 68 H. 89 cm

## SIESTA svefnsófi





NÚ MEÐ 20.000 kr. AFSLÆTTI

Siesta svefnsófi stærð dýnu 147x197 cm Rúmfatageymsla

Stærð 192 x 85 cm
Slitsterkt rautt, grátt og svart áklæði

Aðeins kr. 115.900
Fullt verð kr. 135.900

## FLORIDA hornsófi með tungu



NÚ MEÐ 20.000 kr. AFSLÆTTI

Stærð: 252 x 205 cm
H. 71 cm. Litur grátt
Einnig til hornsófi með tungu XL.

Aðeins kr. 175.900
Fullt verð kr. 195.900

## SKAGEN 2ja sæta sónvarpssófi



NÚ MEÐ 40.000 kr. AFSLÆTTI

Stærð: 217 x 79 cm
H. 106 cm. Svart bonded-leður

Einnig til í áklæði aðeins **kr. 175.990**

Aðeins kr. 159.990
Fullt verð kr. 199.900

**OPIÐ Holtagörðum**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-16**
**Sunnudagar kl. 13-16**

DORMA
– býður góða nótt

**Pöntunarsími ☎ 512 6800**
**www.dorma.is**






Kínversk stjórnvöld vilja breytingar en fyrrverandi ráðherra er efins:

# Hætta að taka líffæri úr föngum

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld vilja reyna að hætta alfarið að nota líffæri úr látnum föngum á næstu árum og hafa hafið aðgerðir til að ná fram breytingum. Nánast allar líffæragjafir koma frá föngum sem eru teknir af lífi.

Öðru fólki sem velur að gefa líffæri fjölgar, en það gerist þó hægt. Nú er líffæragjafakerfi landsins þannig að fjölskyldur þurfa að gefa leyfi sitt fyrir líffæragjöf, jafnvel þótt gjafinn hafi veitt leyfi sitt.

Fyrrverandi heilbrigðisráðherra landsins, Huang Jiefu, segist þó telja litlar líkur á því að kerfið breytist í bráð, en Huang er hönnuður kerfisins. Hefðin í landinu sé sú að fjölskyldan sé sterkari einstaklingnum. Mótmæli frá jafnvel aðeins einum fjölskyldumeðlimi gætu komið í veg fyrir líffæragjöf. Huang segir þó að honum þyki núverandi kerfi drifið áfram af gróðavon. Það sé bæði ósiðlegt og brjóti gegn mannréttindum. Gagnrýnendur þessa fyrirkomulags hafa löngum sagt að fyllsta öryggis sé ekki gætt í þessum málum, og fangar séu oft beittir óeðlilegum þrýstingi. - þeb

**5.009** lifrar- og nýrnaígræðslur voru gerðar í fyrra með líffærum úr látnum föngum.

**7.882** lifrar- og nýrnaígræðslur voru gerðar í heildina.



**ENN Á STRANDSTAÐ** Costa Concordia liggur enn við eyjuna, tæpu einu og hálfu ári eftir skipskaðann. Aðstandendur fóru að skipinu og minntust látinna þegar ár var liðið frá slysinu í janúar síðastliðnum. NORDICPHOTOS/AFP

# Réttarhöld yfir skipstjóra hefjast í júlí

Skipstjóri Costa Concordia, sem strandaði við Ítalíu í byrjun síðasta árs, verður sóttur til saka fyrir manndráp. Hann hefur líka verið ákærður fyrir að valda skipskaðanum og að yfirgefa skipið. Hann á allt að tuttugu ára fangelsi yfir höfði sér.

**ÍTALÍA, AP** Skipstjóri Costa Concordia skemmtiferðaskipsins, sem strandaði við eyjuna Giglio við Ítalíustrendur í byrjun síðasta árs, verður sóttur til saka fyrir manndráp, að valda strandinu og að hafa yfirgefið skipið á meðan farþegar og starfsfólk var þar enn.

Dómari samþykkti þessa kröfu saksóknara í málinu í gær, en verjandi mannsins vildi semja án réttarhalda. Skipstjórinn Francesco Schettino á því yfir höfði sér allt að tuttugu ára fangelsi ef hann verður sakfelldur. Saksóknarar segja að Schettino hafi stýrt skipinu hættulega nálægt landi að kvöldi 13. janúar 2012. Það strandaði og 32 létust.

Hann segist hins vegar vera saklaus og að hann sé gerður að blóraböggli í málinu. Rifið sem skipið strandaði á hafi ekki verið merkt inn á sjókort skipsins. Þá segist hann í raun vera hetja, hann hafi með kunnáttu sinni stýrt skipinu eins nálægt höfn og hægt var til þess að auðveldara væri að bjarga farþegunum.



**FRANCESCO SCHETTINO**

Lögfræðingur hans fór fram á að ákæru fyrir að hafa yfirgefið skipið yrði vísað frá. Þessu hafnaði dómarinn. Fimm aðrir sakborningar í málinu hafa samið um málalyktir utan dómstóla.

Farþegar hafa greint frá því að brottflutningur þeirra frá skipinu hafi gengið hægt og verið óskipulagður. Ekki var hægt að nota alla björgunarbáta þar sem skipið fór nánast alveg á hliðina. Margir þurftu að stökkva af skipinu og synda í land í niðamyrkri.

Sérfræðingar sem dómstólar hafa kallað til segja að Schettino beri ábyrgð á skipsskaðanum. Þeir segja þó einnig að starfsfólk og fyrirtækið sem átti skipið hafi brotið öryggisreglur sem hafi átt þátt í slysinu. Starfsfólk hafði ekki nægilega mikla þjálfun til að takast á við slys.

Skipið liggur enn á strandstað, tæpu einu og hálfu ári eftir strandið. Áform um að fjarlægja það hafa dregist á langinn, en til stóð að það yrði farið áður en ferðamannastraumur sumarsins kæmi til eyjarinnar Giglio.

thorunn@frettabladid.is

Umfangsmiklar framkvæmdir standa yfir við álverið í Straumsvík:

# Fengu gallaðar pípur frá Kína

**VIÐSKIPTI** Tafir urðu á endurbótum á lofthreinsibúnaði álversins í Straumsvík þar sem pípur sem álverið hafði pantað frá Kína reyndust gallaðar þegar þær komu til landsins.

„Málningunni á talsverðum hluta af þeim búnaði sem fer í loftræstistöðvarnar var ábótavant. Við þurftum því að láta endurmála búnaðinn hér heima,“ segir Ólafur Teitur Guðnason, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Alcan á Íslandi.

Ólafur Teitur segir að þetta hafi kostað álverið talsverða peninga en var ekki tilbúinn til að gefa upp nákvæma upphæð. Þá sagði hann ekki komna niðurstöðu í það hvort álverið fái kostnaðinn bættan.

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa staðið yfir í Straumsvík upp á síðkastið. Munar þar mestu um að auka á framleiðslugetu álversins úr 190 þúsund tonnum á ári í 205 þúsund tonn. Þá á að efla lofthreinsibúnað og auka rekstraröryggi.

Kostnaðurinn við þessar framkvæmdir var áætlaður ríflega 60 milljarðar króna og hefur ríflega 50 milljörðum þegar verið varið í verkefnið, þar af 17 milljörðum í fyrra. - mþl



**STRAUMSVÍK** Grænu pípurnar sem umlykja kerskála álversins í Straumsvík eru hluti af lofthreinsibúnaði álversins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




Herra lagerinn outlet

líka fyrir konur

# Troðfull

verslun af merkjavöru!

# 50-70% afsláttur

af öllum vörum

Barnafatnaður frá

## ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

molo · TICKET TO HEAVEN · hummel · POLO RALPH LAUREN

## ENGINN VERIÐ RÁÐHERRA ÁÐUR

Enginn ráðherranna í nýrri ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur áður gegnt ráðherraembætti. Svo reynslulítil ríkisstjórn hefur ekki tekið við völdum frá lýðveldisstofnun árið 1944 en þrjú dæmi eru um svo reynslulitlar ríkisstjórnir frá því fyrir þann tíma. Í fyrstu ríkisstjórn Íslandssögunnar, sem tók við völdum 4. janúar 1917 undir forsæti Jóns Magnússonar, var fyrst um sinn enginn ráðherra sem gegnt hafði embætti ráðherra Íslands en þó kom Sigurður Eggerz, ráðherra Íslands frá 1914 til 1915, inn í ríkisstjórnina þá um haustið. Þá var engin fyrri ráðherrareynsla í ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar sem tók við völdum árið 1927 og í stjórn Hermanns Jónassonar sem tók við völdum árið 1934.

**3** dæmi eru um svo reynslulitlar ríkisstjórnir frá því fyrir 1944.

# Umhverfismál og landbúnaður í eitt

**Framsóknarflokkurinn ályktaði árið 2007 um eitt atvinnuvegaráðuneyti. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir núverandi ráðuneyti hafa orðið allt of stórt.**

Landbúnaðar- og umhverfismál verða mögulega sameinuð í eitt ráðuneyti þegar líða tekur á kjörtímabil nýrrar ríkisstjórnar. Þau eru nú undir hatti atvinnuvegaráðuneytisins, en ákveðið hefur verið að setja tvo ráðherra yfir það ráðuneyti; frá Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Að sama skapi munu auðlindamál vera tekin sérstaklega til endurskoðunar varðandi verkaskiptingu ráðuneyta.

Báðir flokkar ályktuðu um stofnun sérstaks atvinnuvegaráðuneytis árið 2007, sem var formlega stofnað í fyrra, en nú hafa formenn flokkanna brotið það upp á nýjan leik.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, verðandi forsætisráðherra, segist ekki hafa gert ráð fyrir svo gríðarlega umfangsmiklu ráðuneyti eins og raunin varð.

„En þetta verður það til að byrja með, þótt eitthvað kunni að færast þaðan. Þá verður þetta áfram eitt ráðuneyti á meðan menn meta kosti þess að hafa þetta áfram,“ segir hann. Sigmundur undirstrikar að umhverfismál muni ekki fara undir hið nýja ráðuneyti, þótt sami ráðherra sinni þeim málaflokkum samhliða sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum.

„Ástæðan fyrir því að sami ráðherrann fer með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið er að við erum að fara að endurskoða þessa verkaskiptingu og það er ekki ný hugsun,“ segir hann. „Menn hafa séð möguleika í samþættingu umhverfis- og landbúnaðarmála.

Þá leggja menn áherslu á umhverfisvænan landbúnað, ræktun lands, skógrækt og fleira. Hitt sem þarf að skoða sérstaklega eru auðlindamálin, sem voru færð yfir í umhverfisráðuneytið þannig að það þarf að skoða hvernig á að vista þann málaflokk.“

Húsakynni ráðuneytanna munu breytast lítið til að byrja með. Tveir ráðherrar koma þó inn í hið umfangsmikla atvinnuvegaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. - sv

**FRAMSÓKNARFLOKKUR** | **SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR**

### FORSÆTISRÁÐHERRA
**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Fæddur í Reykjavík árið 1975. Menntaður í viðskipta- og fjölmiðlafræði og nam stjórnmála- og hagfræði. Þingmaður frá 2009.



Forsætisráðuneyti

### FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
**BJARNI BENEDIKTSSON**



Fæddur í Reykjavík árið 1970. Lögfræðimenntaður. Þingmaður frá 2003.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

### INNANRÍKISRÁÐHERRA
**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**



Fædd í Hafnarfirði árið 1966. Stjórnmálafræðimenntuð. Þingmaður frá 2013.

### UTANRÍKISRÁÐHERRA
**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

Fæddur á Sauðárkróki árið 1968. Nam atvinnulífsfélagsfræði. Þingmaður frá 2009.



Utanríkisráðuneyti

### HEILBRIGÐISRÁÐHERRA
**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**



Fæddur á Dalvík árið 1957. Menntaður í íslensku og bókmenntum með skipstjórnarpróf og kennsluréttindi. Þingmaður frá 2007.

Innanríkisráðuneyti

### FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA
**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

Fædd í Reykjavík árið 1972. Menntuð í listasögu og viðskiptafræði. Þingmaður frá 2008.



Velferðarráðuneyti

### MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA
**ILLUGI GUNNARSSON**



Fæddur á Siglufirði árið 1967. Menntaður í hag- og viðskiptafræði. Þingmaður frá 2007.

### SJÁVARÚTVEGS-, LANDBÚNAÐAR-, OG UMHVERFISRÁÐHERRA
**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

Fæddur á Selfossi árið 1962. Menntaður dýralæknir. Þingmaður frá 2009.



Mennta- og menningarmálaráðuneyti

### IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA
**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

Fædd í Reykjavík árið 1967. Stjórnmálafræðimenntuð. Þingmaður frá 2007.



Atvinnuvegaráðuneyti




# DÓTAKASSI FULLORÐNA FÓLKSINS

Í Garminbúðinni í Ögurhvarfi færðu frábæra þjónustu og flest fremstu útivistar- og íþróttatæki sem í boði eru. Einnig erum við með fjölbreytt úrval af tækjum fyrir sjófarendur. Reynsla og þekking er okkar aðalsmerki.



VERÐ 74.900 KR.

### Oregon 600 – Göngugarpurinn

Frábært göngutæki verður enn betra, 3" snertiskjár með frábærri glampavörn. Bluetooth samskipti við síma og tvöfaldur GPS móttakari.



VERÐ 79.900 KR.

### Edge 810 – Hjólreiðafólk

GPS æfingatæki sem sýnir frammistöðu og leiðsögn. 5 mismunandi uppsetningar, t.d. þegar þú keppir og þegar þú ferð á fjöll.



VERÐ 69.900 KR.

### Fenix – Göngugarpurinn

Útivistarúr með leiðsögn ásamt hæðartölvu, loftþrýstingsnema og 3 ása rafeindaáttavita. Einnig tilvalið í hlaupið og annað sport.



VERÐ 49.900 KR.

### Approach S2 – Golfarinn

Nýtt GPS golfúr. Sjáðu fjarlægð í holuna hvar sem þú ert. Mældu högglengd og fylgstu með hversu langt þú gengur. Yfir 30.000 vellir um allan heim.



VERÐ 29.900 KR.

### Nüvi 40LM – Bíleigandinn

Ódýrasta leiðsögutækið, frí lífstíðar uppfærsla á Vestur-Evrópukorti.



VERÐ 44.900 KR.

### Nüvi 2547LM – Bíleigandinn

Nýtt leiðsögutæki í bílinn með 5" skjá. Frábærir nýir eiginleikar sem gera þér lífið létt í akstri.



VERÐ 49.900 KR.

### Forerunner 310XT – Hlauparinn

Öflugt GPS æfingaúr með fjölnota stillingum. Fylgstu með tíma, vegalengd, hraða og hjartslætti. Vatnshelt úr, löng rafhlöðuending.



VERÐ 199.900 KR.

### GPSMAP 720s – Bátaeigandinn

Frábær sambyggður GPS plotter og dýptarmælir 1KW á strand-veiðarnar. 7" snertiskjár, íslenskt viðmót.



VERÐ 9.900 KR.

### Powermonkey – Ferðalangurinn

Ertu alltaf með óhlaðinn símann? Powermonkey discovery er lausn fyrir fólk á ferðinni, innanlands sem utan!



VERÐ 15.900 KR.

### Solarmonkey – Göngugarpurinn

Að hlaða símann, myndavélina eða GPS tækið er ekkert mál á fjöllum, Solarmonkey adventurer hleður innbyggða rafhlöðuna á daginn og sem aftur hleður tækin þín á nóttinni!



VERÐ 64.900 KR.

### Gobandit Live – Áhugaljósmyndarinn

Vatnsheld myndavél í sportið, GPS innbyggt, sjáðu hraða, hæð, krafta o.fl. birtast með videóinu. Full HD upptaka með 170° sjónarhorni.

PIPAR\TBWA • SÍA

Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi | S: 577 6000 | www.garmin.is

GARMINBÚÐIN

# TELJA MARGT Á HULDU

## Ekki stjórn hinna stóru verka


ÁRNI PÁLL ÁRNASON

„Þetta eru óljós orð um ansi margt. Athygli vekur hversu fátt það er sem hönd á festir í þessum stjórnarsáttmála. Mest áberandi er að það er sama hvort það er í tilviki aðildarumsóknar eða skulda heimilanna, í báðum tilvikum ráða þeir ekki við að koma með skýra framtíðarstefnu. Í hverju einasta máli er fjallað almennum orðum um álitamálin og svo ákveðið að setja þetta í nefnd.“

Árni Páll segir að ýmislegt í sáttmálanum sé kunnuglegt úr stefnu Samfylkingarinnar, efling ferðaþjónustu og hagvöxtur byggður á útflutningsaukningu sem og áhersla á að heilsugæslan verði fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu.

„Þar kemur þó enn og aftur fram hvað það vantar að taka afgerandi skref varðandi framtíðarstefnumörkun að þeir treysta sér ekki til að kveða upp úr um að byggður verði nýr Landspítali. Það einkennir þennan sáttmála gegnumsneitt að það er heldur lítið sem hönd á festir og öllum alvöru ákvörðunum er slegið á frest. Þar af leiðandi virðist þetta ekki ætla að verða ríkisstjórn hinna stóru verka.“

## Engin útfærsla á stóru málunum


KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

„Stjórnarsáttmálinn er mjög almennt orðaður og það kemur mér nokkuð á óvart að sjá þar til að mynda ekki nákvæmari útfærslu á þeim skuldaleiðréttingum sem hafa verið boðaðar. Það er í raun sömu spurningum ósvarað og var ósvarað í kosningabaráttunni. Hið sama má segja um verðtrygginguna sem er skotið inn í einhverja sérfræðinganefnd. Ég sé það að það skortir nokkuð á útfærslur á ýmsu.“

Katrín harmar hve þáttur umhverfismála sé rýr, þau ættu með réttu að vera eitt stærsta viðfangsefni allra ríkisstjórna á þeim tímum sem við lifum.

„Svo fannst mér áhugavert að sjá sérstaklega rætt um skráningu Íslandssögunnar á fyrstu síðum stjórnarsáttmála. Mér finnst þetta eins og endurómur liðinna tíma. Nú á dögum er yfirleitt talað um að rannsaka Íslandssöguna, en ekki að skrá hana. Yfirleitt er nú talið eðlilegt að stjórnvöld stuðli almennt að rannsóknum, en ekki að þau láti skrá söguna.

Ríkisstjórnin er búin að boða mikið samráð við stjórnarandstöðuna og við skorumst ekki undan því, en erum reiðubúin til þess. Við bíðum bara eftir að sjá útfærslurnar á þessum stóru málum.“

## Þröng skilgreining á heimilum


GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON

„Það er margt þarna sem ég vona að verði að veruleika og við í Bjartri framtíð munum stunda uppbyggileg stjórnmál á kjörtímabilinu og reyna að verða að liði. En það er líka margt sem er óljóst og að okkar mati ekki skynsamlegt. Ég held til dæmis að það þurfi að sýna aðhald í ríkisfjármálum og maður á eftir að sjá hvernig þessar skattalækkanir allar koma út í fjárlögunum fyrstu. Það verður mjög athyglisvert að sjá fyrstu fjárlögin. Síðan skilgreinir ríkisstjórnin heimilin mjög þröngt. Hún ætlar að koma til móts við lántakendur en heimilin eru mun stærri hópur en lántakendur og það þarf breiðari nálgun á lífskjarabætur.“

Guðmundur telur afturför að sami ráðherra fari með umhverfismál og sjávarútvegs- og landbúnaðarmál. Mikilvægt sé að umhverfismál séu sjálfstæð og skilin frá nýtingunni.

„Þá verður það mjög krefjandi hjá ríkisstjórninni að ætla að koma á efnahagslegum stöðugleika með krónu og án hafta. Það er tilraun sem hefur mistekist allhrapallega á Íslandi og gæti allt eins mistekist aftur. Að minnsta kosti þarf maður að sjá betri útfærslu á þessu, sem mörgu öðru í stjórnarsáttmálanum, áður en maður segir meira.“

- kóp


FORMENNIRNIR Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson kynntu stjórnarsáttmála Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks á Laugarvatni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ORÐ OG EFNDIR

## Stefnumál flokkanna og stjórnarsáttmálinn

Stjórnarsáttmáli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks byggir á stefnuyfirlýsingum flokkanna fyrir kosningar. Hér að neðan eru helstu áhersluatriði flokkanna í fjórum helstu málaflokkunum borin saman við stjórnarsáttmálann.

### Skuldamál heimilanna

| Framsóknarflokkur | Sjálfstæðisflokkur |
| --- | --- |
| Stökkbreytt verðtryggð húsnæðislán verði leiðrétt. Sett verði lyklalög. Verðtrygging á nýjum lánum verði afnumin. | Nýta skattaafslátt og skattfrjálsan séreignasparnað til að ná fram sem nemur 20% lækkun höfuðstóls á húsnæðislánum. Sett verði lyklalög. Lántakendur hafi val um verðtryggð og óverðtryggð lán. Verðtrygging verði óþörf. |

**Stjórnarsáttmálinn:** „Grunnviðmiðið er að ná fram leiðréttingu vegna verðbólguskots áranna 2007-2010 en í því augnamiði má beita bæði beinni niðurfærslu höfuðstóls og skattalegum aðgerðum. Um verður að ræða almenna aðgerð óháð lántökutíma með áherslu á jafnræði.“ Í ljósi þess að verðtryggðar skuldir hækkuðu og verðtryggðar skuldir hækkuðu og eignaverð lækkaði, […] er rétt að nýta svigrúm, sem að öllum líkindum myndast samhliða uppgjöri þrotabúanna, til að koma til móts við lántakendur […]. Ríkisstjórnin heldur þeim möguleika opnum að stofna sérstakan leiðréttingasjóð til að ná markmiðum sínum.“

### Heilbrigðismál

| Framsóknarflokkur | Sjálfstæðisflokkur |
| --- | --- |
| Endurskoðuð verði áform um byggingu nýs Landspítala, ráðist í endurbætur á núverandi húsnæði. Stofnanir á landsbyggðinni verði efldar. Fólk fái frelsi til að velja þjónustu og fjölbreytni í rekstrarformi verði aukið. | Fjölbreyttari rekstrarform skoðuð. Áhersla aukin á heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í kerfinu. Áhersla á forvarnir og heilsueflingu. |

**Stjórnarsáttmálinn:** Landsmenn njóti aðgengis að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. […] Mikilvægt er að efla heilsugæsluna og tryggja stöðu hennar sem fyrsta viðkomustaðar sjúklinga. […] Húsakostur Landspítala er óviðunandi. Leggja þarf áherslu á viðhald og endurbætur á núverandi húsa- og tækjakosti stofnunarinnar þar til varanleg lausn fæst.“

### Umhverfismál

| Framsóknarflokkur | Sjálfstæðisflokkur |
| --- | --- |
| Auka langtímasýn á sem flestum sviðum og marka stefnu um landnotkun. Nýta náttúruauðlindir af varúð með sjálfbærni að sjónarmiði. | Breyta Rammaáætlun í takt við upphaflegar tillögur sérfræðinga. |

**Stjórnarsáttmálinn:** „Ríkisstjórnin mun vinna að því að Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar.“ „Ríkisstjórnin leggur áherslu á að náttúruvernd og náttúrunýting fari saman. […] Almannaréttur til umgengni um landið, annað en ræktarland, þarf að vera ríkur. Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða verður endurskoðuð á grundvelli niðurstaðna faghópa sérfræðinga sem verkefnisstjórn skipaði.“

### Atvinnumál

| Framsóknarflokkur | Sjálfstæðisflokkur |
| --- | --- |
| Skattkerfið og regluverk um atvinnurekstur verði einfaldað. Nýtt verði ný sóknarfæri í landbúnaði. Nýsköpun verði efld. Ferðaþjónusta verði efld sem grunnatvinnugrein. Sameign þjóðarinnar á auðlindum verði tryggð. Víðtæk sátt um stjórnun fiskveiða. | Tryggingagjald lækki. Skattar og vörugjöld lækki. Arðsemi sjávarútvegsins verði aukin. Verðmætasköpun í ferðaþjónustu verði aukin. Dregið úr hindrunum við rekstur fyrirtækja. |

**Stjórnarsáttmálinn:** „Gerð verður úttekt á skattkerfinu og skattkerfisbreytingum undanfarinna ára og lagðar fram tillögur til úrbóta með það að markmiði að einfalda skattkerfið […]. Á kjörtímabilinu verður tryggingagjald lækkað, lágmarksútsvar afnumið og tekjuskattskerfið tekið til endurskoðunar.“
„Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.“ „Fallið verður frá áformum fyrri ríkisstjórnar um hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu.“ „Fiskveiðistjórnunarkerfið verður yfirfarið, meðal annars með tilliti til hagkvæmni, öryggis og kjara sjómanna og umhverfisverndar. […] Ríkisstjórnin vill efla sátt um framtíðarskipulag greinarinnar. Áfram verður unnið með tillögu sáttanefndar sem starfaði í liðnu kjörtímabili um að samningsbundin réttindi um nýtingu aflaheimilda taki við af varanlegri úthlutun. […] Lög um veiðigjald verða endurskoðuð.“ „Lögð verði áhersla á ákvæði um þjóðareign á auðlindum […].“


Skóli margbreytileikans - Möguleikar og mótsagnir
Málþing 30. maí í húsnæði Menntavísindasviðs v/Stakkahlíð, Skriða

13.00 Málþing sett: Dóra S. Bjarnason
13.10 Ávarp
13.25 Inclusive education and the politics of possibility
Len Barton, prófessor emeritus frá Institute of Education við Lundúnaháskóla flytur opnunarerindi
14.05 „...gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi?“ Svipmyndir af námsmenningu í fjórum efstu bekkjum 14 íslenskra grunnskóla
Rúnar Sigþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri
14.30 Skref fyrir skref - skólaganga langveiks og fatlaðs barns
Auður Finnbogadóttir móðir og Þórunn Borg Ólafsdóttir þroskaþjálfi
14.50 Eru öll börn velkomin í sinn heimaskóla?
Amalía Björnsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
15.10 Kaffi
15.40 New directions? Inclusive education and the arts
Julie Allan, prófessor við Birmingham háskóla
16.10 Skóli margbreytileikans og stoðkerfi skóla. Niðurstöður málþings mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 5. mars 2013
Guðni Olgeirsson, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu
16.25 Samantekt í höndum málþingsstjóra
16.40 Ráðstefnu slitið: Anna Kristín Sigurðardóttir, frá Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs

Skráning og frekari upplýsingar má finna á síðu rannsóknarstofunnar

vefir.hi.is/skolianadgreiningar og á
www.facebook.com/RannsoknarstofaUmSkolaAnAdgreiningar

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ


DEWALT HÖRKUTÓL
á heima hjá Sindra
18V Hleðsluvél
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla: 80Nm
Þyngd: 2,42 Kg
Gírar: 3
Högg
23 OG 24 Maí
TÖKUM ELDRI
DEWALT UPP Í NÝJA 4AH
FYRIR KR. 10.000 KR.-
KR. 86.900.-
18V Hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
Led ljós
23 OG 24 Maí
TÖKUM ELDRI
DEWALT UPP Í NÝJA 4AH
FYRIR KR. 10.000 KR.-
KR. 59.900.-
18V Hleðsluborvél
Patróna 13mm
Rafhlaða 2* 1,5Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla 60 Nm
Þyngd 1,55kg
Gírar 2
KR. 49.900.-
18V Hleðsluvél
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla: 80Nm
Þyngd: 2,4 Kg
Gírar: 3
23 OG 24 Maí
TÖKUM ELDRI
DEWALT UPP Í NÝJA 4AH
FYRIR KR. 10.000 KR.-
KR. 78.900.-
18V Hleðsluvél
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla: 80Nm
Þyngd: 1,88 Kg
Gírar: 2
Högg
23 OG 24 Maí
TÖKUM ELDRI
DEWALT UPP Í NÝJA 4AH
FYRIR KR. 10.000 KR.-
KR. 69.900.-
10,8V Hleðsluborvél
Patróna 10mm
LED Ljós
Rafhlaða:2 x 1,5Ah Li-Ion
Þyngd: 1,1Kg
Gírar:2
KR. 29.900.-
3 Línu laser
Sjálfstillandi
Þyngd: 0,8kg
4 x AA rafhlöður
Nákvæmni
+/- 0,3mm/m
Sterk taska fylgir
KR. 79.900.-
Slípirokkur
Afl : 850 W
Skífur : 125mm
Sn/mín : 10.000
Þyngd : 2,1 kg
KR. 13.900.-
2 línu laser
Sá allra vinsælasti.
Virkar núna á
mótttakara
Þyngd: 0,46kg
3 x AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni +/- 0,3mm/m
KR. 39.900.-
Höggborvél
Afl:650W
Kraftur:2,4j
sn/mín: 0-1550
Þyngd: 2,3 kg
KR. 28.900.-
Veltisög
Afl: 2000 W
sn/mín : 2850
Blað : 250mm
Þyngd: 37kg
KR. 119.900.-
Hleðsluútvarp
Hleður 7,2-18V Li-Ion
Tengi fyrir
MP3+CD
USB Hleðsla
KR. 39.900.-
SINDRI
Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði
www.sindri.is | sími 575 0000


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BROSMILDIR RÁÐHERRAR** Tveir ríkisráðsfundir verða á Bessastöðum í dag, þegar Jóhanna Sigurðardóttir biðst lausnar fyrir sig og ríkisstjórn sína og ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar tekur við. Verðandi ráðherrar voru brosmildir eftir þingflokksfundi í gærkvöldi. Sex karlar munu sitja í ríkisstjórninni og þrjár konur.

## Stjórnarandstaða fái nefndaformennsku


**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**

„Við í Pírötum erum að fara að leggjast yfir stjórnarsáttmálann og því vil ég ekki úttala mig um hann strax. Mér finnst hins vegar athyglisvert að þeir tala um breytt vinnubrögð. Ég er sannfærð um að minnihlutinn muni taka því fagnandi og ég held að það sé tækifæri strax á næstu dögum til að láta reyna á það.

Samkvæmt nýjum þingsköpum á minnihlutinn að deila þeirri ábyrgð að vera með formennsku í þingnefndum. Ég held að það sé mikilvægt, í anda þessara nýju vinnubragða sem verið er að kalla eftir, að við látum reyna á þetta strax á sumarþinginu.“

**Samkvæmt nýjum þingsköpum á minnihlutinn að deila þeirri ábyrgð að vera með formennsku í þingnefndum.**

# Telja fyrirheit um samráð lofa góðu

Aðilar vinnumarkaðarins segja fyrirheit stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um aukið samráð lofa góðu fyrir komandi kjaraviðræður. Forseti ASÍ segir sáttmálann vera almennt orðaðan en það skapi svigrúm í samráði.

Aðilar vinnumarkaðarins telja margt jákvætt í stjórnarsáttmálanum sem formenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks kynntu í gær. Helst séu það fyrirheit um aukið samráð varðandi hagsmunamál atvinnulífsins og launþega.

Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, segir í samtali við Fréttablaðið að sambandið sé reiðubúið til að eiga samstarf við ríkisstjórnina um þessi mál.


**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

„Það er ekkert þarna sem beinlínis stuðar mann og mér finnst lagt upp í samvinnu og samráð. Orðalagið er æði almennt en ég reikna með því að ef laða á ólíka aðila til samstarfs geti það verið kostur, ef markmiðin eru skýr, að ríkisstjórn sem á að hafa forgöngu um þessi mál sé ekki búin að binda sig svo niður í lausnirnar að í boði sé bara samstarf um þeirra skoðun.“

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), tekur í sama streng.

„Ég tek því fagnandi því ég tel mikilvægt að betra og víðtækara samstarf en verið hefur verði um þau stóru mál sem fram undan eru.“

Þar á Þorsteinn ekki síst við komandi kjaraviðræður í haust.

„Ef við ætlum að ná nýrri þjóðarsátt krefst hún mjög náins og góðs samstarfs milli aðila vinnumarkaðsins og ríkisstjórnar,“ segir hann og bætir því við að hann fagni áherslum í stjórnarsáttmálanum hvað varðar aga í ríkisfjármálum, sem leiki lykilhlutverk í aðkomu ríkisstjórnar að næstu kjarasamningum.


**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**

Varðandi kjaraviðræðurnar segir Gylfi að útlit sé fyrir að samið verði til skamms tíma til að byrja með.

„En kannski verður svo hægt, á grundvelli nánara samráðs um einstaka mál, að skoða lengri samning.“

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, fagnar einnig áherslunni á aukið samráð. „Almennt líst okkur vel á þennan stjórnarsáttmála og vonum að efndirnar verði góðar.“

Hvað varðar einstaka málaflokka eru SA og ASÍ hlynnt áformum um lækkun tryggingagjalds, en Gylfi setur þó þann fyrirvara að svigrúm til lækkunar taki tillit til stöðu atvinnuleysistryggingasjóðs.

**Ef við ætlum að ná nýrri þjóðarsátt krefst hún mjög náins og góðs samstarfs milli aðila vinnumarkaðsins og ríkisstjórnar.**

*Þorsteinn Víglundsson framkvæmdastjóri SA*


**ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR**

Elín Björg segir jákvætt að sjá aukna inngjöf í heilbrigðismálin, en meira mætti gera í öðrum velferðarmálum „þar sem mest hefur verið skorið niður síðustu árin“.

„Svo vonumst við til að næsta ríkisstjórn muni koma til með að halda áfram vinnu gegn kynbundnum launamun og ég fagna því að ákvæði um slíkt sé að finna í sáttmálanum.“

thorgils@frettabladid.is




Prófessor telur stefnuyfirlýsinguna gefa skýra mynd af því hvert skuli stefnt:

# Plaggið verður ekki misskilið

Stefnuyfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks einkennist af því að helstu áherslur beggja flokka fá að njóta sín; skuldaniðurfelling Framsóknar og skattabreytingar Sjálfstæðisflokksins. Ekkert kemur sérstaklega á óvart þegar á heildina er litið.

Þetta segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.


**GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON**

Spurður um einstaka málaflokka segir Grétar um Evrópumálin að orðalag stefnuyfirlýsingarinnar opni á að ef úttekt á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan Evrópusambandsins komi illa út sé ekkert endilega víst að það verði þjóðaratkvæðagreiðsla um málið. Peningamálin verða svo að skoðast í samhengi við áherslur í Evrópumálunum.

Grétar tekur undir að yfirlýsingin sé frekar varfærin í framsetningu. „Menn teygja sig ekki of langt. En þrátt fyrir allt er erfitt að misskilja plaggið í öllum helstu áhersluatriðum. Það kemur skýrt fram hvert skal stefnt,“ segir Grétar. Hann er ekki sammála því að umhverfismálin þurfi að líða fyrir breytingarnar. „Það er allt of snemmt að segja að umhverfismálin séu sett niður með þessu. Landbúnaðurinn er ekki stór málaflokkur. Svo að hafa sjávarútveg og umhverfismálin saman verður að skoðast í því að ráðuneytið heitir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Það má ekki gleymast.“

Að ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar eiga það sammerkt að hafa aldrei áður setið á þeim stóli segir Grétar skemmtilegt sögulega, en það hafi í sínum huga ekki dýpri þýðingu. Allir ráðherrarnir hafi mikla reynslu úr stjórnmálum – bæði í landsmálunum og á sveitarstjórnarstiginu.

- shá



# HEILDSÖLU lager hreinsun

## Fatnaður á alla fjölskylduna

## Fyllið fataskápinn fyrir spottprís

## Vönduð og góð merkjavara á mögnuðum afslætti:

Allt á fullum snúningi, nóg til

| | |
|---|---|
| Jakkaföt frá 4.000 kr. | Herraskyrtur frá 1.990 kr. |
| Peysur frá 1.500 kr. | Ýmiss konar barnafatnaður |
| Sokkar frá 100 kr. | frá 499 kr. |
| Gallabuxur frá 3.000 kr. | Dömu- og herrabolir frá 990 kr. |





Lagerhreinsunin fer fram að Höfðabakka 9, fyrir aftan þetta þekkta hús á höfðanum.

VISA MasterCard

**RÚN**
HEILDVERSLUN

Höfðabakka 9 110 Reykjavík

Opnunartímar:

| | |
|---|---|
| Virkir dagar | 11-19 |
| Laugardagur | 10-16 |
| Sunnudagur | 10-16 |

**OPIÐ ALLA HELGINA**

## HEIMURINN




### Bjóða túlkunum dvalarleyfi

**1** **BRETLAND, AP** Bretar og Danir ætla að veita hundruðum Afgana dvalarleyfi á næstunni. Fólkið starfaði sem túlkar fyrir herliðin í Afganistan. Þessi áform voru kynnt í gær. Um 600 túlkar, sem hafa starfað í fremstu víglínu í meira en ár fá fimm ára dvalarleyfi í Bretlandi. Danir ætla að bjóða öllum túlkum fyrir danska hermenn dvalarleyfi í Danmörku og í kjölfarið geta þeir sótt þar um hæli, að sögn varnarmálaráðherra landsins. Danir hverfa frá Afganistan í ágúst en Bretar á næsta ári.

### Handtekinn fyrir 30 ára gamla sprengjuárás

**2** **ÍRLAND, AP** 61 árs gamall Íri, John Downey, hefur verið ákærður fyrir aðild að sprengjuárás í Hyde Park árið 1982, sem varð fjórum hermönnum og sjö hestum að bana. Það var Írski lýðveldisherinn (IRA) sem bar ábyrgð á tveimur sprengjuárásum í júlí 1982. Fyrri sprengjunni var komið fyrir í bíl í Hyde Park og hún sprengd þegar hermenn drottningarinnar marseruðu í átt að Buckinghamhöll. Þar létust fjórir hermenn og sjö hestar. Tveimur tímum síðar sprakk sprengja í Regent´s Park sem varð sjö lúðrasveitarhermönnum að bana.

### Pussy Riot-meðlimur í hungurverkfall



**3** **RÚSSLAND** Maria Alyokhina, einn meðlima rússnesku pönksveitarinnar Pussy Riot, er komin í hungurverkfall. Hún segir brotið á réttindum sínum, en henni var meinað að vera viðstödd réttarhöld um það hvort hún fái reynslulausn úr fangelsinu.

Alyokhina tilkynnti um hungurverkfallið í myndbandi úr fangaklefa sínum. Hún hefur beðið lögmenn sína um að taka ekki þátt í réttarhöldunum fyrr en hún fær að vera þar sjálf. Hún var dæmd í tveggja ára fangelsi í ágúst í fyrra.

## GRÍÐARLEGAR SKEMMDIR Í OKLAHOMA



**ÁTTA LÍF ENN** Jo McGee faðmar June Simson, nágranna sinn, eftir að sú síðari fann kött sinn standandi á rústum heimilis hennar í Moore í Oklahoma í Bandaríkjunum. Gríðarlegar skemmdir urðu á húsum í Moore þegar stór fellibylur gekk yfir bæinn á mánudag. Að minnsta kosti 24 eru látnir, þar af níu börn. NORDICPHOTOS/AFP



# Bílafjör

## á Kletthálsi



**Opið til kl. 20.00 í kvöld**
**hjá bílasölum og fyrirtækjum á Kletthálsi.**
**Tilboðsverð á völdum ökutækjum og vörum.**

**Pylsur og gos í boði á milli 17:00 og 20:00.**

Glæsivagnar frá Krúser klúbbnum (ef veður leyfir).

Bíla og tækjafjármögnun

ARCTIC TRUCKS
bilson
DIESEL.IS
TOPPBÍLAR
ASKJA
Bílalíf
bílaland
VÍKURVAGNAR EHF.
TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
STORMUR EHF
STÓRA BÍLASALAN
HEIMS BÍLAR

## HÚSRÁÐ

### Majónes á viðarplötur

Viðarborð geta látið á sjá og eru gjörn á að rispast, sérstaklega eldhúsbekkurinn. Þá þarf ekki að leita langt yfir skammt heldur dugir að teygja sig í majónesið í ísskápnum. Berðu það vel á rispur og nuddaðu með fingrinum. Taktu að því búnu þurran klút og þurrkaðu af. Endurtaktu ef þess er þörf.

## 85 PRÓSENT HJÓLANDI MEÐ HJÁLM



Alls nota 85 prósent hjólreiðamanna hjálm samkvæmt könnun VÍS sem gerð var á fjórum mismunandi stöðum í Reykjavík í tengslum við átakið Hjólað í vinnuna. Er það 11 prósentum fleiri en í fyrra. Kannanirnar sýna að þeir sem hjóla lengri vegalengdir nota mun frekar hjálm og sýnileikafatnað en aðrir, að því er segir í frétt VÍS. Bent er á að samkvæmt tölum frá Slysa- og bráðamóttöku Landspítalans séu að jafnaði 600 komur þangað á ári vegna hjólreiðaslysa. Rannsóknir sýni að hjálmur minnki líkur á höfuðáverka um 69 prósent og alvarlegum höfuðáverkum um 79 prósent. Árið 2010 var 21 alvarlegt hjólreiðaslys skráð hjá Landspítalanum. Eingöngu tveir af þeim einstaklingum voru með hjálm.

## KONUR ERU MEÐ OF MIKINN FARANGUR



Fimmta hver kona tekur með sér svo mikinn farangur þegar hún fer í frí að hann kemst ekki allur í ferðatöskuna hennar. Þess vegna fær hún að pakka því sem ekki kemst í töskuna í ferðatösku eiginmannsins. Þetta eru niðurstöður könnunar fyrirtækisins Hotels.com sem 1.189 Danir tóku þátt í. Samkvæmt könnuninni sjá aðeins fjögur prósent karla sig tilneydd til að pakka niður í tösku maka síns.

Alls kváðust 13 prósent kvenna hafa greitt fyrir yfirvigt á móti 20 prósentum karla. Skýringin er talin geta verið sú að þeir burðuðust með farangur eiginkvenna sinna.

## GRUNUR UM SALMONELLUSMIT Í KJÚKLINGUM

Rökstuddur grunur er um að salmonella hafi greinst í einum kjúklingahópi Reykjagarðs, að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu. Þar segir að umræddur kjúklingahópur hafi verið rannsakaður í eldi áður en kjúklingunum var slátrað án þess að salmonella fyndist.

Sýnin eru enn í greiningu hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og verða send til staðfestingar á sýkladeild Landspítalans. Endanleg staðfesting mun væntanlega liggja fyrir í lok vikunnar.

Reykjagarður hefur nú þegar innkallað afurðir með rekjanleikanúmerið 002-13-15-7-03 í varúðarskyni. Neytendur sem hafa keypt kjúklinga með þetta rekjanleikanúmer eru beðnir um að skila inn vörum þar sem varan var keypt.

Tekið er fram að ef áprentuðum leiðbeiningum um eldun á umbúðum er fylgt og kjarnhiti nær 72°C er ekki talin hætta á að fólk geti smitast af salmonellu. Ekki liggur fyrir grunur um salmonellusmit í öðrum afurðum hjá Reykjagarði.

# Oftast kvartað undan litlum bílaleigum

**Neytendur kvarta vegna rukkana eftir að heim er komið. Til að koma í veg fyrir tvítryggingar þarf að kanna hvaða tryggingar eru innifaldar í greiðslukortinu.**



**Á FERÐ** Óskemmtilegt er að fá rukkun vegna meintra skemmda eftir að heim er komið.

Kvartanir sem berast Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, vegna bílaleiga erlendis eru svo til eingöngu vegna viðskipta við litlar bílaleigur, að sögn Stefáns Ásgrímssonar, ritstjóra hjá FÍB.

„Það er almennt öruggast að versla við stóru bílaleigukeðjurnar. Hjá þeim er til dæmis miklu auðveldara að fá annan bíl ef bílaleigubíllinn bilar. Þjónustan er í lagi þar sem þeir reikna með þessu. Það er mín skoðun að það borgi sig að taka á sig smáaukakostnað vegna þessa öryggis,“ segir Stefán.

Hann bendir á að stundum megi komast hjá óþarfakostnaði. „Það er nauðsynlegt að skoða vel tryggingaskilmála og ganga úr skugga um hvaða tryggingar eru innifaldar í greiðslukortinu til þess að koma í veg fyrir tvítryggingar á sömu þáttum.“

Stefán tekur það fram að mikilvægt sé að aka ekki frá bílaleigunni fyrr en kannað hafi verið hvort allar skemmdir á bílnum hafi verið skráðar.

Undir þetta tekur Kristín Einarsdóttir, fulltrúi hjá Neytendasamtökunum. „Það þarf að skoða vel bíl sem tekinn er á leigu. Skemmdirnar gætu verið meiri en þær sem skráðar eru í skýrslu sem viðskiptavinurinn fær í hendur. Ef svo reynist vera þarf að láta vita af því áður en keyrt er af stað. Það er auk þess mjög gott að taka myndir af bílnum og einnig af kílómetramælinum með myndavél sem sýnir dagsetningu og klukkustund. Þetta ætti einnig að gera þegar bílnum er skilað.“

Að sögn Kristínar er þó nokkuð algengt að neytendur kvarti vegna rukkana erlendra bílaleiga eftir á vegna skemmda. „Stundum er svo mikið að gera á bílaleigum að starfsmaður kemst ekki út til að skoða bílinn. Bílum er einnig oft skilað á flugvöllum að kvöldi til og eru þar af leiðandi ekki skoðaðir. Það er algengt að athugasemdir komi frá bílaleigunni eftir að viðskiptavinurinn er kominn heim til Íslands. Úrlausn mála fer eftir því hvað við getum sannað.“

Hún ráðleggur neytendum að taka frekar á leigu bíl hjá þekktum bílaleigum, heldur en einhverjum sem þeir hafa aldrei heyrt getið um áður. „Þetta gildir einnig um litlar bílaleigur hér á landi. Það berast miklu fleiri kvartanir vegna þeirra.“

ibs@frettabladid.is

## Car2go-bílaleigubílar í borgum

Þeir sem taka bíl á leigu hjá Car2go-bílaleigum í nokkrum evrópskum borgum þurfa hvorki að fylla út skýrslu né sækja og skila bílnum á fyrirfram ákveðnum stað.

Leigutaki getur séð á netinu eða í snjallsímanum sínum hvar næsta bíl er að finna og hægt er að opna bílinn með sérstöku korti sem leigutaki hefur fengið sent.

Tölva í bílnum telur leigutímann í mínútum. Eftir að bílnum hefur verið skilað fær notandi sendan reikning.




**NEYTANDINN:** ELÍN EY TÓNLISTARKONA

## Dýrkeyptir dreddar



„Þegar ég var 14 ára gömul lét ég setja í mig dredda. Ég borgaði 25 þúsund krónur fyrir lagninguna og eyddi svo jólunum í það, ásamt öðrum fjölskyldumeðlimum, að reyna að greiða dreddana úr. Það gekk ekkert sérstaklega vel,“ sagði Elín Eyþórsdóttir, tónlistarkona og einn hljómsveitarmeðlima Sísý Ey. „Ég hugsa að ég fái mér ekki dredda á næstunni allavega,“ bætti Elín við, kímin.

Bestu kaupin sagði Elín hins vegar vera Adidas-velúrgalla sem hún hefði keypt í Brooklyn í Bandaríkjunum. „Þessi velúrgalli hefur reynst mér fáránlega vel. Ég reyndar týndi efri hlutanum, peysunni, um daginn og auglýsi hér með eftir henni – ef einhver hefur séð hana einhvers staðar.“ sagði Elín.

Elín Eyþórsdóttir gengur undir listamannanafninu Elín Ey. Hún hefur gefið út eigin plötu, auk þess sem hún er hluti af hljómsveitinni Sísý Ey, en hún er skipuð systrunum Sigríði, Elísabetu og Elínu Eyþórsdætrum ásamt Friðfinni Oculus og Carmen Jóhannsdóttur.

## Vara við grillgrindum úr tefloni



Evrópska viðvörunarkerfið RASFF, Rapid Alert System for Food and Feed, varar við teflonhúðuðum grillgrindum. Nái teflonið 330 gráða hita, sem er ekki óvenjulegur hiti þegar grillað er, getur það bráðnað, mengað matinn og myndað varasamar gufur. Um er að ræða lausar grindur sem lagðar eru ofan á venjulegt grill.


SUMARLEGT
7.990
9.990
POLITRATTAN
Einnig til brúnt
STÓLL 25.900
SÓFI 34.900
ÞOLIR -15° C
8.900
STÓLL
15.900
BORÐ
BLÓM
FRÁ 290
NÝTT
POLO SÓFI
139.900
HORNSÓFI
KYNNINGARVERÐ
129.900
TUNGUSÓFI
KÖRFUR
FRÁ 1.190
SPEGLAR
MARGIR LITIR
30X30
1.690
50%
MIKIÐ ÚRVAL
AF ÖLLUM PÚÐUM
FIÐRILDI
Veggskraut
5.990
2.990
VIÐARVÖRUR
FRÁ 10.990
FRÁ 6.990
ÚTISTYTTUR
VINDMYLLUR
FRÁ 790
the PIER
NÝTT
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

Verðlaun veitt á ráðstefnu:

## Líftæknivörur ársins frá ORF



Vaxtarþættir og húðvörur frá ORF Líftækni fengu verðlaun sem líftæknivörur ársins 2013 í Evrópu á ráðstefnu Evrópsku líftæknisamtakanna (e. *European Biotechnology Congress*) í Bratislava í Slóvakíu í síðustu viku. Fram kemur í tilkynningu ORF Líftækni að á ráðstefnunni hafi verið veitt tvenn verðlaun fyrir líftæknivörur ársins í Evrópu. „Og hlutu vörur frá ORF líftækni þau bæði,“ segir þar. Um er að ræða ISOkine vaxtarþætti sem framleiddir eru fyrir læknisfræðilegar rannsóknir og EGF húðvörur dótturfyrirtækisins Sif Cosmetics. **- óká**

Farsælt samstarf ber ávöxt:

## Capacent fær vottun frá IBM

Bandaríska fyrirtækið IBM hefur gefið Capacent vottun sem *IBM Premium Business Partner.* Fram kemur í tilkynningu Capacent að vottunin sé sú æðsta sem samstarfsaðilar IBM geta hlotið.

„Capacent hefur átt farsælt samstarf við IBM um margra ára skeið og meðal annars verið stærsti aðilinn í sölu og þjónustu Cognos-viðskiptahugbúnaðar á Íslandi. Þá hefur Capacent verið endursöluaðili fyrir tölfræðihugbúnaðinn SPSS á Íslandi undanfarin ár,“ segir í tilkynningunni. **- óká**

# 12.300 í atvinnuleit í apríl

Nokkru munar á skráðu atvinnuleysi og tölum Hagstofunnar um fólk án vinnu og í atvinnuleit. Báðar mælingar sýna þó að verulega dregur úr atvinnuleysi á milli ára. Hagstofan mælir aðra þætti en Vinnumálastofnun.

Atvinnuleysi var 6,6 prósent í apríl samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, sem segir að í mánuðinum hafi 12.300 verið án vinnu. Á sama tíma var skráð atvinnuleysi 4,9 prósent samkvæmt mælingu Vinnumálastofnunar, sem segir að í mánuðinum hafi 7.998 að meðaltali verið atvinnulausir.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru í apríl að jafnaði 186.800 manns á vinnumarkaði og atvinnuþátttaka 82,3 prósent.

Hagstofan birti um leið árstíðarleiðréttar tölur sem eiga að gera samanburð milli mánaða raunhæfari og segja betur til um almenna þróun á vinnumarkaði. Samkvæmt þeim voru 185.200 á vinnumarkaði í apríl og atvinnuþátttaka 80,8 prósent. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi er líka heldur minna, eða 5,8 prósent.

Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka kemur fram að sé tekið mið af fyrsta þriðjungi ársins hafi skráð atvinnuleysi að jafnaði mælst 5,3 prósent, samanborið við 7,0 prósent á sama tíma í fyrra og 8,4 prósent árið þar á undan. Samkvæmt mælingu Hagstofunnar hafi atvinnuleysi hins vegar að jafnaði verið 6,0 prósent fyrstu fjóra mánuði ársins, 7,3 prósent í fyrra og 8,3 prósent árið þar á undan.

„Hefur því verulega dregið úr atvinnuleysi á milli ára, og benda þessar tölur til þess að staðan á vinnumarkaði hafi batnað töluvert,“ segir í umfjöllun Greiningar. „Þó ber að halda til haga áhrifunum af bráðabirgðaákvæðinu sem gerði atvinnuleitendum kleift að fá greiddar atvinnuleysistryggingar í allt að fjögur ár. Það rann út um síðustu áramót og hefur skráð atvinnuleysi af þeim sökum mælst nokkuð minna á þessu ári.“ Bent er á að áhrifa þessa gæti ekki í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

„Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi minnki nær stöðugt til og með september næstkomandi,“ segir í umfjöllun Greiningar og bent á að almennt minnki skráð atvinnuleysi á milli apríl og maí. Þannig hafi atvinnuleysi þá mánuði í fyrra farið úr 6,5 prósentum í 5,6 prósent.

„Þess má geta að þróun atvinnuleysis samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er almennt með allt öðrum hætti á milli þessara sömu mánaða. Þannig eykst atvinnuleysi almennt samkvæmt Hagstofunni á milli apríl og maí, en sú aukning er árstíðarbundin og tengist skólalokum, og táknar því ekki að ástandið á vinnumarkaði sé eitthvað verra.“ **olikr@frettabladid.is**

### ➜ Vinnumarkaðurinn í apríl 2003-2013

| Ár | Án vinnu | Hlutfall |
|---|---|---|
| 2003 | 4.900 | 3,1% |
| 2004 | 4.700 | 3,0% |
| 2005 | 4.400 | 2,6% |
| 2006 | 6.200 | 3,6% |
| 2007 | 5.600 | 3,1% |
| 2008 | 4.800 | 2,7% |
| 2009 | 15.200 | 8,5% |
| 2010 | 15.200 | 8,4% |
| 2011 | 18.000 | 9,9% |
| 2012 | 13.600 | 7,6% |
| 2013 | 12.300 | 6,6% |

*Heimild: Hagstofa Íslands*



**Í ATVINNULEIT** Alla jafna dregur úr skráðu atvinnuleysi á sumrin. Mæling Hagstofunnar sýnir hins vegar vegna skólaloka aukið atvinnuleysi milli apríl og maí. NORDICPHOTOS/GETTY

### 16 til 74 ára á vinnumarkaði í apríl









**Í HÖFN** Fyrstu tvo mánuði ársins nam aflaverðmæti íslenska flotans 30,2 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aflaverðmæti dregst saman um 0,4 prósent:

## 30 prósentum minna flutt óunnið úr landi

Verðmæti afla íslenska skipaflotans dróst saman um 0,4 prósent, eða um 111 milljónir króna, milli ára á fyrstu tveimur mánuðum ársins, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofu Íslands. Í ár nam aflaverðmætið 30,2 milljörðum króna á fyrstu tveimur mánuðum ársins samanborið við 30,3 milljarða á sama tímabili í fyrra.

Fram kemur í tilkynningu Hagstofunnar að verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu innanlands hafi numið 18,6 milljörðum króna og dregist saman um 1,3 prósent miðað við fyrstu tvo mánuði ársins 2012. „Verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands jókst um hálft prósent milli ára og var tæplega 3,8 milljarðar króna.“

Þá nam aflaverðmæti sjófrystingar rúmum 6,9 milljörðum í janúar til febrúar og jókst um 7,6 prósent milli ára, en verðmæti afla sem fluttur er út óunninn nam 727 milljónum króna. Það er 30,2 prósenta samdráttur frá fyrra ári. **- óká**

### Aflaverðmæti í janúar og febrúar 2013

| Afli | Milljónir króna | Breyting frá 2012 |
|---|---|---|
| Botnfiskur | 16.819,9 | -2,0% |
| Flatfisksafli | 1.279,2 | -31,1% |
| Uppsjávarafli | 11.908,9 | 7,0% |
| Skel- og krabbadýraafli | 202,1 | 10,4% |
| Annar afli | 8,4 | 108,7% |
| **Verðmæti alls** | **30.218,6** | **-0,4%** |

*Heimild: Hagstofa Íslands*


FARÐU ÚT!
20%
AF ÖLLUM GÖNGUSKÓM
TIL SUNNUDAGS
Fáðu aðstoð við valið á rétta útivistarbúnaðinum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
MEINDL
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

Ný ríkisstjórn vill blása til sóknar:

# Hrifla og heimurinn

Margt í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar bendir til að hún geti staðið undir því markmiði sínu að hefja „nýja sókn í þágu lands og þjóðar".

Nýja stjórnin boðar lækkun skatta á fólk og fyrirtæki og einfaldara skattkerfi sem letur fólk ekki til að bjarga sér. Hún ætlar að vinda ofan af misráðnum breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu og endurskoða rammaáætlun um virkjanir og náttúruvernd þannig að mat sérfræðinga en ekki pólitík ráði virkjanakostum.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Hún boðar víðtækt samráð og sátt við aðila vinnumarkaðarins, pólitískan stöðugleika í fjárfestingarumhverfinu, afnám gjaldeyrishaftanna og að íslenzkt efnahagslíf njóti trausts á ný, bæði innanlands og erlendis.

Allt ætti þetta að geta stuðlað að því að koma hjólum atvinnulífsins í hraðari snúning á ný.

Ef ríkisstjórnin ætlar að ná árangri þarf hún að opna íslenzkt efnahagslíf upp á gátt og tryggja samkeppnishæfni þess á alþjóðlegum vettvangi. Um slíka stefnu eru höfð falleg orð í kaflanum um utanríkismál. Ýmislegt í stefnuyfirlýsingunni er hins vegar alls ekki í þeim anda, heldur frekar þeirra „þjóðmenningarlegu" hughrifa frá Hriflu-Jónasi sem óneitanlega svifu yfir vötnum á fundarstað verðandi landsfeðra á Laugarvatni í gær.

Þeir stefna til dæmis ekki að því að Ísland eignist stöðugan, alþjóðlegan gjaldmiðil. Gera á hlé á viðræðum um raunhæfasta möguleikann á slíku, aðild að Evrópusambandinu, og ekkert kemur í staðinn. Án markmiðs um nýjan gjaldmiðil verður erfiðara að komast út úr höftunum. Þó má segja að það sé jákvætt að í stefnuyfirlýsingunni sé dyrunum í Evrópumálunum ekki skellt alveg í lás, heldur skilin eftir ofurlítil rifa.

Ríkisstjórnin ætlar heldur ekki að gera neitt til að efla samkeppni í landbúnaðinum og lækka þannig matarverð. Í upptalningu um skatta og gjöld sem á að lækka er ekkert talað um ofurtollana á búvörur. Það á að halda áfram að moka peningum almennings í óhagkvæmt landbúnaðarkerfi og framsóknarmaður í landbúnaðarráðuneytinu mun passa gamla kerfið eins og margir aðrir á undan honum.

Svo er mikið vafamál að markmið stjórnarinnar um að ná peningum út úr erlendum kröfuhöfum þjóni markmiðinu um aukið traust íslenzks efnahagslífs á alþjóðavettvangi. Kröfuhafarnir eru nefnilega fjárfestar líka, þótt hræfuglsstimplinum hafi verið klínt á þá, og vilja ekki láta fara illa með sig frekar en aðrir fjárfestar.

Hætt er við að margir sem létu loforð um skuldaleiðréttingu ráða atkvæði sínu í kosningunum verði fyrir vonbrigðum með stjórnarsáttmálann. Skuldaleiðréttingin er ekki í hendi, óútfærð og ótímasett. Ef peningarnir frá kröfuhöfum skila sér ekki á að stofna sérlegan leiðréttingarsjóð, en ekki hefur verið útskýrt hvaðan peningarnir í honum eiga að koma.

Miklar vonir eru bundnar við nýja ríkisstjórn, ekki sízt hjá fólki sem er athafnasinnað og vill nýta tækifærin í íslenzku efnahagslífi. Af þeim sökum er talað fullmikið um starfshópa og nefndir í stefnuyfirlýsingunni; það ætti að vera meiri áherzla á skjótar aðgerðir. Og nýir húsbændur í stjórnarráðinu ættu fremur að beina augum út í heim en heim að Hriflu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871



Láttu draumagarðinn verða að veruleika

Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Engar nefndir, enga starfshópa

Oft hefur verið rætt um mikilvægi þess að stjórnmálamenn mæli skýrt og standi við orð sín. Hið fyrra hefur Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, ábyggilega haft í huga þegar hann hélt ræðu á landsfundi flokksins í febrúar. Þar sagði hann eftirfarandi um það hvernig Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að taka á stjórn landsins ef hann kæmist til valda: „Engar nefndir, enga starfshópa, engar tafir, aðeins aðgerðir í þágu heimilanna." Trauðla verður þó lesið út úr stjórnarsáttmálanum að Bjarna sé hitt ofarlega í huga, þetta með efndirnar. Þar er að finna fyrirheit um stofnun sex starfshópa og aragrúa nefnda. Og aðgerðirnar í þágu heimilanna eru settar í nefnd. Og verðtryggingin líka. Og ýmislegt fleira. Engar nefndir, enga starfshópa varð því að fullt af nefndum og nokkrum starfshópum.



### Kannski málamiðlun

Nú gæti einhver bent á það að stjórnarsáttmáli sé málamiðlun tveggja flokka og þess vegna sé ekki endilega hægt að tala um að svíkja gefna stefnu þótt allt úr henni fari ekki inn í stefnu ríkisstjórnar. En mikil hlýtur þá krafa Framsóknarflokksins að hafa verið um margar nefndir og starfshópa fyrst þetta varð málamiðlunin. Eða ekki.



### Athyglisverður fundur

Flokksstjórn Samfylkingarinnar fundar laugardaginn 1. júní. Þar á meðal annars að leggja línurnar fyrir sveitarstjórnarkosningarnar að ári. Ljóst er hins vegar að nokkru púðri verður eytt í að gera upp nýyfirstaðnar kosningar. Mesta fylgistap Íslandssögunnar mun ábyggilega kalla á eina eða tvær ræður og þeir sem gagnrýndu formanninn, Árna Pál Árnason, í kjölfar þeirra, hafa þarna tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ouagadougou

HJÁLPARSTARF



**Sigríður Víðis Jónsdóttir**
upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

Næringarspítalar eru skrýtnir staðir. Lífshættulega vannærð börn liggja um allt og halda ekki höfði. Sum börnin enduðu hér eftir að hafa drukkið óhreint vatn heima sem olli endurteknum magakveisum og niðurgangi. Hjá öðrum var ekki nóg til að borða á heimilinu. Sum komu í kjölfar þess að hafa fengið malaríu eða aðra sjúkdóma.

Á einum slíkum spítala horfir áhyggjufull amma fast á mig. Ég brosi skakkt á móti, stödd í Búrkína Fasó sem ég hafði grínast með að kalla Fjarskanistan þar sem fæstir vissu hvar það væri. Höfuðborgin héti í ofanálag Ouagadougou, sem ég hafði gert fimm tilraunir til að læra að stafsetja. En hér er ég nú, stödd á sjúkrahúsi sem heimsforeldrar UNICEF styðja og fyrir framan mig er hlýleg kona að sligast af áhyggjum. Ömmubarnið hennar, lítil stúlka, er skelfilega vannært. Ljóst er að hún á ekki mikið eftir. Sem betur fer eru börnin í kring öll að braggast.

Um kvöldið á ég erfitt með að sofna. Hvað verður um þá litlu? Og hvernig á ég að miðla því til fólks heima að það sem gerist hér komi því við? Að þökk sé mánaðarlegu framlagi almennings megi gera hluti sem annars hefði ekki verið hægt að gera, til dæmis hjálpa börnunum á sjúkrahúsinu?

**➜ Um kvöldið á ég erfitt með að sofna. Hvað verður um þá litlu? Og hvernig á ég að miðla því til fólks heima að það sem gerist hér komi því við?**

Ouagadougou heimsins eru mörg: Staðir sem vekja upp framandleika og virðast í órafjarlægð en eru oft miklu nær en við höldum. Staðir þar sem bæði glatt og leitt fólk býr; fólk sem þarf að borða og sofa og verður áhyggjufullt þegar börn þess veikjast. Á endanum er þetta ekki flókið: Öll erum við eins inni við beinið og hvert upp á annað komið. Sum okkar eru aflögufær, önnur ekki. Það hlýtur að teljast skynsamlegt að þau sem geta deilt með sér komi öðrum til aðstoðar.

Á hverjum degi eru kraftaverk unnin víða um heim. Baráttan gegn barnadauða hefur sem dæmi skilað ótrúlegum árangri og barnadauði minnkað um þriðjung á sl. 10 árum. Viti menn, litla stúlkan sem var í lífshættu á spítalanum braggaðist á endanum og fékk að fara heim til sín. Meðferð hennar kostaði 12.500 krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Aðgerðir gegn brottfalli

MENNTUN



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Eitt af þeim samfélagslegu markmiðum sem ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar setti í sóknaráætlun til ársins 2020 er að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa lokið formlegu námi að loknum grunnskóla lækki úr 30% árið 2011 niður í 10% árið 2020. Markmiðið er metnaðarfullt og ekki síður mikilvægt.

Leiðin að markmiðinu er tvíþætt. Annars vegar að tryggja fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun tækifæri til að auka menntun sína. Hins vegar að tryggja að fleiri sem hefja nám á framhaldsskólastigi ljúki því á tilsettum tíma, en á Íslandi ljúka hlutfallslega færri framhaldsskólanemar námi á tilskildum tíma en í öðrum OECD-löndum. Fráfarandi ríkisstjórnin hefur unnið að þessum tveimur þáttum með markvissum hætti á undanförnum árum.

**→ Í framhaldi af þessari greiningu voru skipaðir vinnuhópar til að móta og skilgreina aðgerðir og er nú hafin vinna í þremur framhaldsskólum sem síðan verður nýtt til þess að móta tillögur að aðgerðum í grunnskólum og framhaldsskólum á landsvísu.**

### Aukin tækifæri til náms við hæfi

Með samþykkt laga um framhaldsfræðslu vorið 2010 var framhaldsfræðslan viðurkennd sem ein af grunnstoðum íslensks menntakerfis. Símenntunarmiðstöðvar um allt land bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri og opna þannig leið fyrir fjölda fólks inn í menntakerfið. Haustið 2011 hófst svo á vegum ríkisstjórnarinnar þriggja ára átaksverkefni undir yfirskriftinni „Nám er vinnandi vegur“. Markmið þess er að skapa námstækifæri við hæfi fyrir hópa sem hingað til hafa ekki fundið sig innan skólakerfisins, fjölga þeim sem ljúka framhaldsskóla- eða stúdentsprófi og efla möguleika þeirra til að sækja sér meira nám eða finna sér störf við hæfi. Á grundvelli verkefnisins hafa vel á annað þúsund atvinnuleitendur hafið nám á undanförnum árum.

### Ástæður brotthvarfs margþættar

Á árinu 2011 hóf mennta- og menningarmálaráðuneytið samstarf við OECD um greiningu á ástæðum brotthvarfs úr framhaldsskólum og aðgerðir til að sporna gegn því. Út úr því samstarfi kom greinargóð skýrsla sem unnin var af sérfræðingum OECD í samstarfi við íslenska sérfræðinga og samráði við fulltrúa allra hópa sem koma að mótun íslenska menntakerfisins. Í skýrslunni er að finna greiningu á veikleikum og styrkleikum menntakerfisins ásamt tilgátum um ástæður brotthvarfs og tillögum að mögulegum aðgerðum.

Það sem vekur athygli meðal styrkleika íslenska menntakerfisins er meðal annars að íslensk ungmenni eru fyrir ofan meðaltal OECD í læsi og stærðfræði, hér er jafnrétti til náms tiltölulega mikið og Íslendingar fjárfesta mikið í menntun. Enn fremur eru tryggðir möguleikar til náms alla ævi. Hins vegar eru úrlausnarefni, t.d. við að efla starfsnám og auka aðsókn í það, tryggja þarf fjölbreytt námsframboð við hæfi ólíkra nemenda og bæta þarf starfsaðstæður íslenskra kennara. Þá má ekki gleyma öðrum þáttum, t.d. félagslegum aðstæðum nemenda sem geta haft mikil áhrif á brottfall og hlutverki vinnumarkaðarins sem þarf að meta menntun mun betur en nú er gert.

Í framhaldi af þessari greiningu voru skipaðir vinnuhópar til að móta og skilgreina aðgerðir og er nú hafin vinna í þremur framhaldsskólum sem síðan verður nýtt til þess að móta tillögur að aðgerðum í grunnskólum og framhaldsskólum á landsvísu.

Þó að brotthvarf úr framhaldsskólum hafi lengi verið þekkt vandamál á Íslandi hefur komið á óvart hversu lítið við vitum í raun og veru um það. Það er því mikilvægt að nú hefur verið hafin vinna sem miðar að því að taka á vandamálinu með heildstæðum hætti. Það er mín trú að með markvissum og faglegum aðgerðum megi ná verulegum árangri á næstu árum við að sporna gegn brotthvarfi. Þar þarf að byggja ákvarðanir á gögnum og ígrundun.

# Merkur stjórnmálamaður og ríkisstjórn kveðja

STJÓRNMÁL



**Margrét S. Björnsdóttir**
félagi í Samfylkingu – jafnaðarmannaflokki Íslands

Árið 2009 lét Jóhanna Sigurðardóttir undan þrábeiðni forystu Samfylkingarinnar og tók við tröllauknustu viðfangsefnum stjórnmála lýðveldistímans.

Til hennar var leitað vegna heiðarleika hennar, heilinda og árangurs í þágu jafnaðarstefnunnar með annálaðri vinnusemi. Aldrei hafði fallið skuggi spillingar á hennar störf, hvorki í smáu né stóru.

Eftir myndun ríkisstjórnarinnar fylgdumst við síðan með úr návígi, hvernig hún unni sér ekki hvíldar í einbeittri baráttu fyrir betra Íslandi og betri kjörum tekjulágra. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna glímdi við fordæmalaus úrlausnarefni eftir gjaldþrot og spillingu 12 ára helmingaskiptastjórnarfars Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Það er sorglegt að þeim síðarnefndu skuli nú falin stjórn landsins, en vinstri- og umbótasinnar séu margklofnir.

### Ótrúlegur fjöldi umbóta

Mestur kraftur ríkisstjórnarinnar fór í að ná tökum á efnahags- og ríkisfjármálum og árangur vannst sem enginn deilir um nema pólitískir andstæðingar. Samhliða náðist fram fjöldi mikilvægra umbóta. Jóhanna Sigurðardóttir var þar auðvitað ekki ein að verki, en það skiptir máli hver veitir forystu og það gerði hún sannarlega í traustu samstarfi við Steingrím J. Sigfússon, ráðherra og þingmenn flokkanna: Jöfnuður jókst með breyttri skattastefnu og er orðinn mestur innan OECD. Barna- og vaxtabætur voru stórhækkaðar, sem er lykilatriði fyrir tekjulága.

Eftir áratuga hirðuleysi verða tannlækningar barna ókeypis. Börn fátæks fólks fara ekki lengur brennimerkt skemmdum tönnum út í lífið. Barnasáttmáli SÞ fékk loks lagagildi. Sjálfstæði Palestínu viðurkennt. Sanngirnisbætur til fórnarlamba ofbeldis á upptökuheimilum loks greiddar, of seint fyrir of marga sem látnir voru, langt um aldur fram. Kaupmáttur námslána var hækkaður um 10,7%. Illræmd eftirlaunalög afnumin. Útgerðir greiða nú loks auðlindarentu til þjóðarinnar. Rammaáætlun, lög um náttúruvernd og dýravelferð samþykkt. Vændiskaup bönnuð og aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi stórauknar. Hlutur kvenna í ríkisstjórn og æðstu embættum jafnaður, lög sett um jafnan hlut kynja í stjórnum fyrirtækja.

**→ Við þökkum Jóhönnu hennar mikla starf á löngum stjórnmálaferli.**

Stjórnsýslan gerð skilvirkari með fækkun ráðuneyta og stofnana, og upplýsingaskylda þeirra stóraukin. Enginn flokksgæðingur ráðinn sendiherra. Pólitískum ráðningum dómara úthýst með nýjum lögum og fagnefndir notaðar við ráðningu æðstu embættismanna í stað pólitískrar handstýringar. Framtíðarstefnumótun var heldur ekki vanrækt: ESB umsóknin, Ísland2020 áætlunin og Samráðsvettvangur um aukna hagsæld setti fram hundruð umbótatillagna vorið 2013.

Við þökkum Jóhönnu hennar mikla starf á löngum stjórnmálaferli. En hún er bara sjötug, með mikið starfsþrek og næg verkefni fram undan hjá okkur jafnaðarmönnum. Ég hlakka til samstarfs við hana.

# Stalínísk stórmennska í Gálgahrauni

NÁTTÚRUVERND



**Gunnsteinn Ólafsson**
tónlistarmaður og Hraunavinur

Vegagerðin og Garðabær hafa skilað innanríkisráðherra greinargerð vegna nýs Álftanesvegar um Gálgahraun. Í greinargerðinni er því hafnað að hægt sé að koma til móts við óskir Hraunavina og annarra náttúruverndarsinna um annað vegstæði. Hugsanlegt sé þó að í stað mislægra gatnamóta megi setja hringtorg austan við Prýðahverfi.

Greinargerðin ber þess vitni að Vegagerðin og Garðabær skilja ekki á hvaða grundvallaratriði andstaðan við nýjan Álftanesveg um Gálgahraun byggir. Framkvæmdaaðilar neita að horfast í augu við þá staðreynd að allt hraunið norðan Álftanesvegar er á náttúruminjaskrá, sem er ígildi friðunar. Aðeins á eftir að ákveða í hvaða friðunarflokk hraunið á að fara. Orðið náttúruminjaskrá kemur ekki fyrir í greinargerðinni enda hefði það þýtt að allur rökstuðningur fyrir vegarlagningunni hefði misst marks.

Við nýju greinargerðina er ýmislegt að athuga. Vegagerðin gerir enga tilraun til þess að koma með tillögu að bættum núverandi Álftanesvegi með hringtorgum og umferðarstýrðum ljósum eins og tíðkast um víða veröld. Svo virðist sem engin framför hafi orðið í gerð umferðarmannvirkja frá því að starfsmenn Vegagerðarinnar luku námi um miðja síðustu öld. Eina lausnin sem þeir sjá er að að eyðileggja einstakt ósnortið hraun. Vegagerðin var beðin um að koma með lausn sem kæmi til móts við þá sem vilja hlífa hrauninu en varð ekki við þeirri beiðni.

### Brengluð fjárhagshlið

Fjárhagshlið greinargerðarinnar er brengluð. Þar eru aðeins tveir kostir bornir saman: óbreyttur vegur um Gálgahraun fyrir 800 milljónir eða að núverandi Álftanesvegur verði lagður í stokk fyrir þrjá milljarða. Þessu er haldið fram í þeirri von að almenningur þekki ekki umfang framkvæmdarinnar. Sannleikurinn er sá að það er ekki aðeins verið að leggja nýjan einfaldan Álftanesveg fyrir 800 milljónir. Þetta er fyrsti áfangi af þremur sem fékk reyndar 1,1 milljarð á fjárlögum til þriggja ára, ekki 800 milljónir. Annar áfangi er tvöföldun Álftanesvegar frá Engidal að stóru hringtorgi í miðju Gálgahrauni og þriðji áfangi verður framlenging Vífilsstaðavegar frá norðri til suðurs þvert yfir Gálgahraun. Miðað við kílómetrafjölda munu rúmir tveir milljarðar króna fara í vegaframkvæmdir í Gálgahrauni. Þá er ótalinn milljónakostnaður vegna hljóðmana sem hljóta að verða settar upp við báðar hraðbrautirnar.

**→ Í stað þess skal látið sverfa til stáls af stalínískri stórmennsku.**

Vegagerðin og Garðabær sáu ekki ástæðu til þess að kalla Hraunavini til viðræðna svo finna mætti lausn á legu Álftanesvegar. Í stað þess skal látið sverfa til stáls af stalínískri stórmennsku. Gaman verður að sjá hver það verður sem ræsir fyrstu jarðýtuna í Gálgahrauni og leggur til atlögu við klettaborgirnar. Þá mega álfar og dvergar fara að vara sig. Og man nokkur hvað verður um þann sem svíkur sína huldumey?



# „Túrbínutrixið“ í Helguvík

**ÁLVER**



**Ómar Ragnarsson**
sjónvarpsmaður

1970 var merkilegt ár í íslenskri virkjana- og náttúruverndarsögu, ár Laxárdeilunnar og greinar Nóbelskáldsins, „Hernaðurinn gegn landinu“, sem er enn í fullu gildi.

Stjórn Laxárvirkjunar notaði aðferð sem átti að koma hrikalegri stórvirkjun í gegn; aðferð sem mætti nefna „túrbínutrixið“. Hún fólst í því að kaupa svo stórar túrbínur í stækkaða Laxárvirkjun að menn stæðu frammi fyrir gerðum hlut og yrðu að samþykkja öll ósköpin, jafnvel þótt ekki væri búið að fá leyfi eða ganga frá málum við hlutaðeigandi aðila. Annars yrði túrbínufjárfestingin ónýt. Ef andófsmenn tregðuðust við átti að lýsa ábyrgð á hendur þeim af því tjóni sem af þvermóðsku þeirra hlytist.

Sigurður Gizurarson, verjandi andófsmanna, taldi hins vegar að eðlilegra væri að virkjunarmenn tækju sjálfir afleiðingunum af því að hafa tekið áhættu og anað af stað með siðlausum þvingunum án þess að málið væri frágengið. Þannig endaði málið.

Þrátt fyrir þetta hefur „túrbínutrixið“ lifað góðu lífi í 43 ár.

### Farin skárri leið

Árið 2000 hafði verið stefnt að 120 þúsund tonna álveri í Reyðarfirði og kostað til þess milljörðum króna. Þá var skyndilega sagt að álverið yrði of lítið og þyrfti að verða fjórum sinnum stærra til að bera sig.

Í þetta skiptið komust menn upp með þetta stærsta túrbínutrix Íslandssögunnar.

Næst var trixinu beitt á Bakka, gerð viljayfirlýsing um álver þar, og eins og fyrir austan var talað um meðalstórt álver og lengi þrætt fyrir að það yrði að verða risaálver.

Þegar málið var komið nógu langt til að erfitt yrði að snúa til baka, var síðan játað að minnst 350 þúsund tonna álver þyrfti til að það væri arðbært. Orku heils landshluta var þar með haldið í gíslingu Alcoa og aðrir komust ekki að.

Bæði orkumálastjóri og forstjóri Landsvirkjunar lýstu því yfir að með þessu væru orkuseljendur í vonlausri aðstöðu til að semja um viðunandi orkuverð.

Að lokum fór svo að hætt var við álverið og farin skárri leið.

### Ekkert lært

Nú hefði maður haldið að menn hefðu lært af þessu.

Nei, aldeilis ekki! Í staðinn er í gangi ekki minna „túrbínutrix“ vegna risaálvers í Helguvík. Þar ákváðu fjórir aðilar að fara af stað með framkvæmdir sem á endanum munu binda hendur minnst tólf sveitarfélaga vegna nets af virkjanamannvirkjum, sem ná munu frá Reykjanestá austur í Skaftafellssýslu og upp á hálendið.

Í fyrstu var þrætt fyrir að álverið yrði stórt en síðan játaði talsmaður Norðuráls að það yrði að verða minnst 360 þúsund tonna risaálver. Það mun þurfa 625 megavött. Við erum að tala um ígildi Kárahnjúkavirkjunar frá Reykjanesi langt austur eftir landinu.

Samt er látið í veðri vaka í fréttum að lítið þurfi til að álverið rísi, til dæmis talað um að Búðarhálsvirkjun reddi málinu. Hún gefur 95 megavött, 15% af orkuþörf álversins!

Líka er talað um að HS orka geti bjargað, en þar er einnig um að ræða brot af orkuþörfinni.

Bent er á 200 megavatta aukaorku en í sömu frétt kemur síðan auðvitað í ljós að sú orka sé í nauðsynlegt varaafl í kerfinu. Nú er til dæmis orkuskortur á Austurlandi og þegar er farið að endurnýja túrbínur í nýsmíðaðri Kárahnjúkavirkjun vegna slits af völdum aursins úr Hálslóni.

Talað er um Neðri-Þjórsá, sem myndi aðeins útvega helming orkunnar.

Óviss hluti orkunnar á að fást með gufuaflsvirkjunum, sem endast aðeins í nokkra áratugi. Það heitir rányrkja á íslensku.

Orkan er ekki fyrir hendi og þar af leiðandi eru orkuseljendurnir í jafnvel enn verri samningsaðstöðu en var fyrir norðan. Eins og þar á einn stór orkukaupandi að fá að halda virkjunum á suðurhelmingi landsins í gíslingu á meðan orkuseljendurnir eru í vonlausri samningsaðstöðu. Skaplegri orkukaupendur eins og kísilver komast ekki að.

**➜ Nú hefði maður haldið að menn hefðu lært af þessu. Nei, aldeilis ekki! Í staðinn er í gangi ekki minna „túrbínutrix“...**

Talað er um að störf í risaálverinu í Helguvík og tengd störf muni leysa atvinnuvandamálin. Þó eru þau aðeins 1% af vinnuafli þjóðarinnar.

### Verr settur en ella

Flaggað er því að 4.000 störf skapist við virkjanaframkvæmdirnar og að 2,3% hagvöxtur verði á meðan. En því er sleppt að eftir að virkjanaframkvæmdunum lýkur verða þau sömu 4.000 atvinnulaus, margt þeirra fólk sem hefði betur notað þessi ár til að mennta sig og búa sig betur undir lífið. Og þegar framkvæmdir hætta mun hagvöxturinn væntanlega minnka um 2,3%, ekki satt?

Það var líka flaggað þúsundum starfa við Kárahnjúkavirkjun en 80% þeirra voru útlendingar sem komu og fóru. Það má kalla þessa stefnu „skómigustefnuna“; en hún helgast af því að aðilar vinnumarkaðarins horfa aðeins fram til næstu kjarasamninga og stjórnmálamenn aðeins fram til næstu kosninga.

Blönduvirkjun átti að „bjarga Norðvesturlandi“. Eftir að framkvæmdum lauk kom í ljós að landshlutinn var enn verr settur en ella.

Álver við Eyjafjörð átti að „bjarga Eyjafirði og Akureyri“. Ekkert álver reis þar, en á hrunárunum 2008-2012 fjölgaði fólki samt á Norðausturlandi á sama tíma og fólki fækkaði á Austurlandi sem álverið á Reyðarfirði átti að „bjarga“.

Ætla menn aldrei að læra neitt? Fyrir 43 árum voru þeir sem ætluðu að nota „túrbínutrix“ til að ná sínu fram látnir axla sjálfir ábyrgð af því að taka siðlausa áhættu.

Sama ætti að gilda um álver í Helguvík. Hvers vegna ætti frekar að rísa álver þar en á Bakka?

# Að fá lánað

**NÁTTÚRUVERND**



**Úrsúla Jünemann**
kennari og leiðsögumaður

Sem barn lærði ég muninn á að fá lánað og að fá gefins. Þegar ég lánaði bestu vinkonu minni hjólaskautana mína þá vildi ég fá þá alveg eins til baka. Og ekki bara annað stykkið heldur bæði því ég var ekki að gefa henni. Þegar ég lánaði bróður mínum boltann þá vildi ég fá hann til baka. Og hann átti að vera í lagi og hvorki sprunginn né fullur af drullu.

„Geturðu lánað mér, ég á engan miða,“ spurði unglingurinn sem ætlaði heim með strætó. Hann var búinn að eyða peningunum sem áttu að duga til að borga farið í nammi. Bílstjórinn minnti hann á að hann ætti enn þá eftir að borga farið sem hann fékk „lánað“ frá því í gær og neitaði að taka hann með. Foreldrar unglingsins hringdu í mikilli reiði í stjórnstöð Strætó og kvörtuðu undan bílstjóranum.

Krakkann langaði í nýjasta iPad og stóri bróðir tók smálán fyrir hann, þetta var ekkert mál.

„Geturðu lánað mér?“ spurði ungi maðurinn sem langaði í flottan jeppa. Bankastjórinn sá ekki neina fyrirstöðu enda var góðæri í landinu.

„Get ég fengið lán?“ spurðu hjón sem langaði í nýtt, flott og óþarflega stórt húsnæði. Alveg sjálfsagt, bankinn veitti lánið enda allt í góðu standi á Íslandi fyrir 2008.

### Að standa í skilum

Að fá lánað þýðir í mínum huga að greiða til baka og standa í skilum með sínar skuldir. Að fá lánað er ekki sama og að fá gefins. Best væri að þurfa ekki að taka lán heldur eiga fyrir hlutunum sem mann langar að eignast. Auðvitað þurfa flestallir að taka lán til að fjárfesta í eigin íbúð og þeim er vorkunn sem keyptu sína fyrstu fasteign í aðdraganda hrunsins. En þeim sem kunnu sér ekki hóf í græðgi og lífsgæðakapphlaupinu er ekki vorkunn. Þessi háværi hópur stóð fast fyrir aftan Sigmund Davíð sem lofaði öllu fögru um niðurfellingu skuldanna. Nú þegar er kappinn búinn að draga í land og vill meina að fyrrverandi ríkisstjórn hafi ekki dregið rétta mynd af stöðu í ríkiskassanum.

**➜ Getum við fengið afnot af Lagarfljótinu til að leiða drullugustu á landsins í annan farveg?**

En á Íslandi eru menn einnig að fá lán í annarri mynd.

„Getum við fengið lánað svæði á hálendinu til að byggja stórt orkuver,“ spurði Landsvirkjun og fór að reisa Kárahnjúkavirkjun til að sjá stóru álveri á Austurlandi fyrir orku. Þessu „lánaða svæði“ munu menn skila til baka eins og sprungnum og ónýtum fótbolta þegar lífstíð þessarar virkjunar lýkur, öllu eyðilögðu og ónýtu.

Getum við fengið afnot af Lagarfljótinu til að leiða drullugustu á landsins í annan farveg? Þetta er bara að láni því að orkuöflun hér á landi er svo sjálfbær. En Lagarfljótið mun seint jafna sig.

Getum við fengið lánaða nokkra hveri á Reykjanesi til að reisa orkuver? Getum við fengið að láni jaðarsvæði við Mývatn til að halda áfram virkjunarbrölti fyrir erlend stórfyrirtæki?

Furðulegt finnst mér hvaða menn og í hvaða tilfellum þeir taka sér í munn hugtakið „sjálfbærni“. Þetta er sennilega eitt mest misnotaða og misskilda orðið í dag. Sjálfbærni þýðir fyrst og fremst að ekki skal ganga á forðann og það sem menn taka út af gæðum jarðar þarf líka að koma inn aftur þannig að næstu kynslóðir njóti sömu lífsgæða og við núna í dag. Við eigum jú ekki jörðina heldur fáum hana að láni frá næstu kynslóðunum sem koma á eftir okkur.

Að fá lánað þýðir líka að skila til baka.

# Maltneska fyrirmyndin og Evrópa

**EVRÓPUMÁL**



**Andrés Pétursson**
formaður Evrópusamtakanna

Ísland hefur nú gert fríverslunarsamning við Kína og er það af hinu góða. Hins vegar breytir það litlu varðandi þá staðreynd að Evrópumarkaðurinn er og verður langmikilvægasti markaður fyrir íslenskar vörur og þjónustu næstu árin og áratugina. Það er því mikilvægt að skynsamt fólk í öllum stjórnmálaflokkum láti ekki tímabundna erfiðleika í nokkrum Evrópulöndum blinda sér sýn varðandi stefnumörkum í alþjóðamálum. Það versta sem við gætum gert er að loka Evrópudyrunum og taka upp einhvers konar sjálfsþurftarbúskap í alþjóðasamstarfi.

Einstaka álitsgjafar hafa líka haldið því fram að með hinum nýja fríverslunarsamningi við Kína og auknum áhrifum annnarra Asíulanda í heimsviðskiptum þá eigum við Íslendingar að snúa okkur í ríkari mæli austur á bóginn í leit að bandamönnum. Ekki er ég á móti því að eiga í viðskiptum við sem flest lönd en gleymum því aldrei að Kína er gamalt heimsveldi og ætlar sér stóra hluti á komandi áratugum. Það er því mikilvægt að stíga varlega til jarðar í samskiptum við risann í austri og gott að eiga góða og öfluga bandamenn í Evrópu.

### Langtímahugsun

Maltverjar hafa tekið mjög skynsamlega á þessu máli. Þeir gengu í Evrópusambandið árið 2004 en hafa á sama tíma stóreflt samskipti sín við Kína. Á þessum tæpu tíu árum hafa Kínverjar sexfaldað beina fjárfestingu í landinu og kínverskar viðskiptasendinefndir koma reglulega til landsins. Í máli Joe Borge, fyrrum utanríkisráðherra Möltu, sem kom hingað til lands fyrir rúmum tveimur árum, kom fram að Kínverjar hafa sexfaldað beina fjárfestingu (FDI) í landinu og að ferðir kínverskra viðskiptasendinefnda til Möltu hafa margfaldast. Ástæðuna telur Borg meðal annars vera að Maltverjar hafa leitt nefnd Evrópuþingsins sem sér um samskiptin við Kína. Því sjái Kínverjar sér hag í því að rækta tengsl sín við Möltu.

**➜ Það versta sem við gætum gert er að loka Evrópudyrunum og taka upp einhvers konar sjálfsþurftarbúskap í alþjóðasamstarfi.**

Í nýlegri grein í The Malta Independent, sem er eitt helsta dagblað Möltu, kemur fram að þrátt fyrir efnahagsörðugleikana í heiminum á undanförnum misserum hafa Kínverjar og Maltverjar aukið viðskipti sín á milli um 25% undanfarin þrjú ár. Í því sambandi er vert að geta þess að yfirvöld á Möltu hafa haldið vel á sínum málum varðandi evruna og því hafa eyjarskeggjar ekki lent í sömu hremmingum og nágrannar þeirra í Grikklandi og á Kýpur. Á þessu sést að með skynsamlegri efnahagsstefnu og langtímahugsun í alþjóðamálum er hægt að sameina kosti þess að ganga í Evrópusambandið og á sama tíma rækta samband sitt við hin nýju efnahagsstórveldi í Asíu.


**Hreinsiefni** – auðveldu þér þrifin.




PIPAR\TBWA • SÍA • 131559

**Salernishreinsir 0,75 l** – Verð: 490 kr.
**Alhliða hreingerningalögur 1 l** – Verð: 339 kr.
**Gólfþvottaefni 1 l** – Verð: 419 kr.
**Rúðusápa 1 l** – Verð: 699 kr.

REKSTRARLAND

Rekstrarland | Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100 www.rekstrarland.is



málning
kjörvari 12
pallaolía
4L
FURA
Vnr. 86363041-540
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.
4.695 kr.
Gerðu VERÐ-samanburð
ÓDÝRT PALLAEFNI
Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR.
Vnr. 0058224 22x95 mm 165 kr./lm
Vnr. 0058274 27x95 mm 185 kr./lm
Fura, alheflað pallaefni, AB-gagnvarið.
Vnr. 0058254 22x95 mm 185 kr./lm
Vnr. 0058324 27x95 mm 205 kr./lm
Vnr. 0058325 27x120 mm 210 kr./lm
REIKNIVÉLAR
Reiknaðu út hvað pallurinn eða girðingin kostar.
www.byko.is
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
KLÚBB verð 9.990 kr.
Almennt verð 16.990 kr.
Vnr. 54905038
KÄRCHER slöngu-vagn með 20 m slöngu og tengi.
Vnr. 55095013
CASORON
illgresiseyðir, 1 kg.
KLÚBB verð 2.990 kr.
Almennt verð 3.990 kr.
25 KG
Vnr. 55095104
Blákorn, 25 kg.
KLÚBB verð 4.990 kr.
Almennt verð 6.990 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
38 CM SLÁTTUBREIDD
15-43 MM SLÁTTUHÆÐ
BOSCH
Vnr. 74898939
BOSCH handsláttuvél.
19.990 kr.
Einhell
Vnr. 74830022
Einhell rafmagns-sláttuvél, 1000W. 28 l safnkassi.
19.990 kr.
HÆÐARSTILLING 25-60 MM
SLÁTTUBREIDD 30 CM
Vnr. 53323130
Sláttuvél OUY450P, fjórgengismótor, 139cc.
39.990 kr.
SUMAR Í GARÐINUM
Handbók fyrir garðeigendur
Ómissandi upplýsingar og fróðleikur fyrir garðeigendur í 60 síðna blaði.
Skoðaðu blaðið á www.byko.is
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

# Mengunarslysið sem fyllti mælinn

**MENGUN**
Stjórn Vatns- og fráveitufélags Íslands
**Hrund Ólöf Andradóttir**
**Íris Þórarinsdóttir**
**Sigurbjörn Búi Sigurðsson**
**Dagur Jónsson**
**Jónas Elíasson**

Þann 8. maí sl. varð mengunarslys í Bláfjöllum. Um 600 lítrar af dísilolíu helltust niður þegar þyrla hugðist flytja hana upp að Þríhnúkagíg, þar sem stendur til að bjóða ferðamönnum upp á hellaskoðunarferðir. Hægt var að ná upp olíumenguðum snjó og jarðefnum úr vegöxl en ljóst er að umtalsverður hluti olíunnar skolaðist niður í lekan berggrunninn. Þetta olíumengunarslys er hið sjötta, og jafnframt magnmesta, á skilgreindu vatnsverndarsvæði 200 þúsund íbúa höfuðborgarsvæðisins á síðastliðnum sex árum.

### Hvers vegna vatnsvernd?

Hreint vatn er grundvöllur fyrir lífsgæðum og uppbyggingu nútíma þjóðfélaga. Einstaklingur nýtir tvo lítra af vatni til drykkjar og aðra 100-250 lítra til annarra nota daglega. Fjöldi fyrirtækja byggir afkomu sína á hreinu vatni. Mengun sem berst í grunnvatn getur spillt heilsu og lífsgæðum áratugum, ef ekki öldum saman. Eitt helsta stjórntæki þróað til að tryggja heilsusamlegt vatn er skilgreining vatnsverndarsvæða. Á slíkum svæðum eru mannleg umsvif takmörkuð, til að koma í veg fyrir mengun.

### Andvara- eða þekkingarleysi?

Hvernig má skýra endurtekin olíumengunarslys á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins? Ísland hefur þá alþjóðlegu sérstöðu að hafa mikið drykkjarhæft vatn af náttúrunnar hendi. Þetta má rekja til þess að við erum lítil þjóð í stóru landi með mikla ársúrkomu. En getur verið að þessi mikla og aðgengilega auðlind gefi Íslendingum falskt öryggi? Gengur almenningur að því sem vísu að hafa alltaf nægan aðgang að hreinu vatni óháð mannlegum umsvifum?

Mikil vitundarvakning hefur orðið á gildum vatnsverndar í heiminum. Árið 2013 er tileinkað vatnssamvinnu af Sameinuðu þjóðunum, til þess að miðla mikilvægi heildstæðrar stjórnunar vatnsauðlindarinnar. Þann 11. apríl sl. gekkst Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) fyrir málþingi undir yfirskriftinni „Veikir hlekkir í vatnsöflun á Íslandi". Þar var sérstaklega farið yfir hætturnar á höfuðborgarsvæðinu. Erindi og ágriparit ráðstefnunnar eru aðgengileg á vefslóðinni vafri.hi.is. Einnig hefur Orkuveita Reykjavíkur haldið marga kynningarfundi. Vandamálið virðist því frekar vera andvaraleysi en þekkingarleysi.



### Samvinnuverkefni allra

Aðalmarkmið alþjóðlega ársins 2013 um vatnssamvinnu er að stofna til öflugs og varanlegs samstarfs um vatn. Fyrir Ísland, þá innifelur þetta samvinnu stjórnsýslunnar, hagsmunaaðila og almennings. Grunnvatn sem streymir frá Bláfjöllum til Heiðmerkur virðir ekki lögsögumörk sveitarfélaga. Því er mikilvægt að mismunandi stjórnsýslueiningar móti heildstæða stefnu um verndun og nýtingu vatnsauðlindarinnar í samvinnu við hagsmunaaðila og séu samstiga í eftirfylgni stefnunnar. Hafa ber í huga að mengunarslys sem leiðir til lokunar vatnsbóla skapar neyðarástand á örfáum klukkutímum.

### Kostnaður mengunarslyss

Í kjölfar olíumengunarslyss er gripið til eftirlits- og hreinsunaraðgerða. Höfundar vita ekki til þess að rannsóknir hafi farið fram á hvernig olíumengun dreifist í séríslensku sprungu-, hrauna- og móbergs umhverfi. Erfitt verður að fylgjast með afdrifum mengunarslyss, þar sem um er að ræða tímabundinn atburð og stærðarafmörkuð mengunaráhrif með óljósa rennslisstefnu. Til eru ýmsar hreinsiaðferðir fyrir mengun grunnt í jörðu, eins og uppdæling, jarðvegsskipti og lífrænt niðurbrot. Hins vegar er takmörkuð þekking og reynsla á slíkum aðferðum á Íslandi og óljóst hvort þær myndu nýtast við mengun sem bærist 200 metra niður að grunnvatnsborði vatnsverndarsvæðis höfuðborgarinnar. Bæði eftirlit og hreinsun, ef út í hana væri farið, gæti því verið flókið og kostnaðarsamt verkefni. Hver á að bera byrðina af slíkum kostnaði?

### Leiðin áfram

Í ljósi tæknilegra og fjárhagslegra umsvifa eftirlits- og jarðvegshreinsunaraðgerða, og mikilvægi neysluvatnsins fyrir íbúa og fyrirtæki, skiptir máli að draga úr mengunarhættu og slysum á vatnsverndarsvæðum. Stjórnsýslueiningar, hagsmunaaðilar og almenningur verða að taka vatnsvernd af alvöru og vinna saman. Mannleg umsvif á vatnsverndarsvæðum þurfa að vera gerð af mikilli ígrundun og fullri ábyrgð. Vatnsauðlind Íslendinga eru forréttindi sem verður að varðveita, það gerist ekki af sjálfu sér.

# Mannréttindi, spilling og fjölbreytni

**SAMFÉLAG**



**Árni Múli Jónasson**
lögfræðingur

Ansi víða þar sem ég hef verið og komið á undanförnum árum og mánuðum á Íslandi hefur mér fundist beinlínis óþægilegt að finna hvað fólk er oft hikandi við að segja skoðanir sínar. Ekki vegna þess að það hafi ekki skoðanir heldur vegna þess að það óttast að þær falli ekki í kramið hjá þeim sem mestu ráða í atvinnulífinu eða sveitarstjórnum þar sem það býr. Fólk er hrætt um að ef það hefur „óæskilegar" skoðanir fái það síður vinnu eða viðskipti við ráðandi fyrirtæki eða sveitarfélagið.

Þetta hefur rifjað upp fyrir mér að þegar ég skrifaði um spillingu í mastersritgerð í lögfræði fyrir nokkrum árum komst ég að því að þeir sem mest hafa stúderað orsakir og afleiðingar spillingar vara mjög við því að hún grafi undan skoðana- og tjáningarfrelsinu og leggja áherslu á að áhrifaríkasta aðferðin til að vinna gegn spillingu sé að tryggja þau mannréttindi vel. Spilling er oft skilgreind sem misbeiting valds í þágu einkahagsmuna. Það geta að sjálfsögðu verið beinir hagsmunir þess sem valdið hefur en einnig hagsmunir einhverra sem honum tengjast, s.s. ættingja eða vina, pólitískra samherja, félags eða flokks. Ef fólk getur ekki sagt skoðanir sínar vegna ótta við að missa vinnuna eða viðskipti er mikil hætta á að valdhafar í atvinnulífi og stjórnmálum fái ekki það aðhald sem nauðsynlegt er til að vinna gegn spillingu. Heilbrigð samkeppni þrífst einnig augljóslega afar illa í svona umhverfi og þá eru óþvinguð skoðanaskipti forsenda þess að lýðræðið virki eins og til er ætlast.

Þar sem atvinnulíf er mjög einhæft og flestir eiga atvinnu sína eða viðskipti undir einu eða fáum ráðandi fyrirtækjum er mikil hætta á að svona andrúmsloft og hugarfar myndist. Sú hætta eykst enn þegar sömu aðilar hafa einnig áhrif eða vald í sveitarstjórnum.

### Tengingar eða óvild

Sú spilling sem fólk óttast hér birtist yfirleitt þannig að ráðningar og stöðuhækkanir eru ekki ákveðnar á grundvelli hæfni fólks og dugnaðar heldur ráða tengingar við vini, ættingja eða pólitíska samherja þar mestu eða óvild gagnvart þeim sem hafa ekki „réttar" skoðanir eða sambönd. Erfitt reynist að reka fyrirtæki nema stjórnendur ráðandi fyrirtækja eða pólitíkusar séu „sáttir" við eigendurna. Stundum fá pólitíkusar sjálfir eða ættingjar þeirra launuð verkefni, störf eða jafnvel stjórnunarstöður í stofnunum sveitarfélaga eða tengdra fyrirtækja, án þess að þurfa í raun að keppa um þær á jafnræðisgrundvelli. Sumir starfsmenn sveitarfélaga njóta verndar vina eða samflokksmanna sem hafa áhrif í sveitarstjórnum og koma í veg fyrir að við þeim verði hróflað þó að þeir standi sig ekki í starfi. Sums staðar hefur komist á samtryggingarkerfi pólitíkusa sem tryggir þeim bitlinga, svo sem vel launaða stjórnarsetu í fyrirtækjum og félögum sem sveitarfélög eiga aðild að í stað þess að hæfasta fólkið sé látið gæta þar hagsmuna sveitarfélagsins.

**➜ Það er tómt mál að tala um jöfn tækifæri þegar of mikið vald safnast á fárra hendur og þeir verða nánast einráðir á sínu svæði...**

Ég tel að hér sé um samfélagsmein að ræða sem verði að viðurkenna og takast á við ef við viljum búa í samfélagi sem gefur fólki og fyrirtækjum jöfn tækifæri í raun. Það er tómt mál að tala um jöfn tækifæri þegar of mikið vald safnast á fárra hendur og þeir verða nánast einráðir á sínu svæði um það hverjir fá vinnu eða framgang í starfi og hvort fyrirtæki lifa eða deyja. Fjölbreytni í atvinnulífi er ekki bara nauðsynleg til að efnahagurinn dafni og verði ekki of berskjaldaður fyrir sveiflum og áföllum. Þannig fjölbreytni er líka bráðnauðsynleg til að samþjöppun valds leiði síður til að mikilsverð mannréttindi skerðist. Fjölbreytt atvinnutækifæri stuðla nefnilega mjög að því að fólk geti þvingunarlaust haft skoðanir og tjáð sig um þær án þess að þurfa að óttast um möguleika sína til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum þar sem það býr og vill búa.

LYFJA
– Lifið heil

Sheer Blonde®
+20%
afsláttur af Go Blonder hárvörum frá John Frieda



www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
Gildir 23. maí – 4. júní

# Færar leiðir til aukinnar framleiðni

**FRAMLEIÐNI**



**Gunnar Haugen**
framkvæmdastjóri hjá Capacent

**➜ Það er mikilvægt að hafa hugfast að til eru margar þekktar leiðir til að bæta framleiðni í núverandi rekstri án þess að umbylta þurfi daglegu starfi.**

Það hafa margir gripið á lofti þær góðu ábendingar sem finna má í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey um framleiðni á Íslandi. Til dæmis hefur sú niðurstaða McKinsey að Íslendingar séu ekki að vinna í réttum starfsgreinum vakið athygli og umræðu. Of rík áhersla sé á frumframleiðslu og það þurfi að skapa störf og starfsfólk í greinum sem eru arðbærari og skila þannig landinu meiri ábata en önnur störf.

Í þessu sambandi er réttilega kallað á fleiri einstaklinga með raunvísindamenntun eða forritunar- og stærðfræðigrunn. Þau markmið eru í samræmi við ákall annarra þjóða. Bandaríkin kalla á fólk með þennan bakgrunn, hið sama gerir Evrópa og í raun er skortur á þessari þekkingu í heiminum öllum. Það er því líklegt að fólk með traustar stoðir í raunvísindum og skyldum greinum komi til með að eiga frekar auðvelt með að sjá sér og sínum farborða næstu áratugina. Vegna þessa hafa stjórnvöld og aðrir ákveðið að leggja aukna áherslu á kennslu í raungreinum og háskólarnir búa sig undir að manna kennslu með hæfu fólki svo við getum búið til starfsfólk fyrir 21. öldina. Þetta er ein af forsendum þess að okkur takist að halda hagsæld í landinu og taka þátt í alþjóðlegri atvinnulífssköpun.

En það vill hins vegar gleymast að setningin í skýrslu McKinsey um aukna framleiðni á vinnumarkaði fól einnig í sér annan lið sem er sjaldnar í umræðunni. Í skýrslunni er setningin svona

„There are two complementary levers for increasing productivity: directly increasing sectoral productivity and steering resources towards higher productivity sectors of the economy (the former having more impact than the latter)." Bls. 41, McKinsey 2012.

### Skilar ábata strax

Þarna er dregið fram að til mikils sé að vinna með því að bæta framleiðni í núverandi rekstri fyrirtækja. Um þessar tvær meginleiðir til að auka framleiðni á Íslandi segir svo erlenda ráðgjafafyrirtækið að árangurinn af því að auka framleiðni í núverandi greinum sé meiri en af því að flytja vinnuafl í aðrar greinar. Eða með öðrum orðum: Mesti ávinningurinn felst í því að huga að því að bæta vinnubrögð og rekstur í venjulegum íslenskum fyrirtækjum. Það skilar okkur ábata strax en ekki eftir fimm eða tíu ár þegar ný menntastefna gæti byrjað að skila sínu.

Vitaskuld er best að fara í hvort tveggja, enda aðskilin mál.

### Margar þekktar leiðir

Það er mikilvægt að hafa hugfast að til eru margar þekktar leiðir til að bæta framleiðni í núverandi rekstri án þess að umbylta þurfi daglegu starfi. Ég ætla að leyfa mér að telja upp nokkrar aðferðir sem allar hafa sterk tengsl við bætta afkomu og eru ekki almennt notaðar hérlendis.

Þetta eru til dæmis bestun vinnuferla og aðfanga, vönduð ferli við val og ráðningu nýrra starfsmanna, markviss móttaka og þjálfun nýliða, gott frammistöðumat og hvatakerfi, bætt innkaup og stýring veltufjármuna, hagnýting nýjustu upplýsingatækni og margt fleira.

Það sem stjórnendur fyrirtækja á landinu standa frammi fyrir í dag er í raun ákvörðun um að halda áfram að harka og ná árangri með löngum vinnustundum og lágum launum, eða breyta til og kynna sér og innleiða vinnubrögð sem eru líkleg til að skila fleiri krónum en áður úr sama rekstri. Hvort skyldi nú vera betra?

Tilboðin gilda 23. - 26. maí

# netto

*Kræsingar & kostakjör*



**VERÐ-SPRENGJA!**

# LAMBASKROKKUR

## 1/2 GRILLSAGAÐUR

# 878 KR/KG

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## MERKISATBURÐIR

**1618** Þrjátíu ára stríðið hefst í Evrópu með uppþotum í Prag.

**1949** Þýskaland skiptist formlega í Vestur-Þýskaland og Austur-Þýskaland.

**1965** Danir samþykkja að afhenda íslensku handritin, sem lengi höfðu verið bitbein þjóðanna.

**1985** Stefna Íslendinga í afvopnunarmálum staðfest á Alþingi: Á Íslandi verða ekki staðsett kjarnorkuvopn.

**1987** Hannes Hlífar Stefánsson verður heimsmeistari sveina í skák, 14 ára gamall.

**1992** Giovanni Falcone dómari er myrtur með sprengju í Palermó.

**1995** Forritunarmálið Java fyrst kynnt almenningi.

**1996** Svíinn Göran Kropp nær toppi Everest-fjalls án súrefnis-hjálpartækja eftir að hafa hjólað að fjallinu frá Svíþjóð.



**TILEINKUÐ EDDU HEIÐRÚNU** Nýjasta verk Brúðubílsins er tileinkað Eddu Heiðrúnu Backman, sem hefur talað fyrir margar brúðurnar í bílnum í gegnum tíðina, meðal annars þær sem Helga og Edda Heiðrún stilltu sér upp með í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Brúðutangó Brúðubílsins

**Júnísýning Brúðubílsins verður að þessu sinni tileinkuð leikkonunni Eddu Heiðrúnu Backman, sem hefur léð fjölmörgum brúðum bílsins röddu í gegnum tíðina.**

„Það er svo mikil lífsgleði sem fylgir því að starfa við Brúðubílinn, nú sem endranær er svo gaman að undirbúa sýningar sumarsins," segir Helga Steffensen, sem hefur í 33 ár skemmt íslenskum börnum með Brúðubílnum. Eins og undanfarin ár verða tvær sýningar í Brúðubílnum í sumar. Sú fyrri, Brúðutangó, verður frumsýnd 6. júní næstkomandi. Leikhús Brúðubílsins tileinkar þessa sýningu Eddu Heiðrúnu Backman sem hefur léð mörgum brúðum bílsins rödd sína í gegnum tíðina. „Edda Heiðrún hefur talað fyrir margar eftirminnilegar persónur í brúðubílnum, til dæmis Agnarögn og óperusöngkonuna Mímí. Hún var svo vinsamleg að leyfa okkur að tileinka henni sýninguna Brúðutangó," segir Helga, sem notar oft raddir af bandi í sýningum Brúðubílsins. „Það hentar oft að gera það, en svo tala ég fyrir brúðurnar og stjórna ásamt Júlíönu Kristínu Jónsdóttur," segir Helga, sem hlakkar mikið til að hefja sýningar með Brúðubílnum. „Börn eru svo ánægðir og þakklátir áhorfendur. Og nú eru það orðnar ansi margar kynslóðir sem hafa fylgst með okkur, ég hitti stundum rígfullorðið fólk sem þakkar mér fyrir sýningarnar í sinni æsku."

Brúðutangó verður frumsýndur í Hallargarðinum 6. júní. Helga Steffensen gerir handrit og brúður og stjórnar brúðunum ásamt Júlíönu Kristínu Jónsdóttur. Bílstjóri og tæknimaður er Jón Geirfinnsson. Upplýsingar um dagskrá er að finna á vefnum brudubillinn.is.

sigridur@frettabladid.is

## Skemmtun og fræðsla í senn

„Markmið með leikhúsi Brúðubílsins er skýrt. Þessi menningarstarfsemi er fyrst og fremst til skemmtunar og fræðslu, göngum vel um náttúruna, verum góð við blóm og dýr og sérstaklega hvert við annað. Vináttan og kærleikurinn er kjarninn. En sem betur fer eru sýningarnar líka spennandi og það eru til dæmis úlfarnir, refurinn, krókódílarnir og fleiri sem taka það að sér. Brúðan er ákaflega heppilegur miðill til að ná til barnanna en ekki má gleymast að brúðuleikhús er fyrst og fremst fáguð og öguð listgrein," segir í fréttatilkynningu Helgu Steffensen um Brúðubílinn.

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**STEFÁN Ó. GUÐMUNDSSON**

lést á Landspítalanum 21. maí. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju 31. maí kl. 13.00.

**Svanhvít Jónasdóttir**
**María Jónsdóttir**
**María Stefánsdóttir** **Hákon Stefánsson**
**Elísabet Stefánsdóttir** **Sigursteinn I. Rúnarsson**
**Fanney Jóhannesdóttir, Anna Elísabet Hákonardóttir,**
**Stefán Orri Hákonarson, Sebastian Sigursteinsson Varón,**
**Davíð Kári Sigursteinsson og Sara Svanhvít Sigursteinsdóttir.**

---

✝



Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRÓLFUR MEYVANTSSON**
**Aflagranda 40, Reykjavík,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Grund hinn 16. maí síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Neskirkju í Reykjavík föstudaginn 24. maí næstkomandi klukkan 13.

**Guðrún Eyjólfsdóttir**
**Gunnar Þórólfsson** **Jóhanna Friðgeirsdóttir**
**Elísabet Þórólfsdóttir**
**Meyvant Þórólfsson** **Rósa Guðbjartsdóttir**
**Bjarni Þór Þórólfsson** **Hrefna Sigríður Briem**
**Brynjólfur Ásgeir Guðbjörnsson** **Sigríður Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur sonur minn, bróðir okkar og mágur,

**GUÐMAR ANDRÉSSON**

lést 14. maí síðastliðinn.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.
Fjölskyldan þakkar fyrir samúð og hlýhug.

**Lára Jónsdóttir**
**Guðrún Andrésdóttir** **Sveinn Egilsson**
**Anna Andrésdóttir** **Jón Valgeir Skarphéðinsson**
**Andrea Andrésdóttir** **Haraldur Jóhannesson**
**börn og barnabörn þeirra.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur, sambýlismaður og bróðir,

**BERGUR JÚLÍUSSON**

lést af slysförum fimmtudaginn 16. maí. Útförin fer fram frá Glerárkirkju á Akureyri mánudaginn 27. maí kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Landsbjörg.

**Júlíus Pétur Bergsson**
**Gyða Ósk Bergsdóttir** **Stefán Andri Stefánsson**
**Helga Bergsdóttir** **Rögnvaldur Björnsson**
**Júlíus Bergsson** **Anna Þorsteinsdóttir**
**Halla Björk Ragnarsdóttir**
**og systkini hins látna.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLI D. FRIÐBJÖRNSSON**
**Hjallalundi 20, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 15. maí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 27. maí kl. 13.30.

**Hulda Jóhannsdóttir**
**Aðalheiður Óladóttir** **Nils Helleday**
**Björg Óladóttir**
**Jóhann V. Ólason**
**afa- og langafabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda hlýju og vinarhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,

**ÞORBERGS PÉTURSSONAR**
**Laugarnesvegi 89, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til alls starfsfólksins á V2 á Grund í Reykjavík fyrir einstaka hlýju og vinsemd.

**Pétur Þorbergsson** **Jóhanna Traustadóttir**
**Kristján Þorbergsson** **Þórunn Sigurðardóttir**
**Sigríður Rós Pétursdóttir** **Bryndís María Kristjánsdóttir**
**Bergrós Kristjánsdóttir** **Sigrún Valdís Kristjánsdóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LOVÍSA H. BJÖRNSSON**

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund þriðjudaginn 21. maí síðastliðinn.

**Árni Gunnarsson**
**Rannveig Gunnarsdóttir** **Tryggvi Pálsson**
**Sigurjón Gunnarsson** **Sigríður Olgeirsdóttir**
**Gunnar Örn Gunnarsson** **Olga Bergljót Þorleifsdóttir**
**Halldór Gunnarsson** **Anna Persson**
**Þórarinn Gunnarsson** **Berglind Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra,

**BERGÞÓRA ÞORSTEINSDÓTTIR**
**(BEGGA)**
**Drápuhlíð 5, 105 Reykjavík,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 18. maí. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 27. maí kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Grund fyrir hlýju og alúð.

**Aðstandendur**

---

✝



Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR**
**frá Nýjabæ í Vestmannaeyjum,**
**síðan Eyjabakka 2,**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 6. maí.
Útför hennar fór fram frá Seljakirkju 16. maí.

**Sigurður Jóhann Ólafs**
**Arnar Theódórsson**
**Sigríður Theódórsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN JÓNSDÓTTIR**
**kennari,**

lést þriðjudaginn 14. maí. Útför hennar fer fram frá Kristskirkju Landakoti mánudaginn 27. maí kl 15.00.

**Gyða Magnúsdóttir** **Ársæll Jónsson**
**Jón Magnússon** **Margrét Þórdís Stefánsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Elskuleg frænka okkar,

**STEINUNN LILJA AUSTMANN HELGADÓTTIR**
**frá Patreksfirði,**
**Austurbyggð 17, Akureyri,**

lést 10. maí á dvalarheimilinu Hlíð.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd annarra ættingja,**
**systkinabörn hinnar látnu.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## NÝSKÖPUNARKEPPNI

**Rúmlega fimmtíu þátttakendur keppa til úrslita í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) sem fer fram í dag og á morgun í húsnæði HR. Sýning á afrakstri hugmyndasmiða verður opnuð á sunnudaginn í kjölfar verðlaunaafhendingar sem hefst kl. 15.00 í Sólinni í húsnæði HR.**


SUMARLEGUR – FÍNLEGUR

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur

og vel fylltur í 70-85 B, 75-85 C á **kr. 5.800,-**
buxur í stíl á **kr. 1.995,-**





ÚTSKRIFTARGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum





iittala
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Vantar þig buxur?

Við eigum frábært úrval af buxum í klæðilegum sniðum!

Stærðir 34-46!

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777




# ENDURNÆRÐ Á SÁL OG LÍKAMA

**HEILSUHÓTELIÐ KYNNIR** *Lífsgleðin eykst og líkamleg heilsa batnar við dvöl á Heilsuhóteli Íslands. Aðstaðan þar er til fyrirmyndar.*

Frábær aðstaða og gott starfsfólk er efst í huga Brynju Scheving, framkvæmdastjóra Ballettskóla Eddu Scheving, sem nýlega dvaldi í tvær vikur á Heilsuhóteli Íslands. Þetta er fjórða dvöl hennar á hótelinu og í annað sinn sem hún dvelur í tvær vikur í senn. „Þetta er eitt það besta sem ég hef gert um ævina. Svona tveggja vikna dvöl gerir svo margt fyrir mann, bæði andlega og líkamlega. Í raun er eins og maður núllstilli sig við komuna þangað. Ég dvaldi fyrst í tvær vikur á hótelinu árið 2010 og hef auk þess dvalið tvisvar sinnum þar í styttri tíma. Alltaf kem ég endurnærð til baka á sál og líkama.“ Brynja segist hafa viljað taka sig á í mataræðinu og prófa eitthvað nýtt á sínum tíma. Hún hafði heyrt mjög góða hluti um Heilsuhótelið og langað að prófa. „Ég varð svo sannarlega ekki fyrir vonbrigðum með dvöl mína. Nú er ég búin að temja mér hollari lifnaðarhætti. Í hraða nútímasamfélagsins vill maður oft freistast til að borða skyndibita eða annað óhollt úr ísskápnum. Því er gott að láta minna sig á mikilvæga hluti sem maður hefur þó oft heyrt áður.“

Að sögn Brynju er aðstaðan á hótelinu til fyrirmyndar. „Nú er búið að bæta meiri fjölbreytni í gönguferðir víða á Suðurnesjum og fjöll eru klifin. Aðstæður á hótelinu eru mjög góðar og þar er til dæmis einn besti nuddari landsins.“ Brynja segir einnig mikilvægt að bæla niður neikvæða umfjöllun um detox á Íslandi. „Ég kalla þetta frekar afeitrun á líkamanum þar sem verið er að losa hann við eiturefni og ýmis aukaefni. Auðvitað býðst ristilskolun fyrir þá sem vilja en það er frjálst val.“

Hún mælir með Heilsuhótelinu við alla. „Það þarf ekki að glíma við offituvandamál til að dvelja á hótelinu. Lífsgleðin eykst og líkamleg heilsa batnar mikið. Svo er gott að hvíla sig á hvítum sykri og hveiti í tvær vikur en ég ætti erfitt með að gera það.“



**FRÁBÆR TÍMI** „Svona tveggja vikna dvöl gerir svo margt fyrir mann, bæði andlega og líkamlega,“ segir Brynja Scheving, framkvæmdastjóri Ballettskóla Eddu Scheving.
MYND/VILHELM


heilsuhótel íslands

Næstu námskeið við Heilsuhótel Íslands

Heilsunámskeið vorönn

7. - 21. júní
5. – 19. júlí

www.heilsuhotel.is
Sími: 512 8040





Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE
WOMEN CERTIFIED

| | | 6 | 5 | 9 | | | | 7 |
| 9 | | | | | 8 | | | |
| 2 | | | | | 5 | | 9 | |
| 7 | 8 | | 9 | | 3 | | 1 | |
| | 3 | | | 4 | | | | |
| 1 | | 4 | | | | 5 | | |
| | 6 | | | | | 4 | 8 | |
| | | | | | | 6 | 2 | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 5 | | | 6 |
| | | 6 | | | 7 | 8 | | |
| 3 | | | | | | | 9 | 2 |
| | | | | 4 | | 9 | | 8 |
| | 8 | | | 5 | | | | 4 |
| 4 | | 1 | | 6 | | | 3 | |
| | | 9 | | | 3 | 4 | 2 | |
| | | 3 | 2 | | | | | |
| | | 5 | | | 4 | | | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 5 | 9 | 7 | 2 |
| 5 | 3 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 5 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 |
| 4 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 6 | 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 5 | 7 | 6 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 2 | 5 | 1 |
| 9 | 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 7 | 6 | 3 |
| 1 | 9 | 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 5 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 5 |
| 8 | 7 | 3 | 4 | 5 | 9 | 6 | 1 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 5 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 9 |
| 3 | 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 8 | 1 | 6 |
| 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 9 | 3 |
| 8 | 1 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 4 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 9 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 |
| 9 | 7 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 | 8 | 5 |
| 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 9 | 6 | 2 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Það er annað tveggja sem þú getur gert; haldið kjafti, sem er nokkuð sem mér finnst ekki auðvelt, eða lært rosalega margt mjög hratt, sem er það sem ég hef reynt að gera.**

*Jane Fonda*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** skammstöfun, **8.** mælieining, **9.** gogg, **11.** fyrir hönd, **12.** heill, **14.** gosdrykkur, **16.** átt, **17.** gerast, **18.** klampi, **20.** frá, **21.** góla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erfðavísa, **3.** í röð, **4.** grænmeti, **5.** dýrahljóð, **7.** gagntaka, **10.** skordýr, **13.** þangað til, **15.** töng, **16.** dæling, **19.** gangþófi.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** eh, **8.** bar, **9.** nef, **11.** pr, **12.** allur, **14.** tónik, **16.** sa, **17.** ske, **18.** oki, **20.** af, **21.** gala. **LÓÐRÉTT: 1.** gena, **3.** áb, **4.** paprika, **5.** urr, **7.** heltaka, **10.** fló, **13.** uns, **15.** kefi, **16.** sog, **19.** il.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Arnar Gunnarsson og Davíð Kjartansson mætast í úrslitum Íslandsmótsins í atskák á RÚV á laugardag. Arnar mætti Ivan Sokolov í Reykjavík 2001.**



**Hvítur á leik** Þetta er þekktasta skák Arnars, sem hafði yfirspilað Sokolov eftir öllum kúnstarinnar reglum. Hér lék hann 43. gxf7+ og skákin endaði með jafntefli. 43. Bf6!! hefði hins vegar gert út um skákina.

**www.skak.is** Einvígið á RÚV hefst kl. 14 á laugardag.

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

STÆRSTU MERKIN

SUMAR TILBOÐ

SPJALDTÖLVU TILBOÐ

Notaðar og lítið útlitsgallaðar spjaldtölvur á ótrúlegu tilboði meðan birgðir endast á verði frá

9.990

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

ALLT AÐ 30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF TOSHIBA FARTÖLVUM

TOSHIBA

ALLT AÐ 40 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ACER FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM

acer

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF LENOVO FARTÖLVUM

lenovo

SMELLTU Á KÖRFUNA

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA



**SÝNINGARGRIPIR** Í kistu Þórdísar Símonardóttur ljósmóður eru blóðtökusett og stólpípur. MYND/LÝÐUR PÁLSSON

# Líf og störf Ljósunnar á Bakkanum

Sýningin Ljósan á Bakkanum verður opnuð á morgun í Húsinu á Eyrarbakka. Þar er brugðið ljósi á æviferil Þórdísar Símonardóttur ljósmóður.

„Baráttumál, starfsaðstæður og langur og strangur æviferill ljósmóður eru viðfangsefni sýningar sem opnuð verður í Húsinu á Eyrarbakka á morgun, 24. maí og nefnist Ljósan á Bakkanum. Sýningin fjallar um líf og störf Þórdísar Símonardóttur, ljósmóður á Eyrarbakka 1883-1926. Þar eru líka ýmsir munir frá henni sjálfri sem Eiríkur Guðmundsson í Hátúni á Eyrarbakka gaf safninu fyrir ári,“ lýsir Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga, en sýningin er samstarfsverkefni byggðasafnsins, Brúarsmiðjunnar og Eyrúnar Ingadóttur, sagnfræðings og höfundar bókarinnar Ljósmóðirin.

Sýningin er í borðstofu Hússins á Eyrarbakka, hinu gamla og virðulegu kaupmannssetri, byggðu 1745, og er opin alla daga frá 11 til 18 fram til 15. september. - gun


## ÚTGÁFUGLEÐI!

**Verið velkomin að fagna útgáfu bókar okkar *Markþjálfun*, í dag 23. maí kl. 17 í Eymundsson Austurstræti, 3. hæð.**

**Léttar veitingar**
**Útgáfutilboð á bókinni**






Matilda Gregersdotter
Arnór Már Másson
Haukur Ingi Jónasson
og starfsfólk
Forlagsins

JPV ÚTGÁFA

1 kr. sendingagjald í takmarkaðan tíma!

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu




**SARA OG SVANHILDUR** Systurnar eru í þann mund að koma Sólon fyrir í húsi sínu við Skólavörðustíg. Þar ætlar hann að hafast við fram í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vei þeim sem raskar ró Sólons í Slunkaríki

Sólon í Slunkaríki hreiðrar um sig á Skólavörðustíg í sumar í innsetningu systranna Söru og Svanhildar Vilbergsdætra. Þær hafa lagt stund á dúettmálun síðan 2010 og dreymir um að endurgera Slunkaríki Sólons í fullri stærð.

Frá árinu 2010 hafa myndlistarkonurnar og systurnar Sara og Svanhildur Vilbergsdætur lagt stund á svonefnda dúettmálun, sem felur í sér að þær mála tvíhent á striga. Þær taka þátt í tveimur sýningum á Listahátíð í Reykjavík í ár sem báðar verða opnaðar á laugardag: portrett-samsýningunni Augliti til auglitis í Listasafni ASÍ og útisýningunni Undir berum himni í Þingholtunum og á Skólavörðuholti.

Verk þeirra á síðarnefndu sýningunni er líkan af húsi Sólons í Slunkaríki (1860 til 1931), sveitunga þeirra systra á Ísafirði.

„Sólon var skemmtilegur furðukarl sem vildi hafa húsið sitt úthverft, það er að segja veggfóðrið og skrautið átti að snúa svo allir gætu notið þess en bárujárnið var innandyra,“ segir Sara en þær systur voru í óðaönn að setja upp líkanið við Skólavörðustíg 35 þegar Fréttablaðið hitti á þær. „Á efri árum hrinti Sólon þessari hugmynd sinni í framkvæmd en entist ekki ævin til að ljúka henni; bárujárnið var komið upp að innan en það átti eftir að veggfóðra húsið að utan og setja upp skrautmuni.“

Sara segir að þeim systrum hafi þótt hugmyndin of skemmtileg til að fylgja henni ekki eftir og um leið halda minningu Sólons á lofti.

„Maður verður ekki mikið var við svona fólk nú til dags, ætli það sé ekki bara haft inni á stofnunum.“

Systurnar gerðu ekki bara líkan af húsi Sólons, heldur húsráðandanum sjálfum, sem verður inni í húsinu ásamt ýmsum munum. Vegfarendur á Skólavörðustíg munu því geta gægst inn um gluggann og virt hann fyrir sér. En óttast þær ekki að húsið verði fyrir skemmdum?

„Nei, við trúum ekki að nokkur manneskja leggi í það, Sólon var heljarmenni að burðum, gat unnið á við fjóra og hann situr inni í skúrnum! Vei þeim sem reynir að raska ró hans. Vonandi verða veðurguðirnir okkur hliðhollir líka.“

Systurnar vona að líkanið að Slunkaríki sé aðeins vísirinn að stærra verkefni.

„Draumurinn er að geta einn daginn byggt hús í fullri stærð eins og Sólon sá það fyrir sér. Það væri dásamlegt að geta klárað verkið sem hann byrjaði á en auðnaðist ekki að ljúka því.“

bergsteinn@frettabladid.is



**INNBÚ EÐA ÚTBÚ?** Sara og Svanhildur útbjuggu líka líkan af Sóloni, sem hefst við inni í húsinu í sumar.

## Dúósystur mála Stórval

Portrett af Stefáni frá Möðrudal, Stórval, verður framlag þeirra Svanhildar og Söru Vilbergsdætra á samsýningunni Augliti til auglitis, sem verður opnuð í Listasafni ASÍ á laugardag.

Á sýningunni, sem stendur til 23. júní, eru portrett eftir eldri listamenn sem og samtímalistamenn, þekkta og lítið þekkta.

Þar eru sýnd öndvegisverk og önnur sem hafa lifað í skuggatilveru í geymslum og skúmaskotum, hefðbundin hvítflibbaportrett og samtímalegir útúrsnúningar.

Verkin sýna öll nafngreinda einstaklinga í ýmsum birtingarmyndum; málverkum, teikningum, þrívíðum verkum, myndbandsverkum og hljóðverkum.

Sýningarstjórar eru Steinunn G. Helgadóttir og Kristín G. Guðnadóttir.

## Verk eftir nær 100 listamenn

Undir berum himni er útisýning nær eitt hundrað innlendra og erlendra listamanna í almannarýminu í Þingholtunum og Skólavörðuholtinu. Sýningin spannar þverskurð af íslensku listalífi og býður tækifæri til að berja augum afurðir margra af þekktari myndlistarmönnum þjóðarinnar og nokkurra sem eru að stíga fyrstu skrefin.

Aldrei hafa fleiri myndlistarmenn sýnt saman á útisýningu hér á landi.



OKKAR STÆRSTA
LAGERSALA
EKKI MISSA AF ÞESSU!
VERÐDÆMI
VERÐ NÚNA KR. 799
VERÐ ÁÐUR KR. 2.139
5 IN 1 TRAVEL FAMILY GAMES
ROULETTE
SOLITAIRE
LUDO
DRAUGHTS
FORMULA
50-80% AFSLÁTTUR SPILUM
MIKIÐ ÚRVAL AF LEIKFÖNGUM
RS4
champion
TRAVEL SOLITAIRE
VERÐDÆMI
VERÐ NÚNA KR. 399
VERÐ ÁÐUR KR. 799
GJAFAÖSKJUR SEM GLEÐJA AUGAÐ
The Food and Cooking of Scandinavia
LIFE Gone Too Soon
THE ENCYCLOPEDIA OF THE MOTORCYCLE
50-80% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM TITLUM
LITABÆKUR, PÚSL, SKÓLAVÖRUR, ERLENDAR MATREIÐSLUBÆKUR, PAPPÍR OG UMSLÖG FERÐAVÖRUR, LITIR, BÆKUR ,TÖSKUR OG MARGT FLEIRA. YFIR 300 VÖRUTEGUNDIR!
GRIFFILL ALLTAF ÓDÝRARI
BT
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝR
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010 · OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 19
Auglýsingin gildir til og með 31.05.13. eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 23. MAÍ 2013**

### Heimildarmynd

**20.00** Heimildarmyndin „Do the math“ verður sýnd í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Myndin fjallar um vaxandi hreyfingu fólks sem vill snúa við neikvæðri þróun loftslagsbreytinga og berjast gegn jarðefnaeldsneytisiðnaði sem þau telja megin orsök vandans. Aðgangur er ókeypis.

### Málþing

**09.00** Nordens Välfärdscenter NVC og Norræna félagið á Íslandi bjóða til málþings um stöðu ungs fólks á vinnumarkaði og brottfall úr skóla í Norræna húsinu. Meginþema málþingsins verður nýútkomin skýrsla „Unge på kanten“ sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina. Bjørn Halvorsen verkefnastjóri skýrslunnar kynnir niðurstöður hennar ásamt Jenny Tägtström. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á norden.is.

### Tónlist

**20.00** Drengjakór Reykjavíkur heldur vortónleika í Hallgrímskirkju. Stjórnandi er Friðrik S. Kristinsson og orgelleikari Lenka Mátéová.

**21.00** Jazzsöngkonan Auður Guðjohnsen heldur tónleika á Café Rosenberg. Á dagskránni eru þekktir og vinsælir jazzslagarar.

**21.00** Tómas Magnús Tómasson fagnar 59 ára afmæli sínu með tónleikum á Ob-La-Dí Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Meðal þeirra sem fram koma eru Andrea Gylfa og Bíóbandið,Gunnar Þórðarson,Egill Ólafsson, Ásgeir Jónsson og Bítladrengirnir blíðu.

**22.00** Tónleikar Málmsmíðafélagsins verða haldnir á Gamla Gauknum. Leikin verða þekkt þjóðlög kennd við málm, frá áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

### Listamannaspjall

**12.15** Björn Roth tekur þátt í hádegisspjalli í tengslum við yfirlitssýningu Magnúsar Pálssonar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Þar rifjar hann upp samstarf föður síns, Dieter Roth, og Magnúsar.

### Fyrirlestrar

**12.05** Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri Ljósmyndasafns Íslands, flytur erindi sitt Myndsýn Íslendinga? Hugleiðingar um myndnotkun opinberra aðila, myndbirtingu sjálfsmyndar þjóðarinnar og stöðu íslenskrar samtímaljósmyndunar. Fyrirlesturinn verður í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands fimmtudaginn 23. maí kl. 12.05. Fyrirlesturinn er frír og öllum opin.

### Myndlist

**17.00** Torfi Ásgeirsson myndlistarmaður opnar sýningu á verkum sínum í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga í Bókasafni Seltjarnarness við Eiðistorg. Myndirnar eru málaðar með olíulitum á striga. Þær eru nostursamlega unnar og bera vitni um ögun og nákvæm vinnubrögð sem krefjast bæði þekkingar á málaralistinni og úthaldi til að ná fram settu marki. Allir eru velkomnir.

**18.00** Gjörningur Magnúsar Pálssonar Ævintýr/ Þrígaldur þursavænn verður fluttur í Hafnarhúsinu. Gjörningurinn er hluti af yfirlitssýningunni Lúðrahljómur í skókassa. Ævintýr er byggt á ítalskri þjóðsögu í endursögn Italo Calvino. Tónskáldin Atli Ingólfsson og Þráinn Hjálmarsson nálgast hér verkið út frá sjónarhóli tónlistarinnar sem fólgin er í tungumálinu og sem er rauður þráður í gjörningum Magnúsar. Þrígaldur þursavænn í útfærslu Listaháskóla Íslands. Verð kr. 2.000. Miðasala fer fram á midi.is

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is*




# Hungurleikar hinir meiri

BÆKUR ★★★☆☆

**Börnin í Dimmuvík**
Jón Atli Jónasson
**JPV-ÚTGÁFA**






**JÓN ATLI JÓNASSON** Frásögnin er látlaus og einföld í öllum sínum hryllingi, segir í dómi, myndirnar sterkar og sannfærandi og vísa aftur til skálda á borð við Jón Trausta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bókin Börnin í Dimmuvík eftir Jón Atla Jónasson lætur ekki mikið yfir sér. 83 síður í örsmáu broti og ekki mikill texti á hverri síðu. Sagan er þó stór og víðfeðm, spannar 80 ár í tíma og óravíddir í huga söguhetjunnar nafnlausu sem fædd er 1918 og rifjar upp æskuárin sitjandi á kirkjubekk við jarðarför síns eina bróður.

Uppistaða sögunnar er frá árinu 1930 þegar sögukona er tólf ára gömul og býr í nafnlausri vík, sem hún kallar Dimmuvík til þess að kalla hana eitthvað, á ótilgreindum stað á landinu með foreldrum sínum og tveimur systkinum. Það sem kemur atburðarásinni af stað er fæðing sem um leið er dauði og setur líf fjölskyldunnar í enn meira uppnám en harðri lífsbaráttunni hefur nokkru sinni tekist. Þetta andvana barn verður táknmynd fyrir lífið sem Dimmuvíkin býður upp á þar sem hungur, myrkur, sorg og skortur á tjáningu reisir veggi milli fólks og allar útgöngudyr virðast lokaðar. Þegar ærnar síðan veikjast af óskilgreindum sjúkdómi og þarf að skera þær allar virðist enda fátt bíða nema hungurdauðinn.

Frásögnin er látlaus og einföld í öllum sínum hryllingi. Við sjáum þessa eymdarvík og líf fjölskyldunnar þar með augum hinnar tólf ára stúlku sem reynir hvað hún getur að bjarga því sem bjargað verður en getur auðvitað engu bjargað nema sjálfri sér. Það er barnsdauði sem startar sögunni og hálft í hvoru á lesandinn von á að það sé upphafið að draugasögu en hér er ekki beitt neinum ódýrum trixum af yfirnáttúrulegum toga, lífsbaráttan sjálf er nógu mikill hryllingur, þarf ekki draugagang til. Óhugnaðurinn er þó alltaf kraumandi undir í textanum og í draumum sínum upplifir sögustúlkan ýmislegt sem ekki þolir dagsljósið. Martraðirnar eru þó nánast barnaleikur miðað við raunveruleikann og á köflum liggur við að lesandinn óski eftir aðeins minna raunsæi, raunverulegur hryllingur er svo margfalt harðari undir tönn en sá ímyndaði.

Sagan er ágætlega skrifuð og ögnin sem alltaf vakir rétt undir yfirborði textans er nánast áþreifanleg. Myndirnar sterkar og sannfærandi og vísa aftur til skálda á borð við Jón Trausta sem manna best skrifaði um harðræðið sem íslensk alþýða bjó við til skamms tíma. Það vantar þó einhvern herslumun til að sagan nái að hrífa mann alveg með sér. Persónurnar eru hálfgerðar skuggamyndir og eins og eðlilegt er í frásögn barns er framferði foreldranna illskiljanlegt, sem truflar heildarmyndina af þessu hokurlífi og ástæðunum fyrir ráðaleysi fullorðna fólksins.

Engu að síður er hér á ferðinni athyglisverð saga sem holt er fyrir okkur að lesa og hugsa um á þessum svokölluðu krepputímum nútímans.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Sterk saga þar sem lífsbarátta forfeðranna er í brennidepli. Vel dregnar myndir sem lifa lengi í huga lesandans en þokukennd persónusköpun dregur nokkuð úr áhrifunum.



**OLÍA Á STRIGA** Ein myndanna á sýningunni í Bókasafni Seltjarnarness.

# Íslensk náttúra og birta algeng grunnstef

Torfi Ásgeirsson myndlistarmaður opnar sýningu í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga í Bókasafni Seltjarnarness við Eiðistorg, í dag klukkan 17. Þar eru olíumálverk á striga.

Sterkir litir einkenna verk myndlistarmannsins Torfa Ásgeirssonar sem opnar sýningu í dag í Bókasafni Seltjarnarness. Þar eru íslensk náttúra og birta algeng grunnstef, einnig kyrrð og tímaleysi. Myndir Torfa eru málaðar með olíulitum á striga.

Torfi er fæddur á Húsavík 1960. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1981 og útskrifaðist frá málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1988. Hann hefur sýnt víða, meðal annars í Ásmundarsal og Safnahúsinu á Húsavík. Þá hefur hann tekið þátt í samsýningum, meðal annars í Hafnarhúsinu í Reykjavík árið 1995.

Allir eru velkomnir á opnun sýningarinnar, hún er opin alla virka daga milli klukkan 10 og 19, nema föstudaga frá 10 til 17. Aðgangur er ókeypis.

# Staður og stund á Rás 1

**Staður og stund nefnast nýir þættir sem eru á dagskrá Rásar 1 á föstudögum klukkan 15.25. Umsjónarmaður þáttanna er Svavar Jónatansson ljósmyndari en hann hefur áður stýrt þáttunum Vestur um haf, Liðast um landið, Við frostmark og nú síðast Leitinni, sem lýkur göngu sinni í lok maí.**

**Í Stað og stund verða fjölbreyttar frásagnir, þar sem tilviljanir augnablika blandast fortíð og sögu í gegnum upplifun umsjónarmannsins og viðmælenda hans.**

**Meðal efnis má nefna Flugvallarútópíu í Berlín, fiðluleik í lest meðfram Balaton-vatni, hættuför Rússa á Vatnajökli og útlaga í Utah.**



**SVAVAR JÓNATANSSON** Stýrir nýjum þáttum á Rás 1.


SUMAR TILBOÐ
Rafmagns-sláttuvél 1200W 24.995kr
SÝPRIS 999 kr
Sunset Solo 3 gasgrill 39.900kr
SUNSET
BLACK&DECKER
STJÚPU Sprengja 999kr 10 stk
Harpa Sjöfn útimálning 10L 12.995kr
HarpaSjöfn
ÚTITEX
AKRYL 5
Nilfisk
Nilfisk háþrýstidæla 105bar 11.995kr
ÞVOTTAVÉL ELECTROLUX 1000 SN 79.900kr 92.900
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
Electrolux
Brauðrist Russel Hobbs 10.900 kr 13.995
Handþeytari Russel Hobbs 5.900 kr 7.579
ÁVÍSUN HANDA ÞÉR!
3.000,-
Handhafa
Þrjúþúsund 00/100
Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira
14. - 26. maí 13
Húsasmiðjan og
RENNUR ÚT UM HELGINA
SÆLU REITUR 2013
ÁVÍSUN
SÍÐASTI SÉNS
MUNDU AÐ NÝTA ÞÉR 3.000 KRÓNA ÁVÍSUNINA, ÞEGAR KEYPT ER FYRIR 10.000 KR EÐA MEIRA, FYRIR 26. MAÍ.
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Þú finnur ávísunina þína á bakhlið Sælureitsins
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956
Verð gilda til 26. maí meðan birgðir endast.



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Maðurinn sem braut niður dyrnar

Í nokkur ár hlustaði ég á The Doors á hverjum degi. Sem krakki hafði ég heyrt lag og lag á stangli, til dæmis Riders on the Storm, Hello, I Love You og Break On Through (en ekki Light My Fire, ótrúlegt en satt) en aldrei lagt mig sérstaklega eftir plötum sveitarinnar. Svo kom stóra sprengjan vorið 1991 þegar ég var nýskriðinn á táningsaldur og móttækilegur eftir því.

Bíómynd Olivers Stone um Jim Morrison (þar sem Val Kilmer söng lögin sjálfur og komst svona líka prýðilega frá því) hratt af stað gríðarlegu Doors-æði á Íslandi og um leið almennum áhuga á tónlistinni og menningunni frá því tveimur áratugum fyrr. Hárið síkkaði, gallabuxnaskálmarnar víkkuðu og forljótar hippamussur tóku að stinga upp kollinum á götum bæjarins (og í Öskjuhlíðinni, þar sem sumum þótti sniðugt að safnast saman til að drekka landa á hlýjustu kvöldunum í veikri von um að líta jafn töff út og Jim og félagar á sýrutrippi í eyðimörkinni). Í Hljóðfærahúsinu á Laugavegi var meira að segja fest upp tilkynning þess efnis að harðbannað væri að prófa hljómborðin í búðinni með því að spila intróið að Light My Fire, slíkar voru vinsældirnar.

Að æðinu mikla loknu stóð þó eftir að mun meira var spunnið í Doors en flestar aðrar hljómsveitir frá sama tíma. Jim Morrison var töff og samdi kúl og kriptíska texta en orgelleikarinn Ray Manzarek, sem lést síðastliðið mánudagskvöld, kenndi mér og mörgum óhörðnuðum unglingnum að mestu meistarana er oftar en ekki að finna í bakgrunninum. Manzarek, þessi snillingur, lék bassalínurnar með vinstri meðan hann lét vaða á orgelið með hægri! Hvernig var þetta hægt? Og hvaða örlaganornum mútaði maðurinn til að öðlast þessa óendanlegu hæfileika? Var hann kannski einhvers konar ofurmenni? Já, stundum saknar maður þess að vera ekki lengur ungur, ör og laus við þá leiðinlegu vitneskju að ekkert er nýtt undir sólinni.

En gefum okkur að Ray Manzarek sé núna rétt um það bil að tékka sig inn á Hótel Himnaríki og klæi í fingurna að djamma með nokkrum vel völdum nágrönnum. Nóg ætti jú að vera af hæfileikafólki þarna uppi, en ég myndi benda honum kurteislega á að leita uppi trommarann Keith Moon, Cliff Burton á bassann, gítarleikarana Jimi Hendrix og Mick Ronson, söngvarann Sam Cooke, söngkonuna Ari Up og Tupac Shakur til að bösta nokkrar rímur. Ray ætti varla að leiðast.



## Í spilaranum







**Ýmsir** - This Is Icelandic Indie Music
**The National** - Trouble Will Find Me
**Jóhann Kristinsson** - Headphones








**DAFT PUNK** Hljómsveitin Daft Punk hefur gefið út plötuna Random Access Memories. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ferskir og mjúkir vindar úr fortíðinni

Fjórða plata rafpopparanna í Daft Punk, Random Access Memories, er komin út.

Frönsku rafpopppararnir í Daft Punk hafa komið eins og stormsveipur inn í tónlistarheiminn með sinni nýjustu plötu, Random Access Memories, heilum átta árum eftir að síðasta hljóðversplata, Human After All, kom út.

Auglýsingaherferðin til að kynna plötuna virðist hafa gengið fullkomlega upp en fyrst og fremst var það smáskífulagið vinsæla Get Lucky með Pharrell Williams sem setti tóninn.

Þeir Thomas Bangalter og Guy-Manuel de Homem-Christo úr Daft Punk byrjuðu að prufa sig áfram með nýtt efni er þeir voru vinna að tónlistinni við kvikmyndina Tron: Legacy. Þeir voru óánægðir með prufuupptökurnar sem þeir gerðu, þar sem hljóðgervlar voru áberandi, og ákváðu í staðinn að notast við hefðbundin „lifandi“ hljóðfæri. Til þess réðu þeir til sín í fyrsta sinn hljóðversspilara til að vinna með sér, þar á meðal trommara. Einnig vildu þeir takmarka notkun „sampla“ og notuðu þau eingöngu í lokalaginu Contact. Þeir vildu búa til heildstætt verk sem færi með hlustandann í ferðalag og ákváðu að sækja í sarp áttunda og níunda áratugarins hvað varðar hljóm og upptökutækni. Fleiri gestir voru fengnir til að leggja sitt af mörkum, þar á meðal Panda Bear, Julian Casablancas úr The Strokes, Chilly Gonzales, Paul Williams og Nile Rodgers, auk Pharrells Williams.

Útkoman er blanda af eldri tónlist á borð við diskó, progg og fönk í bland við nútímadanstónlist. Síendurteknu taktarnir eru fjarverandi og í staðinn er hljómurinn orðinn meira lifandi og mýkri en áður og ekki eins vélrænn.

Gagnrýnendur hafa tekið Random Access Memories fagnandi og greinilegt að Daft Punk hefur snúið aftur með stæl eftir langa fjarveru. Q gefur henni fullt hús stiga eða fimm stjörnur og NME gefur henni einnig fullt hús, eða 10 af 10 mögulegum. Pitchfork gefur henni 8,8 af 10 og The Guardian, Rolling Stone og The Independent fjórar stjörnur af fimm.

Óvíst er hvort Daft Punk fari í tónleikaferð til að fylgja plötunni eftir. „Af nokkrum ástæðum höfum við ekki áhuga á tónleikaferð akkúrat núna. Við erum nýbúnir að eyða fimm árum í þessa plötu þar sem við reyndum að blása lífi aftur í listina við að hljóðrita,“ sagði umboðsmaður þeirra, Paul Hahn, í viðtali við BBC Radio 1. „Við viljum að þessi plata hafi menningarleg og listræn áhrif.“

freyr@frettabladid.is

## Á milli skáldskapar og veruleika

Um vélmennaútlit Daft Punk segir Thomas Bangalter í viðtali við Rolling Stone: „Við höfum áhuga á línunni á milli skáldskapar og veruleika og að búa til þessar skálduðu persónur sem eru til í raun og veru. Við viljum einnig tengja tónlist Daft Punk við hið sjónræna og glyskennda popp sem Kraftwerk, Ziggy Stardust og Kiss eru þekkt fyrir. Fólk hélt að hjálmarnir væru markaðstæki en okkur fannst þeir frekar vera vísindaskáldskaparglys.“

Guy Manuel de Homem-Christo segir ágætt að vera ekki áberandi sjálfur og því sé gott að vera með hjálmana. „Við erum ekki skemmtikraftar, við erum ekki fyrirsætur. Mannkynið hefði ekki gaman af því að sjá útlínur okkar en fólki finnst vélmennin áhugaverð.“

## 16.5.2013 → 22.5.2013

### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Daft Punk / Pharrell | *Get Lucky* |
| ▶ | 2 | Justin Timberlake | *Mirrors* |
| ▲ | 3 | Pink / Nate Ruess | *Just Give Me a Reason* |
| ▲ | 4 | Robin Thicke | *Blurred Lines* |
| ▼ | 5 | Valdimar | *Beðið eftir skömminni* |
| ▲ | 6 | Eyþór Ingi | *Ég á líf* |
| ▼ | 7 | Retro Stefson | *She Said* |
| * | 8 | Emmelie de Forest | *Only Teardrops* |
| ▲ | 9 | Mammút | *Salt* |
| ▲ | 10 | Imagine Dragons | *Radioactive* |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | *Ýmsir* | *Eurovision Song Contest 2013:* Malmö |
| ▲ | 2 | *Ýmsir* | *Pottþétt 59* |
| ▼ | 3 | *Bubbi Morthens* | *Stormurinn* |
| ▲ | 4 | *Ásgeir Trausti* | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▲ | 5 | *Ýmsir* | *Gleðibankinn: 25 ár í Eurovision* |
| ▶ | 6 | *Of Monsters and Men* | *My Head Is an Animal* |
| ▶ | 7 | *Ýmsir* | *Tíminn flýgur áfram* |
| ▶ | 8 | *Retro Stefson* | *Retro Stefson* |
| ▶ | 9 | *John Grant* | *Pale Green Ghosts* |
| * | 10 | *Ýmsir* | *This Is Icelandic Indie Music* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE

# LAGER-SALA

ALLT Á AÐ SELJAST

SÍÐUSTU EINTÖK

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA

AÐEINS Í 4 DAGA

fimmtudag 23. maí til sunnudags 26. maí 2013.

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ÓTRÚLEGA MIKILL AFSLÁTTUR

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / BILDSHOFDI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.

# Leikur móður ungs fórnarlambs

## Kvikmyndaunnendur spenntir fyrir nýrri mynd Óskarsverðlaunaleikkonunnar Reese Witherspoon.

Óskarsverðlaunaleikkonan Reese Witherspoon leikur Pam Hobbs, móður ungs drengs sem myrtur var árið 1993, í kvikmyndinni Devil‘s Knot. Handrit myndarinnar er byggt á samnefndri bók eftir Mara Leveritt og segir frá umdeildu dómsmáli.

Myndin er í leikstjórn hins margverðlaunaða leikstjóra Atom Egoyan og auk Witherspoon fara Bruce Greenwood, Dane DeHaan, Colin Firth og Stephen Moyer með hlutverk í henni. Kvikmyndin segir sögu þriggja ungmenna er kallaðir voru West Memphis Three í fjölmiðlum og voru ranglega dæmdir fyrir morðin á þremur átta ára drengjum. Stevie Branch, Christopher Byers og Michael Moore voru myrtir árið 1993 og voru táningspiltarnir Damien Echols, Jason Baldwin og Jessie Misskelley Jr. grunaðir um ódæðið. Eftir yfirheyrslu játaði Misskelley Jr. á sig brotið, en sá var þroskaskertur. Piltarnir héldu alla tíð fram sakleysi sínu og voru látnir lausir árið 2010 þegar ný sönnunargögn leiddu í ljós að fátt tengdi þá við morðin. Kvikmyndaunnendur bíða spenntir eftir frumsýningu myndarinnar, en áætlaður frumsýningardagur er 24. október.



**EFTIRVÆNTING** Kvikmyndarinnar Devil‘s Knot með Reese Witherspoon í aðalhlutverki er beðið með mikilli eftirvæntingu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Háskólanemi siglir undir fölsku flaggi

## Zac Efron orðaður við hlutverk í kvikmyndinni Narc.

Leikarinn Zac Efron er sagður koma til greina í aðalhlutverk kvikmyndarinnar Narc. Myndin segir frá efnilegum háskólanema sem gripinn er glóðvolgur við sölu á eiturlyfjum og gengur til liðs við lögregluna til að komast hjá fangelsisvist.

Söguþræði myndarinnar hefur verið líkt við Donnie Brasco frá árinu 1997 sem skartaði Al Pacino og Johnny Depp í aðalhlutverkum. Landi Efron hlutverkinu mun hann leika ungan og efnilegan háskólanemanda sem er gripinn af lögreglu er hann hyggst selja kókaín í háskólapartíi. Framtíð unga mannsins virðist glötuð við handtökuna þar til honum býðst að gerast uppljóstrari lögreglunnar.

Hinn 25 ára gamli Efron hóf feril sinn í unglingamyndum á borð við High School Musical, Hairspray og 17 Again og rómantískum kvikmyndum á borð við Charlie St. Cloud og The Lucky One. Nú virðist hann hins vegar ætla að spreyta sig á öðruvísi persónum og fór meðal annars með hlutverk Jacks Jansen í spennumyndinni The Paperboy.



**NÝ HLUTVERK** Zac Efron reynir fyrir sér í nýjum hlutverkum. NORDICPHOTOS/GETTY


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára




# EFNILEG VÖÐVABÚNT

## Hasarmyndin Fast and Furious 6 var frumsýnd í gær. Kvikmyndin skartar Vin Diesel og Dwayne Johnson í aðalhlutverkum. Vöðvabúntin eru bæði afar hæfileikaríkir menn og vita fáir að Johnson er með BA-gráðu í lífeðlisfræði.

### VIN DIESEL

- Mark Sinclair Vincent fæddist 18. júlí árið 1967 í New York.
- Diesel er sonur Deloru stjörnuspekings, en hefur aldrei hitt blóðföður sinn. Stjúpfaðir Diesels, Irving, er af afrískum uppruna og er leikhússtjóri.
- Diesel á tvíburabróður, Paul, yngri bróður, Tim, og eina systur, Samönthu.
- Diesel lék fyrsta hlutverk sitt aðeins sjö ára gamall í uppfærslu barnaleikritsins Dinosaur Door.
- Hann tók upp nafnið Vin Diesel þegar hann starfaði sem dyravörður á skemmtistaðnum Tunnel í New York. Vin er stytting á eftirnafni hans og Diesel er gælunafn sem vinir leikarans kölluðu hann.
- Fyrsta kvikmyndahlutverk Diesels var lítið aukahlutverk í kvikmyndinni Awakenings frá árinu 1990.
- Leikarinn segist hafa farið í mútur 15 ára gamall og hefur verið einstaklega dimmraddaður allar götur síðan.
- Árið 2001 átti Diesel í stuttu sambandi við mótleikkonu sína í The Fast and the Furious, Michelle Rodriguez.
- Diesel á dótturina Hania Riley, sem er fimm ára gömul, með kærustu sinni, fyrirsætunni Palomu Jimenez.
- Helsta áhugamál Diesels er borðspilið Dungeons & Dragons, sem hann hefur spilað reglulega í yfir 20 ár.



### DWAYNE JOHNSON

- Dwayne Douglas Johnson fæddist 2. maí árið 1972 í Kaliforníu.
- Hann er sonur Ata Johnson, fædd Maivia, og glímumannsins Rocky Johnson. Móðurafi hans, Samóa-höfðinginn Peter Maivia, var einnig glímumaður og var móðuramma hans, Lia Maivia, einn af fáum kvenkyns glímumótshöldurum. Frændur hans, Afa og Sika Anoa‘i, voru einnig glímumenn, sem og frændsystkini hans Manu, Yokozuna, Rikishi, Rosey og Umaga.
- Johnson lék bandarískan ruðning í menntaskóla en sneri sér svo alfarið að glímu. Hann varð fyrsti glímumaðurinn af þriðju kynslóð glímumanna hjá WWF. Hann gekk fyrst undir nafninu Rocky Maivia sem síðar varð einfaldlega The Rock, eða Grjótið.
- Johnson hefur unnið 17 titla í glímuíþróttinni.
- Vinsældir Johnsons innan WWF má meðal annars rekja til mælsku hans og persónutöfra.
- Johnson útskrifaðist með BA-gráðu frá Háskólanum í Miami árið 1995. Þar lagði hann stund á afbrota- og lífeðlisfræði.
- Árið 2000 kom bókin The Rock Says… út. Bókin er sjálfsævisaga Johnsons og sat efst á metsölulista The New York Times vikuna sem hún kom út.
- Fyrsta kvikmyndahlutverk Johnsons var í kvikmyndinni Longshot sem kom út árið 2000.
- Fyrsta alvöruhlutverk hans var þó sem The Scorpion King í kvikmyndinni The Mummy Returns.
- Johnson giftist Dany Garcia þann 3. maí árið 1997, degi eftir að hann hélt upp á 25 ára afmæli sitt. Dóttir þeirra, Simone Alexandra, fæddist í ágúst árið 2001. Hjónin skildu árið 2007 en eru ennþá mjög náin.

## Úr útlegðinni heim

Fast and Furious 6 fjallar líkt og áður um ökuþórana Dominic Toretto og Brian O‘Conner. Þegar hér er komið sögu eru þeir eftirlýstir og í útlegð. Lögreglumaðurinn Luke Hobbs, sem leikinn er af Johnson, er á höttunum eftir öðrum hópi glæpamanna en til þess að hafa hendur í hári þeirra þarf hann aðstoð frá Dom Toretto, sem leikinn er af Vin Diesel.

Í skiptum fyrir aðstoðina býður Hobbs Dom og öðrum meðlimum hópsins náðun sem felur í sér að ökuþórarnir geta snúið aftur til síns heima.



Rotten Tomatoes 76%

IMDb 7,7

metacritic 53%



# Sérstök brúðkaupsgjöf

# KitchenAid

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.




Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir!
Gildir um KitchenAid hrærivélar.






## Brúðarleikur

Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðargjafalista fá nöfnin sín sjáfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.



Nýjar KitchenAid® vörur

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Hollur og svalandi sumardrykkur

Límonaði er dásamlegur drykkur fyrir sumarið.

Límonaði er dásamlegur sumardrykkur, enda frískandi og svalandi. Límonaði, og þá helst heimagert, hefur lengi verið vinsæll svaladrykkur í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi og Írlandi. Limonana, svaladrykkur úr sítrónum og myntu, er jafnframt gríðarlega vinsæll í löndum á borð við Jórdaníu, Líbanon og Sýrland.

Yfirleitt er drykkurinn búinn til úr sítrónum, vatni og sykri og oft liggja fjölskyldur á uppskriftum sínum eins og ormar á gulli. Límonaðið þykir einnig hafa heilsusamleg áhrif vegna sítrónunnar og er talið að dagleg neysla drykkjarins komi í veg fyrir myndun nýrnasteina.



**SVALADRYKKUR** Límonaði borið fram á skemmtilegan máta. NORDICPHOTOS/GETTY

## Klassísk uppskrift

2 bollar sykur
1 bolli heitt vatn
2 bollar nýkreistur sítrónusafi
1 sítróna, skorin
mynta til skreytingar

*Setjið sykur og heitt vatn í stóra könnu og hrærið þar til sykurinn leysist upp. Bætið við sítrónusafanum og fyllið könnuna af köldu vatni. Hrærið vel. Hellið drykknum í glös og skreytið með sítrónusneiðum og myntu.*






**MARKAÐUR Í HAFNARFIRÐI** Alma Geirdal skipuleggur markað í Hafnarfirði helgina 1. til 2. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Krúttlegir Hafnfirðingar taka vel í markað

Alma Geirdal skipuleggur hönnunar- og flóamarkað í Hafnarfirði. Hún segir Hafnfirðinga helst sækja þjónustu innan bæjarmarkanna og taka nýjungum vel.

„Þetta er bæði flóa- og hönnunarmarkaður. Fólk getur annaðhvort selt eitthvað sem það býr til eða hluti sem það vill losa sig við eftir vorhreingerningarnar,“ segir Alma Geirdal um flóamarkað sem haldinn verður í húsnæði við Dalshraun 5 í Hafnarfirði þann 1. júní. Alma skipuleggur markaðinn ásamt Jóni Arnari Guðbrandssyni, veitingamanni á Lemon.

Um tuttugu básar eru til útleigu og hefur meirihluti þeirra þegar verið leigður út fyrir opnunarhelgina. „Hafnfirðingar eru svo mikil krútt og flestir vilja helst ekki sækja þjónustu út fyrir bæinn. Hér verða alltaf mikil fagnaðarlæti þegar bætist við verslunarflóruna í bænum og bæjarbúar hafa því tekið vel í hugmyndina um að hér verði opnaður flóamarkaður,“ segir Alma. „Ég held að það séu bara fjórir básar enn óútleigðir.“

Alma verður sjálf með bás á markaðnum og mun selja fatnað á börn og konur. „Ég er týpískur fatasankari og ætla að nýta tækifærið og létta aðeins á fatastaflanum. Ég veit að nokkrar þekktar skvísur úr Hafnarfirðinum verða með bás umrædda helgi og fólk ætti því að geta gert góð kaup.“

Markaðurinn verður opinn frá klukkan 12 til 18 helgina 1. til 2. júní. Eftir það verður markaðurinn opinn fimmtudag til sunnudags. Hægt er að panta bás með því að senda Ölmu póst á netfangið almageirdal@gmail.com.

sara@frettabladid.is

## Kósí bæjarbragur í Hafnarfirði



Alma er uppalin í Kópavogi en hefur búið í Hafnarfirði frá því hún var sautján ára gömul og segist líta á sig sem Hafnfirðing. „Það er dásamlegt að búa í Hafnarfirði. Það sem gerir bæinn svo sérstakan er bæjarbragurinn sem ríkir hér. Hér er öll þjónusta og maður þarf ekki að sækja margt inn til Reykjavíkur. Svo er Hafnarfjörðurinn bæði barnvænn og kósí.“

# Hrós handa ófrískum konum

„Það er ekki að sjá á þér að þú sért ólétt, ekkert nema kúlan bara.“ Þetta er eitt æðsta hrós sem líkami verðandi móður getur hlotið. Þessu fylgir iðulega smá hringsnúningur svo viðkomandi geti metið bjúg, bólgur, fitukíló á móti meðgöngutengdum kílóum og hvort kúlan sjáist aftan frá. Áður en allt þetta á sér stað er auðvitað búið að lesa í lögun kúlunnar og spá fyrir um kyn og hvort stærð hennar samsvari meðgöngulengd. Þetta er allt hægt að gera án þess að snerta. Það er nefnilega svo í dag að flest fólk veit að bumbu skuli ekki strjúka nema með leyfi, fáðu já virðist hafa borað sig inn í undirmeðvitundina og nú er bara skoðað og strokið með orðum.

Ég veit að þessi pistill mun stuða suma og það verður bara að hafa það. Kannski myndi ég ekki skrifa hann nema af því ég virðist vera í hópi þeirra kvenna sem „er bara kúlan“. Ég er alls ekki að kvarta undan þessu hrósi, en í samfélagi þar sem endalaust er pælt í líkama konunnar þá þykir mér þetta sérlega áhugavert, sérstaklega þar sem athugasemdirnar koma oftast frá öðrum konum. Karlar hafa sagt mér að ég sé alveg að springa, hvort þarna inni leynist nokkuð tvö börn því ég sé svo risastór.



Konur fussa og sveia yfir slíku og biðja mig um að snúa mér annan hring. Hvað vita karlar um óléttan líkama þegar þeirra eigin fitusöfnun svipar skuggalega mikið til fyrrgreinds ferlis án kraftaverksins að geta af sér nýtt líf?

Það fyndna við þetta allt saman er að það svæði sem ég er hvað viðkvæmust fyrir og fæ sjaldan eða aldrei hrós fyrir, er nú í sviðsljósinu og hyllt af ókunnugum. Svo tölum við „bumburnar“ saman og endurtökum kvakið. Hrósum útliti hver annarrar (sem reyndar við stelpur eigum almennt til að gera þegar við hittumst), spyrjum jafnvel út í hversu mörg kíló viðkomandi sé búinn að bæta á sig, hvaða hreyfingu hún sinni og vorkennum aumingja konunum með bjúginn. Greyið Kim …

Skjótt skipast svo veður í lofti því um leið og barninu er skotið út þá eigum við að skreppa saman. Þá segja þær: „það er ekki að sjá á þér að þú hafir eignast barn.“ Það er platínuhrós. Bumban og bjúgurinn horfinn, brjóstin stór og stinn, barnið bundið utan um þig er þú splæsir loksins í mímósu í dögurð með stelpunum. Af hverju er áherslan á líkama konunnar alltaf svona mikil? Við fáum aldrei frí, eða gefum hverri annarri frí, frá ítarlegri úttekt á líkamsvexti. Getum við hætt að tala saman út á við og farið inn á við? Það má alveg spyrja bara út í það hvernig meðgangan gengur eða ef þú vilt hrósa útliti þá er „ofsalega ertu nú falleg“ alveg feikinóg.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



netto
Kræsingar & kostakjör

# BEBIKO BLEIUR 998 KR.

## & BEBIKO BLAUTKLÚTAR FYLGJA FRÍTT MEÐ !




| | |
|---|---|
| Bebiko Bleiur Midi 4-9kg | 50 stk |
| Bebiko Bleiur Maxi 8-19kg | 44 stk |
| Bebiko Bleiur Maxi+ 9-20kg | 38 stk |
| Bebiko Bleiur Junior 11-25kg | 32 stk |

**...& BEBIKO Blautklútar 72 stk**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**GAGNRÝND** Rithöfundurinn Joan Smith segir Kate Middleton litlausa.

# Middleton gagnrýnd

Rithöfundurinn Joan Smith er lítt hrifin af Kate.

Rithöfundurinn og mannréttindafrömuðurinn Joan Smith gagnrýnir Kate Middleton í bók sinni The Public Woman og kallar hana „queen wag“, sem þýða mætti sem puntudúkka á íslensku.

The Public Woman fjallar um andstöðuna sem rithöfundurinn telur að ríki við kynjajafnrétti og í bókinni vandar hún Middleton ekki kveðjurnar. „Frá því að hertogaynjan af Cambridge útskrifaðist úr skóla hefur hún ekki gert annað en að styðja við bakið á kærasta sínum, giftast með pompi og prakt og verða þunguð. Hún hefur aldrei lifað sjálfstæðu lífi eða aflað sér tekna – tengdafaðir hennar borgar meira að segja fyrir fötin sem hún klæðist. Kate Middleton er metnaðarlaus, óumdeilanleg og litlaus og sannkallað „queen wag“ í alla staði,“ skrifar Smith um prinsessuna.

**RYAN GOSLING** Hjartaknúsarinn segir aðeins sautján línur í nýjustu mynd sinni.



# Sautján línur í nýrri mynd

Ryan Gosling er þögull í nýju myndinni.

Hjartaknúsarinn Ryan Gosling segir aðeins sautján línur í nýjustu mynd sinni Only God Forgives. Spennutryllirinn var nýlega frumsýndur á Cannes-hátíðinni og hefur fengið mjög góða dóma.

Mótleikkona Goslings, Kristin Scott Thomas, talar mun meira í myndinni og þykir sýna góðan leik. Gosling var ekki viðstaddur sýninguna í Cannes. „Ég trúi því ekki að ég sé ekki með ykkur á Cannes,“ skrifaði hann í bréfi sem var lesið upp á blaðamannafundi á dögunum en hann var upptekinn við tökur á annarri mynd.






**SCARLETT JOHANSSON** Leikkonan fer með hlutverk í myndinni Her.

# Johansson leikur í Her

**Scarlett Johansson og Chris Pratt hafa bæst við leikaraliðið í kvikmyndinni Her. Kvikmyndaverið Warner Bros tilkynnti um þetta á Twitter-síðu sinni.**

**Joaquin Phoenix og Rooney Mara leika einnig í þessari vísindaskáldsögumynd með rómantísku ívafi sem Spike Jonze leikstýrir. Myndin gerist í framtíðinni og segir frá einmana rithöfundi sem verður ástfanginn af röddinni í nýju stýrikerfi sem hann hefur keypt. Aðrir leikarar í Her eru Samantha Morton og Amy Adams. Hún er væntanleg í bíó vestanhafs í nóvember.**



**BRIAN MAY** Er aðdáandi Tom Jones en fyrirlítur raunveruleikaþáttinn The Voice.

# May þolir ekki The Voice

Queen-gítarleikarinn Brian May opinberaði andstyggð sína á raunveruleikaþættinum The Voice á heimasíðu sinni í vikunni.

Þátturinn, sem nýtur gríðarlegra vinsælda í Bretlandi eins og víða um heim, gengur út á að dómararnir Tom Jones, will.i.am, Jessie J og Danny O'Donoghue keppa sín á milli við að finna bestu söngvarana úr stórum hópi þátttakenda. „Alltaf þegar ég sé unga söngvara rembast við að ná athygli dómara sem snýr baki í þá á dónalegan hátt verður mér illt,“ sagði May og bætti við að hann óskaði þættinum skjóts dauðdaga.



**ÁBYRG** Madonna vill ekki að dóttir sín fari í veislur án fylgdar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ströng móðir

Madonna vill ekki að dóttir sín, hin sextán ára gamla Lourdes Leon, fari á stefnumót án umsjónarmanns. Kærasti Leon er Homeland-leikarinn Timothee Chalame og stunda þau bæði nám við menntaskólann LaGuardia Performing Arts.

Madonna sagði í viðtali við Extra að henni þætti kærasti dóttur sinnar „mjög viðkunnanlegur“. Söngkonan vill þó ekki að dóttirin og kærasti hennar sæki veislur án þess að vera í fylgd með fullorðnum.



**KEITH RICHARDS** Skilaði ekki bókasafnsbókum fyrir fimmtíu árum.

## Keith skuldar bókasafninu

**Keith Richards, gítarleikari Rolling Stones, hefur greint frá því að hann skuldi bókasafnssektir hálfa öld aftur í tímann. Í viðtali við The Sun segist Richards hafa eytt mörgum góðum stundum á bókasafninu í heimabæ sínum, Dartford, þegar hann var barn og þótt sumar bækurnar sem hann fékk lánaðar svo góðar að hann hafi ekki fengið af sér að skila þeim.**

**Samkvæmt The Sun er líklegt að bókasafnsskuld Richards nemi í dag um fjórum milljónum íslenskra króna.**

## Mega ekki tjá sig um Bieber

Þeir sem sækja veislur á heimili ungstirnisins Justins Bieber þurfa að skrifa undir samning þess efnis að tjá sig ekki um það sem þar fer fram. Þeir sem fara ekki eftir reglum Biebers gætu átt á hættu að söngvarinn krefðist fimm milljóna Bandaríkjadollara, um 615 milljóna króna, í skaðabætur.

Slúðursíðan TMZ birti í gær innihald slíks samnings sem henni hefur áskotnast. Þar kemur fram að þeim sem skrifa undir samninginn sé óheimilt að tjá sig á nokkurn hátt um það sem fram fer á heimili stjörnunnar, hvort sem er í einkasamtölum eða á samfélagsmiðlum. Slíkir samningar munu ekki vera óalgengir í Hollywood.



**JUSTIN BIEBER** Vill ekki að gestir tali um veislurnar sínar.

# Smith og Kanye saman í hljóðver

Leikarinn Will Smith og rapparinn Kanye West fóru saman í hljóðver.

Leikarinn Will Smith fór nýlega í hljóðver með rapparanum Kanye West.

„Ég hef verið að leika mér með Kanye. Við fórum tvisvar í hljóðver saman,“ sagði Smith í viðtali við Hip Hollywood. Hann sló fyrst í gegn sem rappari áður en hann sneri sér að leiklistinni með góðum árangri. „Kannski fæ ég bakteríuna. Mig langar ekki að snúa aftur nema ég fái mikinn innblástur en hann hefur ýtt dálítið við mér,“ sagði hann um samstarfið við Kanye West.

Orðrómur hafði verið uppi um að Smith og Kanye hefðu farið saman í hljóðver í Brasilíu og hann átti við rök að styðjast. Ekki er vitað hvað þeir voru nákvæmlega að bralla en samstarfið er engu að síður áhugavert.

Smith hefur ekki gefið út plötu síðan 2005 þegar Lost and Found kom út. Hún komst á topp tíu á bandaríska Billboard-listanum. Vinsælasta plata leikarans er Big Willie Style frá árinu 1997 sem náði nífaldri platínusölu í Bandaríkjunum.



**SAMSTARF** Will Smith og Kanye West fóru saman í hljóðver á dögunum.












# Sparkað í dekk á grilli

**BAKÞANKAR**
Halldórs Halldórssonar



**M**ér skilst að það sé gjörsamlega dottið úr tísku hjá karlmönnum að eiga flotta bíla. Sjálfsímyndarlega séð fá menn ekkert út úr því lengur. Í dag kaupa menn í ímyndarkrísu sér frekar lítið reiðhjól heldur en stóran jeppa. Sem er kannski ágætt. Nú snýst þetta allt um að eiga geggjuð grill. Cadillac skipt út fyrir Weber, Benz fyrir Landsmann. Stór og kraftmikil grill sem urra þegar maður kveikir undir brennurum. Grill sem þjóta í gang og eru klár að taka við maríneruðum lettum allan sólarhringinn.

**MENN** eru hættir að tala um tommufjöldann í dekkjunum. Hvað þeir eru lengi upp í 100, hvort kertin séu sótuð eða lakkið svo bónað að hægt sé að spegla sig í því. Nú tala þeir bara um að nudda lauk upp við teina, að grilla á lágum en ekki háum hita, hvaða marínering trylli lambið og hvert sé hið rétta hlutfall af Mars súkkulaði í hverjum banana.

**MÉR** fannst þessi tíðarandabreyting nokkuð spennandi, þar til ég tók grillið mitt fram í vor. Það kæmist fyrir í einni skjalatösku og kolamagninu gæti maður líklega troðið í vasann. Ég get eiginlega ekki grillað nema þrjár kótelettur í einu og kartöflurnar þarf ég að baka í ofni. Grillið mitt er ígildi þess að eiga hvítan Daihatsu Charade '87 módel, par sem búið er að rífa áklæðið af sætunum og gubba í öskubakkann.

**ÉG** öfundaði mennina með stóru grillin þar til ég áttaði mig á því að við erum allir staddir í sama bátnum – á sömu svölunum, með sjóðandi heit grill og stirð bros. Þegar snjórinn lendir getur maður sett nagladekk undir bílinn. En þegar það kemur haglél í maí – er ekkert hægt að gera.

**P.S.:** í vikunni setti ég upp eldhúsinnréttingu og tók 100 kg í bekkpressu í fyrsta skipti. Á hvaða hita ætlarðu að grilla það, apinn þinn?



**SÆLIR EIGENDUR** Elli og Solla brostu sínu blíðasta á opnuninni.

# Góðir gestir á Gló

Gló opnaði nýjan veitingastað við Laugaveg á þriðjudagskvöld. Margir gestir litu inn og fögnuðu þessari nýjustu viðbót í reykvísku heilsuréttaflóruna.



**ÁNÆGÐAR** Margrét Kristjánsson, Kristina Kristjánsson og Marta Kristjánsson voru ánægðar með nýja veitingastaðinn.



**PJETUR OG GODDUR** Pjetur Stefánsson og Goddur stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



**GÓÐIR GESTIR** Þóra Björk, listamaðurinn Tolli og Alia voru á meðal gesta.



**HEIÐA OG ÞORGILS** Heiða Fannarsdóttir og Þorgils Gunnarsson litu inn.






PIPAR\TBWA • SÍA • 131468

## Fékk risastóra holu í andlitið

**HANDBOLTI** Eitt ljótasta brot sem sést hefur í þýska handboltanum í áraraðir átti sér stað í leik Hamburg og Füchse Berlin á þriðjudag.

Aðeins 37 sekúndum fyrir leikslok gerði Torsten Jansen, leikmaður Hamburg, sér lítið fyrir og skallaði Ivan Nincevic, leikmann Berlin, fast í andlitið. Hamburg var að vinna leikinn örugglega og hegðunin óskiljanleg. Nincevic lá eftir rotaður og fossblæddi úr honum.

Í fyrstu var óttast að hann væri með brotið kinnbein en svo var ekki. Hann fékk þó alvarlegan heilahristing og stóran skurð á andlitið. „Það var risastór hola á andlitinu á honum," sagði Igor Vori, leikmaður Hamburg, eftir leikinn, en Nincevic fékk fimm sentimetra skurð í andlitið.

„Ég er kominn með ör fyrir lífstíð. Petta var hræðilegt fyrir fjölskylduna. Mamma mín fékk taugaáfall og eiginkona mín grét stanslaust," sagði Nincevic, en hann lá lengi hreyfingarlaus á vellinum og tók síðan kippi sem litu illa út. **- hbg**



IVAN NINCEVIC

## Fimleikafólk fer á smáþjóðaleikana

**FIMLEIKAR** Fimleikasamband Íslands hefur valið tíu einstaklinga til að til að taka þátt í Smáþjóðaleikunum sem fara fram í Lúxemborg 26. maí til 2. júní næstkomandi. Fimleikakeppnin er bæði liðakeppni og einstaklingskeppni.

Keppt verður í fimleikum á tveimur dögum. Fyrst er keppt í liðakeppni og fjölþraut og síðar eru úrslit á einstökum áhöldum fara fram.

Í gegnum tíðina hafa fimleikar verið mjög sigursælir á Smáþjóðaleikunum. Í Mónakó 2007 unnust átján verðlaun, þar af sjö gull, og á Kýpur 2009 unnust níu verðlaun, þar af tvö gull, en fimleikar voru ekki með á leikunum 2011.

### Hópurinn

**Dominiqua Alma Belany, Grótta**
**Hildur Ólafsdóttir, Fylkir**
**Jóhanna Rakel Jónasdóttir, Ármann**
**Jón Sigurður Gunnarsson, Ármann**
**Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerpla**
**Ólafur Garðar Gunnarsson, Gerpla**
**Pálmi Rafn Steindórsson, Gerpla**
**Róbert Kristmannsson, Gerpla**
**Thelma Rut Hermannsdóttir, Gerpla**
**Valgarð Reinhardsson , Gerpla**



**THELMA RUT** Er í hópnum sem fer til Lúxemborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## PEPSI DEILDIN 2013

### ÚRSLIT

**Þór/KA - Valur 2-2**
1-0 Embla Grétarsdóttir, sjm (14.), 2-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (29.), 2-1 Kristín Ýr Bjarnadóttir (33.), 2-2 Svava Rós Guðmundsdóttir (76.).

**ÍBV - Þróttur 4-0**
1-0 Bryndís Jóhannesdóttir, víti (34.), 2-0 Vesna Smiljkovic (40.), 3-0 Sigríður Lára Guðnadóttir (84.), 4-0 Bryndís Jóhannesdóttir, víti (88.).

**FH - Afturelding 4-1**
1-0 Ashlee Hincks (22.), 2-0 Teresa Marie Rynier (28.), 3-0 Ashlee Hincks (32.), 3-1 Sigríður Birgisdóttir (72.), 4-1 Guðrún Höskuldsdóttir (91.).

**Breiðablik - Selfoss 4-1**
1-0 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (8.), 2-0 Rakel Hönnudóttir (11.), 2-1 Guðmunda Brynja Óladóttir (32.), 3-1 Björk Gunnarsdóttir (52.), 4-1 Hlín Gunnlaugsdóttir (68.)

**Stjarnan - HK/Víkingur 6-0**
1-0 Danka Podovac (17.), 2-0 Danka Podovac (42.), 3-0 Danka Podovac (46.), 4-0 Megan Manthey (52.), 5-0 Harpa Þorsteinsdóttir (57.), 6-0 Danka Podovac (87.).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 4 | 4 | 0 | 0 | 18-1 | 12 |
| Breiðablik | 4 | 4 | 0 | 0 | 12-4 | 12 |
| ÍBV | 4 | 2 | 1 | 1 | 14-8 | 7 |
| Selfoss | 4 | 2 | 1 | 1 | 5-5 | 7 |
| Valur | 4 | 1 | 2 | 1 | 12-6 | 5 |
| Þór/KA | 4 | 1 | 2 | 1 | 8-6 | 5 |
| Afturelding | 4 | 1 | 1 | 2 | 3-11 | 4 |
| FH | 4 | 1 | 1 | 2 | 6-11 | 4 |
| Þróttur | 4 | 0 | 0 | 4 | 0-11 | 0 |
| HK/Víkingur | 4 | 0 | 0 | 4 | 6-21 | 0 |

## Ekki með á Wembley

**FÓTBOLTI** Mario Götze verður ekki klár í slaginn í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu á laugardaginn vegna meiðsla.

Götze fór meiddur af velli í síðari undanúrslitaleik Dortmund og Real Madrid. Hann reyndi að vera með á æfingu liðsins í gær en án árangurs.

Leikurinn hefði orðið sá síðasti hjá Dortmund áður en hann söðlar um í sumar. Eins og frægt er orðið gengur Götze í raðir Bayern München að leiktíðinni lokinni.

„Ég get ekki lýst því hve mikil vonbrigðin eru að geta ekki hjálpað liði mínu í þessum mikilvæga leik," segir Mario Götze. **- ktd**

# Vítin eru til vandræða

**Vítaskyttur Pepsi-deildarliðanna hafa aðeins skorað úr tveimur af sjö vítaspyrnum sem dæmdar hafa verið í fyrstu fjórum umferðunum í sumar. Þetta er langversta byrjun vítaskyttna síðan deildin varð tólf liða 2008.**

**FÓTBOLTI** Róbert Örn Óskarsson, markvörður FH, var hetja sinna manna þegar hann varði víti Blikans Árna Vilhjálmssonar rétt fyrir leikslok í 1-0 sigri FH á Breiðabliki í Kópavogi. Róbert var einn af þremur markvörðum sem vörðu vítaspyrnu í 4. umferðinni en hinir voru Bjarni Þórður Halldórsson hjá Fylki og David Preece hjá Keflavík.

Nú er svo komið að fjórar síðustu vítaspyrnur hafa ekki skilað marki og vítanýtingin í fyrstu fjórum umferðunum er því aðeins 28,6 prósent.

Það er ekki nóg með að fimm vítaspyrnur hafi mislukkast heldur hafa þessir tveir leikmenn sem hafa náð að skora út víti í sumar, Kristinn Freyr Sigurðsson hjá Val og Jóhann Birnir Guðmundsson hjá Keflavík, báðir klikkað á víti.

Blikar hafa klikkað á báðum sínum vítum og hafa ekki skorað úr vítaspyrnu síðan 22. maí 2011. Finnur Orri Margeirsson klikkaði á eina víti liðsins í fyrra og það má giska á að þjálfarinn Ólafur Kristjánsson skipuleggi vítakeppnir á næstu æfingum. Valur og Keflavík hafa líka fengið tvö víti og Fylkismenn fengu sitt fyrsta víti í síðasta leik.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir vítaspyrnur og nýtingu þeirra frá því að deildin innihélt fyrst tólf lið sumarið 2008. Þar sést að vítaskytturnar hafa farið vel af stað undanfarin ár og sumarið í ár sker sig mikið úr.

Ekki er þó hægt að alhæfa um allar vítaskyttur deildarinnar þrátt fyrir þessa slöku byrjun því aðeins fjögur af tólf liðum Pepsideildarinnar hafa fengið víti. Nú er að sjá hvort hin átta liðin komi nú til bjargar og rífi nýtinguna eitthvað upp í næstu umferðum.

**ooj@frettabladid.is**



**FIMMTÍU PRÓSENTA NÝTING** Valsarinn Kristinn Freyr Sigurðsson hefur tekið tvö af sjö vítum Pepsi-deildarinnar til þessa. Hann skoraði á móti Fylki en skaut í stöngina á móti Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Vítanýting í Pepsi-deildinni í fyrstu fjórum umferðunum









Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,4** til **4,5**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **87** til **104**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



**WENGER** Situr sem fastast hjá Arsenal.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Með 14 ára forskot

**FÓTBOLTI** Það hafa orðið miklar sviptingar á knattspyrnustjóramarkaðnum í ensku úrvalsdeildinni á síðustu dögum og þrír af þeim stjórum sem hafa verið lengst með sín félög leita nú á ný mið en það eru þeir Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, David Moyes, stjóri Everton, og nú síðast Tony Pulis, stjóri Stoke.

Sir Alex Ferguson var búinn að vera með Manchester United frá 1986, David Moyes hafði verið yfirmaður á Goodison Park frá 2002 og Tony Pulis var að klára sitt sjöunda tímabil hjá Stoke.

Þetta þýðir að Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur verið langlengst í sínu starfi af þeim stjórum sem eru enn að stýra liðum í ensku deildinni. - óój

### Starfsaldurinn

- Arsene Wenger, Arsenal 16 ár, 232 dagar
- Alan Pardew, Newcastle United 2 ár, 163 dagar
- Sam Allardyce, West Ham United 1 ár, 354 dagar
- Martin Jol, Fulham 1 ár, 348 dagar
- Brendan Rodgers, Liverpool 0 ár, 354 dagar
- Paul Lambert, Aston Villa 0 ár, 353 dagar
- Chris Hughton, Norwich City 0 ár, 348 dagar
- Steve Clarke, West Bromwich Albion 0 ár, 347 dagar
- Michael Laudrup, Swansea City 0 ár, 340 dagar
- Andre Villas-Boas, Tottenham Hotspur 0 ár, 322 dagar
- Rafael Benitez, Chelsea 0 ár, 181 dagur
- Mauricio Pochettino, Southampton 0 ár, 123 dagar
- Paolo Di Canio, Sunderland 0 ár, 51 dagur

# Ekkert gefins á Korpunni

Guðmundur Ágúst Kristjánsson er í sístækkandi hópi ungra og efnilegra afrekskylfinga sem Ísland hefur eignast. Hann og bestu kylfingar landsins verða í eldlínunni á Eimskipsmótaröðinni í sumar.



**Á HEIMAVELLI** Guðmundur Ágúst þekkir vel til á Korpunni og hlakkar til að takast á við nýju holurnar sem teknar verða í notkun í næsta mánuði.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**GOLF** Á morgun hefst keppni á Eimskipsmótaröðinni í golfi og þar með verður íslenska golfvertíðinni formlega ýtt úr vör. Fyrsta mótið fer fram á Akranesi en mótin verða alls sex í sumar.

„Það er mikil spenna í mönnum eftir langar æfingar í vetur. Nú vilja menn spreyta sig á völlunum,“ sagði landsliðsþjálfarinn Úlfar Jónsson við Fréttablaðið í gær.

„Mér líst mjög vel á þann hóp afrekskylfinga sem við eigum í dag. Breiddin er alltaf að aukast og sífellt fleiri kylfingar að fara í háskóla erlendis, þar sem þeir æfa við bestu aðstæður og keppa allan ársins hring. Það er nauðsynlegt til að komast á næsta stig.“

**Evrópumeistari í liðinu**

Meðal þeirra kylfinga sem eru nú nýkomnir aftur heim eftir háskóladvöl ytra er Guðmundur Ágúst Kristjánsson, sem hefur sett markið hátt þetta sumarið.

„Það er alltaf gaman að koma heim og spila,“ sagði Guðmundur, sem hefur verið í námi í Bandaríkjunum síðan í haust. Hann segist hafa farið vel af stað í haust en gefið síðan eftir á seinni hluta tímabilsins.

„En þetta var dýrmæt reynsla og auðvitað ótrúlega gaman að geta spilað við frábærar aðstæður allan veturinn. Við erum með fámennt en góðmennt lið í háskólanum en Evrópumeistari einstaklinga er í liðinu. Þá gæti æfingaaðstaðan ekki getað verið betri,“ segir hann.

Hann segir að dvölin ytra hafi nú þegar komið sér að góðum notum. „Það er í raun ekki hægt að gera mikið yfir vetrartímann hér á Íslandi og því var alltaf planið hjá mér að komast út strax eftir menntaskóla.

Ég hef náð að bæta stutta spilið sérstaklega enda þarf maður allt öðruvísi og hærri högg þarna úti en hér heima, þar sem maður kemst yfirleitt upp með að halda höggunum lágum.“

Hann segir að markmiðið fyrir golfsumarið hér heima sé einfalt. „Ég ætla að vinna Íslandsmótið. Það er kannski erfitt að vera með markmið fyrir stigalistann þar sem ég næ ekki að keppa nema á þremur til fjórum mótum en langstærsta staka mótið í sumar er Íslandsmótið en þar verða allir þeir sterkustu saman komnir,“ segir Guðmundur en mótið í ár fer fram á Korpúlfsstaðavelli, sem hann telur sem sinn heimavöll.

**Íslandsmótið á mínum heimavelli**

„Hérna hef ég alist upp,“ segir hann en í næsta mánuði verða níu nýjar holur teknar í notkun á vellinum. Það verður spilað á þeim á Íslandsmótinu í sumar. „Þær líta mjög vel út. Það er ekki spurning um að þetta er alvöru golfvöllur þar sem maður fær ekkert gefins.“

Annar GR-ingur, Haraldur Franklín Magnús, er núverandi Íslandsmeistari en hann og Guðmundur eru góðir félagar. Haraldur vann einnig Íslandsmótið í holukeppni og tók því tvo stærstu titlana síðasta sumar.

„Við erum báðir búnir að vera úti í vetur og hann var mjög góður í fyrra. Það er samt ætlunin að velta honum úr sessi,“ segir Guðmundur Ágúst sposkur á svip.

eirikur@frettabladid.is

### Ákvörðunin á að vera umdeild



Úlfar Jónsson, landsliðsþjálfari í golfi, segir að það verði hörð samkeppni um sæti í landsliðum karla og kvenna fyrir verkefni sumarsins. Stærsta verkefni sumarsins verður Evrópumót kvenna í Englandi og undankeppni fyrir Evrópumót karla í Tékklandi.

„Það verður hörð samkeppni um landsliðssæti,“ segir Úlfar en tveir efstu íslensku kylfingarnir á heimslista áhugamanna eiga öruggt sæti í landsliðinu, sem og tveir stigahæstu á mótaröðinni. Þjálfarinn velur svo síðustu tvo kylfingana í hvorum flokki.

„Það sem gildir fyrir kylfingana er að standa sig vel í sínum verkefnum og því meiri samkeppni sem ríkir um sætin, því betra. Auðvitað er ákvörðun þjálfarans svo umdeild en þannig á það að vera,“ segir Úlfar.

### Eimskipsmótaröðin

1. **Egils Gull-mótið**
   Garðavöllur, Akranesi .......24.-26. maí
2. **Securitas-mótið**
   Vestmannaeyjavöllur ...........7.-9. júní
3. **Íslandsmót í holukeppni**
   Hamarsvelli, Borgarfirði ...21.-23. júní
4. **Íslandsmót í höggleik**
   Korpúlfsstaðavöllur .......... 25.-28. júlí
5. **Símamótið**
   Leirdalsvöllur .................. 9.-11. ágúst
6. **Lokamót**
   Urriðavöllur......... 31. ágúst til 1. sept.






**ÍSLAND 2015** Helena Sverrisdóttir körfuboltakona er hér fyrir framan merki Smáþjóðaleikanna 2015.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## 125 fulltrúar Íslands

**ÍÞRÓTTIR** Alls munu 125 íþróttamenn keppa fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum sem hefjast í Lúxemborg í næstu viku. Ísland tekur þátt í öllum ellefu keppnisgreinunum og stefnir að því að vinna flest gull allra níu keppnisþjóðanna.

Þetta eru 15. leikarnir frá upphafi en alls eru þátttökuþjóðirnar níu. Skilyrði er að þær komi frá Evrópulöndum með færri en milljón íbúa.

Keppnin verður svo næst á eftir haldin í Reykjavík, en leikarnir voru síðast haldnir hér á landi árið 1997. Merki leikanna var afhjúpað í gær en hönnuður þess er Logi Jes Kristjánsson, fyrrverandi sundkappi sem hefur keppt á Ólympíu- og Smáþjóðaleikum fyrir Íslands hönd. - esá

# PHILIPS






ambi light

**Philips 47PFL6097T**
- 3D Smart LED TV
- Full HD 1920 x 1080 Pixel PreciseHD
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 600 Hz Perfect Motion Rate
- Easy 3D og 2D-3D conversion
- Smart TV nettenging
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- Stafr. DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- 3x USB, 5x HDMI, VGA, CI rauf
- Skype möguleiki og EasyLink
- App fyrir iPhone/Android síma o.fl.

EASY 3D

Full HD LED | Full HD 1080p | HD Natural Motion | Pixel Precise HD | 600 Hz Perfect Motion Rate | DVB T C TERRESTRIAL/CABLE | SmartTV

**VERÐ**
**249.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI**

**Philips 32HFL7406D**
- Örþunnt LED sjónvarp
- Ambilight baklýsing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heyrnartólstengi ásamt kortarauf.

ambi light | 400 Hz Perfect Motion Rate | Full HD LED

**VERÐ**
**129.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI**

**Philips 42HFL7406D**
- Örþunnt LED sjónvarp
- Ambilight baklýsing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heyrnartólstengi ásamt kortarauf.

ambi light | 400 Hz Perfect Motion Rate | Full HD LED

**VERÐ**
**179.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# DAGSKRÁ

## Popptíví kl. 20.10
### Brickleberry



Nýr þjóðgarðsvörður kemur í hóp frekar misheppnaðra varða í garði sem stendur til að loka innan skamms. Sá nýi setur þó í fimmta gír og reynir að fá hina verðina í lið með sér til að bjarga garðinum.

## Í KVÖLD STÖÐ 2 KL. 22.25
### Vice

Í kvöld hefur fréttaþátturinn Vice göngu sína á Stöð 2. Þátturinn hefur verið sýndur á HBO í Bandaríkjunum undanfarnar vikur og vakið verðskuldaða athygli fyrir nýstárleg vinnubrögð og óvenju afdráttarlausa nálgun við að greina frá heimsfréttum.

Í fyrsta þættinum, sem sýndur er í kvöld, er fjallað um pólitískar aftökur á Filippseyjum og hvernig talibanar beita ýmsum aðferðum við að fá börn til að fremja sjálfsmorðsárásir í Afganistan. Rætt er við krakka sem náðust áður en þeim tókst að fremja slíkar árásir og einnig nokkur fórnarlömb árásanna.



## Rás 1 kl. 19.00
### Óperukvöld útvrpsins

Dagskrárgerðarkonan og rithöfundurinn Una Margrét Jónsdóttir fer með umsjón þáttarins Óperukvöld Útvarpsins. Þar verður spilað frá Wagner afmælistónleikum sem haldnir voru í Royal Festival Hall í London í gær, í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Richards Wagner.








### STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm in the Middle** *(8:22)*
**08.30** **Ellen** *(151:170)*
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** *(87:175)*
**10.15** **Touch** *(11:12)*
**11.00** **Human Target** *(9:12)*
**11.50** **Man vs. Wild** *(4:15)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Who Do You Think You Are?** *(4:7)*
**13.45** **Kickin It Old Skool** Hressileg gamanmynd um ungan mann sem á framtíðina fyrir sér sem breikdansari en dettur á sýningu og fellur í dá.
**15.45** **Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.05** **Histeria!**
**16.25** **Grallararnir**
**16.50** **Bold and the Beautiful**
**17.10** **Nágrannar**
**17.35** **Ellen** *(152:170)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Big Bang Theory** *(9:23)*
**19.40** **New Girl** *(6:25)*
**20.05** **The F Word** *(9:9)*
**20.55** **NCIS** *(23:24)*
**21.40** **Grimm** *(7:22)*
**22.25** **Vice** *(1:10)*
**22.55** **Sons of Anarchy** *(11:13)*
**23.40** **Mr Selfridge** *(10:10)*
**00.25** **Wallander** *(1:3)*
**01.55** **Mad Men** *(6:13)*
**02.40** **Medium** *(11:13)*
**03.20** **Burn Notice** *(8:18)*
**04.05** **The Tattoist**
**05.35** **Fréttir og Ísland í dag**

### BÍÓ

**11.30** **Space Chimps 2: Zartog Strikes Back**
**12.45** **Love Happens**
**14.35** **He's Just Not That Into You**
**16.45** **Space Chimps 2: Zartog Strikes Back**
**18.00** **Love Happens**
**19.50** **He's Just Not That Into You**
**22.00** **The Change-up**
**23.50** **Be Cool**
**01.45** **Extremely Loud & Incredibly Close**
**03.55** **The Change-up**

### GULL

**15.20** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.40** **Histeria!**
**16.05** **Skógardýrið Húgó**
**16.30** **Brunabílarnir**
**16.50** **Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00** **Ofuröndin**
**17.25** **Njósnaraskólinn**
**17.55** **Sorry I've Got No Head**
**18.25** **iCarly** *(13:25)*
**18.50** **Victorious**
**19.10** **Big Time Rush**
**19.35** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**

### SPORT *besta sætið*

**08.00** **Formúla 1, Mónakó 2013: Æfing 1** BEINT
**12.00** **Formúla 1, Mónakó 2013: Æfing 2** BEINT
**17.05** **Pepsi deildin: Breiðablik - FH**
**18.55** **Pepsi mörkin 2013**
**20.10** **NBA: Miami - TBD, leikur # 1**
**22.00** **2013 Augusta Masters samantekt**
**22.45** **Spænsku mörkin**
**23.15** **Þýski handboltinn: Hamburg - Füchse Berlin**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.05** **Sunnudagsmessan**
**18.20** **Chelsea - Tottenham**
**20.00** **Premier League World 2012/13**
**20.30** **Premier League Review Show 2012/13**
**21.25** **Football League Show 2012/13**
**21.55** **Man. Utd - Swansea**
**23.35** **Fulham - Liverpool**

### krakkar

**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **Stelpurnar**
**20.50** **Fóstbræður** *(1:8)*
**21.20** **Curb Your Enthusiasm** *(5:10)*
**21.50** **The Drew Carey Show** *(12:22)*
**22.15** **Strákarnir**
**22.45** **Stelpurnar**
**23.10** **Fóstbræður** *(1:8)*
**23.40** **Curb Your Enthusiasm** *(5:10)*
**00.10** **The Drew Carey Show** *(12:22)*
**00.35** **Tónlistarmyndbönd**

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Siggi Stormur og helgarveður

### Popp Tíví

**17.00** **Simpson-fjölskyldan** *(18:22)*
**17.25** **Íslenski listinn**
**17.50** **Sjáðu**
**18.15** **Pretty Little Liars** *(14:22)*
**19.00** **Friends**
**19.25** **Two and a Half Men** *(17:24)* Alan móðgar Charlie þegar hann skipar annan umsjónarmann Jakes ef eitthvað skyldi koma fyrir hann eða Judith. Charlie er mikið í mun að sanna fyrir Alan að hann sé traustsins verður.
**19.45** **Simpson-fjölskyldan** *(1:25)*
**20.10** **Brickleberry** *(4:10)* Teiknaðir gamanþættir um hóp misheppnaðra þjóðgarðsvarða.
**20.35** **Sons of Tucson** *(8:13)* Gamanþættir um þrjá bræður sem eiga hús í bænum Tucson, Arizona.
**21.00** **FM 95BLÖ**
**21.25** **Glory Daze** *(6:10)* Gamanþættir sem gerast árið 1986 og fjalla um hóp háskólanema sem eru nýgengnir í bræðrareglu en komast að því að lífið á háskólalóðinni er ekki auðvelt og koma sér oftar en ekki í vandræðalegar aðstæður.
**22.05** **Brickleberry** (4:10
**22.25** **Sons of Tucson** *(8:13)*
**22.50** **FM 95BLÖ**
**23.10** **Glory Daze** *(6:10)*
**23.55** **Tónlistarmyndbönd**

### RÚV

**16.25** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Þýsk þáttaröð um ástir og afbrýði eigenda og starfsfólks á Hótel Fürstenhof í Bæjaralandi.
**17.14** **Úmísúmí**
**17.37** **Lóa**
**17.50** **Dýraspítalinn** *(2:10) (Djursjukhuset) (e)*
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Gómsæta Ísland** *(1:6) (Delicious Iceland) (e)*
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Andraland II** *(1:5)* Andri Freyr Viðarsson fer á flandur, skoðar áhugaverða staði og spjallar við skemmtilegt fólk.
**20.45** **Ístölt - Þeir allra sterkustu** Samantekt frá ístöltsmóti þar sem bestu knapar landsins áttust við.
**21.15** **Neyðarvaktin** *(19:24) (Chicago Fire)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Glæpahneigð** *(8:24) (Criminal Minds VII)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05** **Ljósmóðirin** *(Call the Midwife II) (e)*
**00.00** **Kastljós** *(e)*
**00.30** **Fréttir**
**00.40** **Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**07.10** **America's Funniest Home Videos** *(46:48)*
**07.35** **Everybody Loves Raymond** *(4:25)*
**07.55** **Cheers** *(9:22)*
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **Pepsi MAX tónlist**
**13.20** **The Voice** *(8:13)*
**17.00** **7th Heaven** *(20:23)*
**17.45** **Dr. Phil**
**18.25** **Psych** *(2:16)*
**19.10** **America's Funniest Home Videos** *(47:48)*
**19.35** **Everybody Loves Raymond** *(5:25)*
**19.55** **Cheers** *(10:22)*
**20.20** **How to be a Gentleman** *(2:9)*
**20.45** **The Office** *(7:24)*
**21.10** **Royal Pains** *(3:16)*
**22.00** **Vegas** *(18:21)*
**22.50** **Dexter** *(5:12)*
**23.40** **Common Law** *(2:12)*
**00.30** **Excused**
**00.55** **The Firm** *(11:22)*
**01.45** **Royal Pains** *(3:16)*
**02.30** **Vegas** *(18:21)*
**03.20** **Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.50** HP Byron Nelson Championship **2013** *(4:4)* **12.20** Golfing World **13.10** HP Byron Nelson Championship **2013** *(4:4)* **17.40** PGA Tour - Highlights *(20:45)* **18.35** Inside the PGA Tour *(21:47)* **19.00** Crowne Plaza Invitational **2013** *(1:4)* **22.00** The Open Championship Official Film **1986** **22**.55 PGA Tour - Highlights *(19:45)* **23.50** ESPN America

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

heimkaup.is



# ÞÚ ÁTT SKILIÐ HÁGÆÐA KAFFI

Kynningartilboð á illy vörum í Heimkaup

Að búa til espresso er list. Til þess þarf 6,7 grömm af eðalkaffi, nákvæma tímasetningu, rétt hitastig og mátulegan þrýsting. Illy hefur hannað kaffivélar og kaffihylki sem hafa fullkomið vald á þessari list.

Útkoman er ilmandi og bragðmikið kaffi með silkimjúkri áferð í hverjum einasta dropa.

32% afsl.

**29.900**

VERÐ ÁÐUR ~~44.020~~

Illy X 7.1 kaffivél
(fæst hvít og svört)
2 espresso bollar
2 cappuccino bollar

Á meðan birgðir endast.

## Brot af vöruúrvali okkar


...stahnífur

2.990

Alder Atelier kaffibollar

10.590

Noonfactory kökudiskur

4.490

Erik Bagger skál

3.290


Múffur – Í hvert mál

**Við sendum FRÍTT heim til þín! [eða í vinnuna]**

2.990

OXO ferðamál...


...ts design kanna

**Mikið vöruúrval sem fer vaxandi dag frá degi**

99.000

FrancisFrancis X1

1.590

Illy Espresso baunir

12.990

Wilfa vöfflujárn

15.900

Illy mjólkurflóari

4.190

Luminarc eftirré...



## Heimkaup er fyrsta vefverslun sinnar tegundar á Íslandi.

Þar finnur þú frábært vöruúrval úr ótal vöruflokkum á góðu verði og getur sparað þér búðarápið. Þú ræður svo hvort þú sækir vöruna í vöruhús okkar í Turninum í Kópavogi eða lætur senda þér hana. Þú getur einnig komið beint í vöruhúsið, skoðað vörur í sýningarsal, þegið aðstoð frá starfsfólki og verslað á staðnum.

**heimkaup.is**

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

PIPAR\TBWA • SÍA • 131500

## DRYKKURINN



**„Það er náttúrulega íslenska vatnið sem er í uppáhaldi. Ég leyfi mér samt stundum Egils Appelsín, sá drykkur er mjög góður með grillinu á sumrin.“**

Sandra Sigurðardóttir, markvörður meistaraflokks Stjörnunnar í knattspyrnu og íslenska landsliðsins.

# Söngvari Diktu gefur út barnabók

Læknirinn Haukur Heiðar Hauksson hefur þýtt barnabók um mannslíkamann.

„Ég sinni mjög mörgum börnum á heilsugæslunni þar sem ég er að vinna og þau eru oft að spyrja um hitt og þetta,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari í Diktu.

Hann hefur gefið út bókina Viltu vita meira um líkamann? Henni er ætlað að fræða börn um mannslíkamann og er frumraun hans í bókaútgáfu.

„Hún er stíluð inn á krakka sem eru að byrja að lesa og alveg upp í tólf ára og eldri,“ segir Haukur Heiðar. „Þetta er mjög gagnvirk bók með endalausum flipum sem krakkarnir fletta fram og til baka.“

Hann segir að þörf hafi verið á bók sem þessari. „Í starfi mínu sem læknir og sem foreldri hefur mér fundist vanta bók á markaðinn sem útskýrir líkamann fyrir krökkum á skemmtilegan en samt fræðandi máta. Þess vegna fór ég að litast um eftir erlendum bókum og datt niður á þessa bresku bók,“ segir hann.

Söngvarinn sá einnig um grafísku vinnuna í kringum bókina og hafði mjög gaman af öllu ferlinu, sem hefur tekið marga mánuði. Bókina gefur hann út í samstarfi við Rósakot, sem er ný íslensk bókaútgáfa sem sérhæfir sig í barnabókum. **- fb**

➜ Útgáfuteiti verður í Máli og menningu á Laugavegi á laugardaginn kl. 15 og að sjálfsögðu mætir Haukur Heiðar með gítarinn og tekur lagið.



**GEFUR ÚT BARNABÓK** Popparinn Haukur Heiðar Hauksson með syni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








**NÝ BÓK** Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack , lengst til hægri, var fengin til að gera hárbók fyrir danska fyrirtækið HH Simonsen sem er ætluð fyrir Norðurlandamarkað. Hér er hún ásamt sminkunni Fríðu Maríu í myndatökum fyrir nýju bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Undirbýr bók um hár fyrir Norðurlöndin

Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack er þessa dagana að undirbúa nýja hárbók fyrir Norðurlandamarkað. Theodóra Mjöll sló rækilega í gegn með bók sinni Hárið sem kom út fyrir jól í fyrra og gerði það að verkum að ákveðið háræði greip þjóðina.

„Það er mjög gaman að vera að gera nýja bók en þessi hefur verið í undirbúningi síðan í janúar,“ segir hárgreiðslukonan Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack, sem er þessa dagana í myndatökum fyrir nýja bók sem er tileinkuð hári og hárgreiðslum.

Það er danska hárfyrirtækið HH Simonsen sem gefur bókina út en eigendur þess heilluðust af fyrri bók Theodóru, Hárið, sem sló í gegn á Íslandi fyrir jólin. „Þeir sáu bókina mína en þeir voru hér á landi og höfðu samband við mig. Þetta er mjög gott tækifæri fyrir mig og gaman að vera fengin til verksins. Smá meiri pressa að vera að vinna fyrir einhvern annan en sjálfan sig eins og þegar ég gerði Hárið,“ segir Theodóra en bókin er ætluð fyrir Norðurlandamarkað og skartar um tuttugu hárgreiðslum af ýmsum toga.

Þessa dagana er Theodóra í stúdíói ásamt ljósmyndaranum Sögu Sigurðardóttur, sminkunni Fríðu Maríu Harðardóttur og stílistanum Hildi Sumarliðadóttur. „Saga tók allar myndirnar fyrir síðustu bók og hún flaug sérstaklega heim frá London til að gera þetta verkefni með mér. Það skiptir miklu máli að vera með gott teymi á bak við sig. Auk bókarinnar er hér tökulið að taka upp myndbönd sem verða líklega aðgengileg á netinu samhliða útgáfu bókarinnar.“

➜ Bókin Hárið hefur selst í 13 þúsund eintökum frá því að hún kom út í desember í fyrra.

Velgengni bókarinnar Hárið hefur verið mikil en bókin hefur verið á topp 20 á metsölulistum síðan í janúar. Theodóra sér þó ekki fram á aðra bók í bráð því hún er einnig í námi í vöruhönnun hjá Listaháskóla Íslands. Hún er frekar með á bak við eyrað að gefa Hárið út erlendis. „Það er á langtímaplaninu en maður þarf að fara í gegnum mikinn frumskóg til að það geti orðið að veruleika. Það tekur tíma en væri mjög gaman ef af yrði.“ **alfrun@frettabladid.is**






# Lítur á þetta sem flotta veislu

Ferilstónleikar Pálma Gunnarssonar verða í Eldborgarsalnum í Hörpu í september.

Tónlistarmaðurinn Pálmi Gunnarsson heldur ferilstónleika í Eldborgarsal Hörpu 7. september. Þar fer hann yfir söngferil sinn sem telur fleiri áratugi og fjölda smella.

„Það verður gaman að slá í góða veislu og safna saman góðum tónlistarmönnum sem maður fílar og hafa spilað með manni í gegnum tíðina,“ segir Pálmi, sem hefur sungið með Mannakornum, Brunaliðinu og fleiri hljómsveitum.

Sérstakir gestir á tónleikunum verða Maggi Eiríks og Ellen Kristjánsdóttir sem hafa unnið með honum í Mannakornum. „Það kom ekkert annað til greina. Þetta hefur verið samstarfsfólk mitt alveg frá ´74 eða ´75 og það er æðislegt að fá þau til að kíkja á mig.“

Tónlistarstjóri verður Þórir Úlfarsson, auk þess sem tvær dætur Pálma og sonur hans koma fram. Hann er ánægður að njóta liðsinnis barnanna sinna. „Þetta er allt saman þrælmúsíkalskt fólk sem hefur komið nálægt tónlist hvert á sinn hátt.“

Aðspurður segir hann að tími hafi verið kominn á tónleika sem þessa. „Þetta er hellingur af árum og það er fullt af músík sem ég er búinn að koma nálægt. Ég lít á þetta sem flotta veislu sem er verið að bjóða upp á og ég ætla að sjá til þess að hún verði það.“ **-fb**

➜ Pálmi söng Gleðibankann, fyrsta lag Íslands í Eurovision. Hann lék einnig í fyrstu uppfærslu Jesus Christ Superstar á Íslandi hjá Leikfélagi Reykjavíkur.



**PÁLMI GUNNARSSON** Ferilstónleikar Pálma verða í Eldborgarsal Hörpu 7. september.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

## FÓLK Í FRÉTTUM

### Illska í Reykjanesbæ?

„Getur einhver útskýrt fyrir mér illskuna sem virðist blunda í Reykjanesbæ," spurði rapparinn **Emmsjé Gauti** á Facebook-síðu sinni í gær og bætir við að honum þyki sæta furðu hve margar ofbeldisfréttir komi frá bæjarfélaginu. Hann segir í samtali við Fréttablaðið að hann sé orðinn langþreyttur á ofbeldismenningu almennt en hafi orðið þess var hve margir ofbeldisglæpanna virðast eiga sér stað í Reykjanesbæ. „Er ég að fara verða barinn á Keflavík Music Fest fyrir þennan status? Það væri mjög kaldhæðnislegt," segir Gauti en hann mun spila á hátíðinni sem fram fer þann 5.-9. júní næstkomandi. „En eins og ég segi þá er skemmtilegra að fara heim með stelpu en glóðarauga," segir Gauti, sem boðar ást og kærleika.

**- mlþ**



### Sigur Rós á Instagram

Drengirnir í Sigur Rós eru sjóðandi heitir þessa dagana eftir sýningu Íslandsþáttar Simpsons-fjölskyldunnar þar sem teiknimyndum af þeim ***Jónsa,*** Orra og Georg brá fyrir, auk þess sem sveitin samdi tónlist fyrir þáttinn. Nú er einnig komin í loftið sérstök Instagram-síða Sigur Rósar á netinu, þar sem áhugasamir geta fræðst um ævintýri sveitarmeðlima og föruneytis þeirra á hljómleikaferðalagi um heiminn. Bjórdrykkja og karókísöngur koma við sögu á síðunni, en sjón er sögu ríkari.



## Mest lesið vísir

1 Kennsl borin á líkamsleifar
2 Konan kærði nauðgunina í gær
3 Lífshættulegt fyrir börn að sofa uppi í
4 Sigmundur Davíð stoppaður á 106 kílómetra hraða
5 Furðar sig á gamaldags hugmyndum ungra manna





